

„Strákar geta haft svo mikil völd“
Upplifun stúlkna á kynlífsmenningu framhaldsskólanema

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í kynjafræði
Leiðbeinandi: Dr. Þorgerður Einarsdóttir

Stjórn málafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2015

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í kynjafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir 2015
150278-5899

Reykjavík, Ísland 2015

Útdráttur

Tilgangur þessarar ritgerðar er að skoða upplifun stúlkna á þeirri kynlífsmenningu sem ungt fólk á framhaldsskólaaldri býr við í dag. Rýnt er í þá þætti sem stúlkurnar telja helst hafa áhrif á kynlífsmenningu þeirra svo sem vinahópin, samskiptamiðla, klám, útlitsdýrkun og kynlífs- og klámvæðingu. Leitast er eftir því að skoða hvort stelpurnar upplifi þrýsting til að stunda kynlíf eða ákveðnar kynlífsathafnir, hvaðan þrýstingurinn kemur og hver birtingarmynd hans er. Einnig er ljósi varpað á upplifun viðmælenda á kynfræðslu og jafnréttisfræðslu í grunn- og framhaldsskólum. Rannsóknin er eigindleg, tekin voru alls tíu viðtöl við þrettán stúlkur þar af níu einstaklingsviðtöl og eitt rýnihópaviðtal. Ein þátttökuathugun var framkvæmd. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að stúlkur upplifi mikinn þrýsting varðandi útlitið, kynþokkann, kynlíf og ákveðnar kynferðislegar athafnir, bæði frá dægurmenningu samfélagsins, vinahópnum og ekki síst strákum. Niðurstöður benda einnig til þess að kynlífs- og klámvæðing hafi veruleg áhrif á kynlíf og „kynlífshandrit“ ungmenna. Viðmælendur telja sterk tvöföld skilaboð ríkja í samfélaginu varðandi kynhegðun stráka og stelpna og stelpur séu undir mun strangara eftirliti en strákar. Kyn- og jafnréttisfræðslu er verulega ábótavant í íslensku skólakerfi samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar. Viðmælendur óska eftir því að fræðslan verði bætt verulega og að innan hennar verði jákvæðum hliðum kynheilbrigðis gert hærra undir höfði.

Abstract

The aim of this study is to look into the reality of young girls' experience of the sexual culture in the upper secondary school. The most influential factors according to the girls' opinion are looked into such as their peers, the media, pornography, appearance obsession and the sexualization and pornographication. The aim is also to study if the girls feel pressured to have sex or to participate in certain sexual acts, the origin of the pressure and how it manifests itself. The participants' experience of sexual and equality education in the grammar and upper secondary schools was studied. The research is qualitative and consisted of ten interviews with 13 girls, thereof 9 individually and one focus group interview. One observation study was conducted. The conclusion of the study indicates that girls experience great pressure regarding their looks, sexuality, sex and certain sexual activities both from the society's cultural aspects, their peers and especially from boys. The results also indicate that sexualization and pornographication greatly affect sex and „the sexual script“ of youngsters. The interviewees strongly feel that a double standard is the norm in our society regarding sexual behaviour of boys and girls and that the girls suffer much more scrutiny than boys. Sexual- and equality education is badly neglected in the Icelandic school system according to the study's results. The interviewees want a significant increase in this field of education and that the positive side of sexual health will have more weight.

Formáli

Þessi rannsókn er metin til 40 eininga af meistaraþrófi í kynjafræði við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn var dr. Þorgerður Einarsdóttir prófessor í kynjafræði og kann ég henni mínar bestu þakkir fyrir vandaða og persónulega leiðsögn. Hún veitti mér ríflega af tíma sínum og studdi þétt við bak mér í gegnum allt rannsóknarferlið með jákvæðni og hvatningu að leiðarljósi. Samstarf okkar er mér dýrmætt veganesti til framtíðar. Anna Ragnarsdóttir (Úgga) fær einnig mínar allra bestu þakkir fyrir prófarkalestur og gagnlegar ábendingar. Rákel Magnúsdóttir fær þakkir mínar fyrir verulega gott samstarf, stuðning og samfylgd í gegnum námið allt. Þá þakka ég eiginmanni mínum Óla og börnum Sigrúnu, Eyþóri, Önnu og Matthildu kærlega fyrir mikla þolinmæði, tímafórni, stuðning og ást. Að lokum færi ég viðmælendum mínum sérstakar þakkir fyrir að gefa mér af tíma sínum og treysta mér í einlægni fyrir sögum sínum og upplifunum. Án þeirra væri engin ritgerð.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	8
Markmið og rannsóknarspurningar	9
Nýstárleiki rannsókna	10
Útskýring hugtaka	11
Uppbygging ritgerðarinnar	12
2. Fræðilegur bakgrunnur	13
Kynjakerfið	13
Ríkjandi karlmennska	15
Styðjandi kvenleiki	15
Kynlífsmenning	16
Kynlífsheilbrigði unglunga	16
Kynlífshandrit	19
Útlitskröfur	22
Kynlífsvæðing og klámvæðing	26
Kynfræðsla	30
Jafnréttisfræðsla	34
Samantekt	36
Aðferð	37
Undirbúningur	37
Rannsóknaraðferð	37
Þátttakendur, val og aðgengi að þeim	39
Gagnaöflun	41
Úrvinnsla og greining gagna	42
Siðferðileg álitamál	43
Samantekt	43
3. Dægurmenning og kynlífsvæðing	45
Kynlífsvæðing og klámvæðing	45
Líkami og útlit	46
Kynfærarakstur	49
Samantekt	52
4. Kynferðisleg samskipti	53
Kynferðisleg reynsla	53
Kynferðislegur þrýstingur	58
Bólfélagar	60
Klámahorf og kynlíf	63
Kynlíf og samskiptamiðlar	66

Brjóstabyltingin #Free the nipple	70
Samantekt.....	71
5. Kynfræðsla.....	73
Kynfræðslan heima.....	73
Kynfræðslan í skólanum	75
Sigga Dögg.....	78
Kynjafnréttisfræðsla	81
Samantekt.....	82
6. Umræður og lokaorð	84
Orðræða og viðburðir	84
Þrýstingur, kynlífsvæðing og klámvæðing.....	86
Jafnrétti kynjanna	87
Fræðsla.....	88
Lokaorð.....	89
Heimildir	91
Viðauki.....	98
1. Viðtalsvísir	98
2. Samþykkis- og trúnaðarblað.....	102

1. Inngangur

Það er vissulega gott að búa á Íslandi þegar kemur að jafnréttismálum. Í árlegri könnun Alþjóðaefnahagsráðsins kemur fram að af 142 löndum þar sem mismunur kynjanna er skoðaður út frá menntun, heilbrigði, efnahagsmálum og stjórnámum þá trónir Ísland á toppnum, er þar í fyrsta sæti og hefur svo verið undanfarin ár (World economic forum, 2014). Það eru sannarlega niðurstöður sem gleðjast má yfir, en betur má ef duga skal. Í þessari stóru könnun er skoðað hversu mikið bil er á milli kynjanna og eru karlar viðmiðið, þeir teljast 100% í öllum þáttum og svo er skoðað hversu nálægt konurnar komast. Það er aldrei gengið út frá því að konur séu 100% og athugað hversu nálægt karlarnir komast. Á Íslandi eru konur þó með yfir 100 þegar kemur að menntun vegna þess að fleiri konur en karlar ljúka námi hér en það kemur þó ekki til frádráttar. Árið 2014 ná íslenskar konur í heildina 0.859 af 1 sem er gefin tala fyrir karlana og telst það afar gott miðað við hin löndin (World economic forum, 2014).

Það er vert að veita því athygli að áður nefnd könnun skoðar fjórar mikilvægar stoðir samfélagsins og þrátt fyrir að konur séu í sókn þá leynist enn kynjamisrétti víða á Íslandi. Margir telja að nú þegar sé fullt jafnrétti kynjanna að finna á Íslandi og því sé engin ástæða til að hrófla við núverandi kerfi. Það kallast að vera undir áru kynjajafnréttis þegar fólk telur fullu jafnrétti hafa verið náð án þess að sú sé raunin (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012). Ef við sem samfélag viljum í raun fullt jafnrétti kvenna og karla þá þurfum við fyrst að bera kennsl á ójafnréttið og viðurkenna það. Þá getum við farið að vinna í því að jafna hlut þess sem á hallar hverju sinni. Í þessari rannsókn verður sjónum m.a. beint að því hvernig ungar stúlkur upplifa birtingarmyndir kynjajafnréttis í kynlífsmenningu framhaldsskólanema.

Við fæðumst öll sem kynverur og alla ævina erum við að móta kynferðisþroska okkar, í takt við umhverfi okkar og menningu. Unglingsárin eru mikill mótunartími á æviferli okkar og er það tímabil gjarnan kallað kynþroskaskeið. Þá eiga miklar andlegar og líkamlegar breytingar sér stað og forvitni um kynlíf eykst. Það er afar mikilvægt að börn og unglingar fái raunhæf svör við spurningum sínum varðandi kynlíf og fái góðar og vandaðar upplýsingar frá fullorðnum aðila hvort sem það er kennari, foreldri eða skólahjúkrunarfræðingur (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009; Sigríður Dögg Arnardóttir, 2014).

Það er óhætt að segja að tilvera unglunga í dag sé ólík tilveru kynslóðanna á undan, taktur samfélagsins hefur breyst hratt og mikið með tilkomu aukinnar tækni. Skilaboð og ýmiskonar áreiti berast á miklum hraða og af miklum krafti og dynja á unga fólkinu mörgum sinnum á degi hverjum. Dægurmenning, internetið, sjónvarpsþættir, auglýsingar og klám hefur áhrif á skoðanir og viðhorf unglunga og litar upplifun þeirra af kynlífi hvort sem þeir átta sig á því eða ekki (Dines, 2010; Gill, 2008).

Í þessari rannsókn velti ég fyrir mér með hvaða hætti kynlíf birtist innan félagslífs framhaldsskólanema. Ég valdi að skoða hvernig stúlkur á framhaldsskólaaldri upplifa þá kynlífsmenningu og kynlífsorðræðu sem ríkir í félagslífi þeirra. Ég leitaði eftir því hvort þær upplifa einhverskonar þrýsting til að byrja að stunda kynlíf eða taka þátt í ákveðnum kynlífsathöfnum og ef svo er hvaðan sá þrýstingur kemur og hvaða merkingu sú upplifun hefur í huga þeirra.

Nokkrar ástæður eru fyrir því að ég kaus að rannsaka þetta viðfangsefni en segja má að það tengist mér á ýmsa vegu. Ég er kennari og hef undanfarið kennt 15 ára unglingum samfélagsfræði, með sérstaka áherslu á lífsleikni. Í starfi mínu hef ég fengið örlitla innsýn í hugarheim og menningu unglunga og hafa margar sögur frá þeim vakið sérstakan áhuga minn á unglingamenningu. Á vormisseri 2014 vann ég ásamt Rakel Magnúsdóttur úttekt á félagslífi framhaldsskólanema með tilliti til kynjajafnréttis fyrir Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) og Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Við vinnslu þess verkefnis jókst áhugi minn enn fremur á að kafa dýpra og rannsaka betur félagslíf framhaldsskólanema. Í kynjafræðinámi mínu hef ég séð hversu mikið ójafnrétti kynjanna getur leynst í félagslífi okkar og menningu og þótti mér áhugavert að sjá hvernig það birtist á meðal unga fólksins. Þar sem ég hef nýlokið viðbótardiplómu í kynfræði taldi ég afar áhugavert að blanda báðum námsleiðum mínum saman við almennan áhuga minn á menningu unglunga og reyna að varpa ljósi á kynlífsmenningu þeirra út frá sjónarhóli stúlkna.

Markmið og rannsóknarspurningar

Helsta markmið rannsóknar minnar er að leitast við að fá innsýn inn í upplifun ungra stúlkna á þeirri kynferðislegu menningu og þeirri orðræðu sem einkennir kynlíf ungs fólks í dag. Skoðað er hvaða þættir hafa helst áhrif á kynlífsmenninguna og hvernig jafnrétti kynjanna birtist í menningunni. Einnig er markmið rannsóknarinnar að reyna að varpa ljósi á það hvort ungar stúlkur upplifi kynferðislegan þrýsting til að stunda kynlíf eða taka þátt í kynferðislegum athöfnum. Eftirfarandi rannsóknarspurningar voru hafðar að leiðarljósi:

- Hver er upplifun ungra stúlkna á kynlífstengdri orðræðu og atburðum innan félagslífs framhaldsskólanema?
- Upplifa ungar stúlkur þrýsting til að stunda kynlíf og taka þátt í ákveðnum kynlífsathöfnum? Hvaðan kemur sá þrýstingur og hver er birtingarmynd hans?
- Hvernig upplifa ungar stúlkur áhrif kynlífs- og klámvæðingar á kynlífsmenningu framhaldsskólanema?

- Með hvaða hætti upplifa ungar stúlkur kynjajafnrétti í kynlífsmenningu framhaldsskólanema?
- Hvernig upplifa ungar stúlkur þá kynfræðslu og kynjajafnréttisfræðslu sem þær hafa fengið á skólagöngu sinni?

Ég leitaði svara við þessum spurningum með því að taka einstaklingsviðtöl við níu stúlkur og eitt rýnihópaviðtal við fjórar stúlkur. Eina þátttökuathugun gerði ég einnig til að fá dýpri innsýn í þá menningu sem viðmælendur mínir lýsa. Það er von mín að niðurstöður rannsóknarinnar megi nota til að útbúa fræðsluefni fyrir unglinga, foreldra þeirra og starfsfólk bæði grunn- og framhaldsskóla landsins.

Nýstárleiki rannsókna

Það hafa ekki margar rannsóknir verið gerðar á félagslífi framhaldsskólanema á Íslandi. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið veita ekki innsýn eða vitneskju í þá kynferðislegu menningu og kynferðislegu orðræðu sem finna má innan félagslífsins. Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir rituðu í grein sinni í Kynjamyndum í skólastarfi (2005) um stöðu kvenna og karla í framhalds- og háskólum. Þar skoðuðu þær hvernig kynin hafa nálgast félagslíf skólanna á ólíkan hátt. Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2010) hafa rannsakað hvort kerfislæg gagnkynhneigðarhyggja eigi sér stað í framhaldsskólum landsins og hvaða áhrif hún hefur á upplifun hinsegin nemenda. Kolbrún H. Sigurgeirsdóttir og Rakel Magnúsdóttir (2014) gerðu úttekt á félagslífi framhaldsskólanema með tilliti til kynjajafnréttis þar sem skoðað var hvar mestan kynjahalla er að finna í ráðum og nefndum innan félagslífs nemenda.

Þó nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á kynfræðslu í grunnskólum og á heimilum og má þar nefna rannsóknir Sóleyjar S. Bender (1999) og MA ritgerð Sigurlaugar Hauksdóttur (2005). Barnaverndarstofa og Rannsóknir og greining gerðu í sameiningu rannsókn á kynhegðun framhaldsskólanema og kynferðislegri misnotkun á börnum árið 2004. Sú könnun var lögð fyrir alla framhaldsskólanemendur á Íslandi og sýndu niðurstöður þá m.a. að um 38% framhaldsskólanema hafði aldrei stundað kynlíf (Rannsóknir og greining, 2007).

Sérstaða rannsóknar minnar felst í því að hér er kynlífsmenning fólks á framhaldsskólaaldri skoðuð út frá kynjasjónarmiði. Rýnt er í þá þætti sem hafa áhrif á það hvernig ungar stelpur nálgast kynlíf, hvað það er sem mótar kynlífsmenningu þeirra og hvernig hún birtist m.a. í félagslífi þeirra. Rannsóknin setur puttann á púlsinn á því sem á sér stað í kynlífsmenningu framhaldsskólanema í dag. Í miðju rannsóknarferli áttu sér stað atburðir sem vöktu mikla athygli í samfélagi okkar. Annars vegar spratt upp mikil umræða um hefndar- og hrelliklám og einnig braust nánast fyrirvaralaust út brjóstabylting undir heitinu

#Free the nipple í lok mars 2015. Þar sem mikil tengsl má finna á milli kynlífsmenningar unga fólksins og þessarar viðburða verða þeir ávarpaðir stuttlega í ritgerðinni.

Útskýring hugtaka

Þegar kemur að því að fjalla um kynlíf þá koma fram mörg hugtök sem hvert um sig hafa ákveðna merkingu. Í þessari rannsókn er unnið með nokkur mismunandi hugtök og eru þau flest útskýrð um leið og þau koma fyrir í hverjum kafla fyrir sig. Kynverund (e. sexuality) er stórt og vítt hugtak sem nær yfir öll undirhugtök tengd kynlífi. Kynverundarréttindi eru hluti af mannréttindum hvernar manneskju og verður hugtakinu því gerð sérstök skil hér. World Association for Sexual Health (WAS, 2013) skilgreinir kynverund á eftirfarandi hátt:

Kynverund: Er einn lykilþáttur þess að vera manneskja og nær yfir allt lífsskeið viðkomandi. Kynverund nær yfir kyn, kyngervi, kynhlutverk, kynhneigð, erótík, nautn, nánd og frjósemi. Kynverund er upplifuð og tjáð með hugsunum, fantasíum, þrám, skoðunum, hegðun, gildum, framkomu, aðgerðum, hlutverkum og samböndum. Þrátt fyrir að kynverund nái yfir alla þessa þætti þurfa þeir ekki allir alltaf að vera upplifðir eða notaðir til tjáningar. Líffræðilegir þættir, sálfræðilegir, félagslegir, efnahagslegir, stjórnmálalegir, menningarlegir, siðfræðilegir, lögfræðilegir, sögulegir, trúarlegir og andlegir þættir geta allir haft áhrif á kynverund manneskjunnar (World association for sexual health, 2013).¹

Þar sem hugtakið kynverund er svo vítt og mikið þá er það haft í bakgrunni rannsóknarinnar og frekar er vísað í undirflokkana hennar svo sem kynlíf eða kynlífsheilbrigði í ritgerðinni. Bandarísku kynfræðslusamtökin (SIECUS) hafa lagt fram eftirfarandi skilgreiningu á kynlífi og er hún hér þýdd af Sóley S. Bender (2001):

Kynlíf felur í sér þekkingu, viðhorf, gildismat og hegðun einstaklingsins. Það nær til starfsemi kynfæra (svo sem kynsvörunar), sjálfsvitundar (e. identity), kynhneigðar, kynhlutverka og persónuleika, hugsana, tilfinninga og sambanda. Siðferðislegir, trúarlegir og menningarlegir þættir hafa áhrif á það hvernig einstaklingurinn tjáir sig og hegðar sér sem kynvera.

Kynlífsheilbrigði verður nánar útskýrt í fræðilega kafla ritgerðarinnar. Það getur verið flókið að finna hvaða hugtök eiga best við hverju sinni en í niðurstöðuköflum má sjá orð

¹ Sexuality is a central aspect of being human throughout life and encompasses sex, gender identities and roles, sexual orientation, eroticism, pleasure, intimacy and reproduction. Sexuality is experienced and expressed in thoughts, fantasies, desires, beliefs, attitudes, values, behaviours, practices, roles and relationships. While sexuality can include all of these dimensions, not all of them are always experienced or expressed. Sexuality is influenced by the interaction of biological, psychological, social, economic, political, cultural, ethical, legal, historical and religious and spiritual factors.

á borð við kynmök, samfarir, sofa hjá, að taka einhvern og gera það. Í slíkum tilfellum er verið að lýsa kynlífsathöfnum sem fram fara á milli tveggja aðila.

Uppbygging ritgerðarinnar

Ritgerðin skiptist í sjö kafla. Á eftir inngangi kemur fræðilegur kafli þar sem þær kenningar og þau hugtök sem ég styðst við í rannsókninni eru skilgreind. Þar verður einnig rýnt í aðrar rannsóknir bæði innlendar og erlendar sem gerðar hafa verið á þessu sviði og geta haft áhrif á kynlífsmenningu ungs fólks. Í þriðja kafla verður greint frá þeirri aðferðafræði sem notuð var og útskýrt skref fyrir skref hvernig rannsóknin var unnin. Þar á eftir koma þrjú niðurstöðukaflar og voru þeir samsettir úr þeim þeim sem skýrust komu fram við greiningu gagnanna. Fyrsti niðurstöðukaflinn útskýrir áhrifaþætti á kynlífsmenningu framhaldsskólanema, annar fjallar um mikilvægi útlits og líkama og þar er einnig varpað ljósi á kynferðisleg samskipti unglunga. Í síðasta niðurstöðukaflanum verður upplifun viðmælenda á kynfræðslu og kynjafnréttisfræðslu gerð skil. Sjöundi og síðasti kafli ritgerðarinnar inniheldur samantekt og umræður þar sem ég leitast við að svara rannsóknarspurningunum og síðast koma lokaorðin.

Ritgerðin er unnin út frá femínísku sjónarhorni og þar sem íslenska tungumálið er afar karllægt hef ég ákveðið að brjóta gegn málhefðum og tala um *þær* viðmælendur, en ekki *þá*. Það þykir mér réttara þar sem viðmælendur mínir eru allt stúlkur. Ég mun einnig vísa til þeirra sem stelpurnar.

2. Fræðilegur bakgrunnur

Þar sem þessi rannsókn er lokaverkefni í kynjafræði lá beinast við að vinna hana út frá femínísku sjónarhorni. Femínistar horfa á kynferði (e. sexuality) einstaklinga sem félagslega mótað og telja að varla sé hægt að horfa á kynferði án þess að tengja það við völd og valdamisrétti. Með femínískum fræðum er reynt að varpa ljósi á það hversu kynjað samfélag okkar er og benda á hið kerfisbundna misrétti sem konur búa við. Femínistar leitast við að benda á birtingamyndir kynjamisréttis í samfélaginu og gagnrýna þau öfl sem viðhalda valdaójafnvægi kynjanna með það fyrir augum að krefjast breytinga sem fela í sér meira jafnrétti (Rannveig Traustadóttir, 2013; Þorgerður Einarsdóttir, 2004).

Í þessum hluta ritgerðarinnar verður farið yfir þau hugtök og kenningar sem ég hef kosið að styðjast við í þessari rannsókn og tengjast kynlífsmenningu ungs fólks. Hér verða einnig skoðaðar niðurstöður erlendra rannsókna sem fjalla á einn eða annan hátt um kynlíf ungmenna út frá kynjasjónarmiði. Ég mun byrja á því að útskýra kynjakerfið (e. patriarchy) lauslega ásamt tengslum þess við ríkjandi karlmennsku (e. hegemonic masculinity) og styðjandi kvenleika (e. emphasized femininity). Ég mun svo fara yfir það sem ég kys að kalla kynlífsmenningu og skoða hana út frá kynheilbrigði (e. sexual health) unglunga og félagslega mótuðum kynlífshandritum (e. sexual script), kynlífsvæðingu (e. sexualization), klámvæðingu (e. pornographication) og útlitskröfum. Að lokum verður fjallað um kynfræðslu og jafnréttisfræðslu og skoðað hvernig staðið er að slíkri fræðslu í grunn- og framhaldsskólum landsins í dag.

Kynjakerfið

Uppbygging og gangverk samfélagsins byggir á samspili margra þátta. Einn þeirra felur í sér skiptingu fólks í tvo flokka, annarsvegar konuflokk og hinsvegar karlaflokk. Þrátt fyrir að á síðustu árum hafi verið bent á þá heftingu og takmörkun sem slík flokkaskipting felur í sér, þar sem kynin séu í reynd fleiri en bara tvö þá er enn að mestu gengið út frá þessari tvíflokkun (Butler, 2006). Strax frá fæðingu og jafnvel í móðurkviði er einstaklingum komið fyrir í „réttum“ flokki út frá líffræðilegu kyni samkvæmt væntingum samfélagsins. Hvorum flokki fyrir sig fylgja ákveðnir eiginleikar, venjur og skráðar og óskráðar reglur um framkomu og hegðun. Það sem tilheyrir karlahópnum og telst til karlmennsku er flest það sem aðgreinir þá frá kvenleikanum. Í karlmennsku eru því fólgnir eiginleikar eins og agi, líkamlegur styrkur, rökvísi og samkeppni og er hugtakið gjarnan tengt völdum og styrk. Á móti fela hinir kvenlegu eiginleikar í sér valdaleysi og viðkvæmni enda einkennast þeir af þáttum eins og samviskusemi, góðmennsku og tilfinningasemi (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004).

Flokkarnir byggja á því að kvenleikinn og karlmennskan séu ólíkir pólar og það sem aðgreinir þá sé einmitt aflið sem dregur þá að hvor öðrum. Með því að sameina þessa ólíku póla, þar sem hver aðili sinnir sínu ætlaða hlutverki viðhelt gangverk samfélagsins. Þannig er gert ráð fyrir skyldubundinni gagnkynhneigð í samfélaginu og samkynhneigðir falla því neðar í virðinga- og valdastiganum (Connell, 1987).

Sylvia Walby (1997) talar um kynjakerfi þegar hún útskýrir hvernig samfélagið leitast við að flokka einstaklingana niður eftir kyni. Hún bendir okkur á að hér sé um að ræða ævagamalt félagslegt valdakerfi sem ekki aðeins aðgreinir kynin heldur viðheldur órétti og valdamisræmi á milli þeirra. Þannig fylgi þeim eiginleikum sem karlmenskunni eru ætlaðir völd og rými á meðan konurnar fá valdaleysi og undirskipun í vöggugjöf. Walby tekur þó fram að ekki sé sjálfgefið að allir karlar græði á kynjakerfinu völd og rými og að ekki séu allar konur sjálfkrafa undirskipaðar. Kerfið er fljótandi, það er bæði sýnilegt og falið, tekur breytingum eftir stað og stund en teygir anga sína inn á flesta fleti þjóðlífsins. Kerfið má finna bæði á opinbera sviðinu sem og á einkasviðinu og skiptir Walby því niður á sex svið: Vinnumarkað, fjölskyldu, menningu, kynverund, ofbeldi og ríkisvald (Þorgerður Einarsdóttir, 2006).

Kynjakerfið getur tengst á milli sviða eða verið missterkt eftir sviðum, tíma og rúmi. Þrátt fyrir að kerfið sé breytilegt er það þannig úr garði gert að innan þess virðist alltaf vera rými til að viðhalda valdamisræmi kynjanna körlum í hag. Allir geta tekið þátt í að viðhalda kynjakerfinu, jafnvel án þess að gera sér nokkra grein fyrir því (Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2011). Það má segja að kynjakerfið sé falið í menningu okkar og vegna þess að við lifum og hrærumst í hringiðu kerfisins þá er það gjarnan hulið augum okkar. Við teljum valdamisræmið jafnvel vera eðlilegt og gerum því engar athugasemdir við misskiptinguna. Það kallast að vera undir áru kynjajafnréttis þegar fólk telur að jafnrétti sé náð og að allir hafi sömu tækifæri óháð kyni þrátt fyrir að sú sé ekki raunin (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012).

Í grein Þorgerðar Einarsdóttur (2006) um kynjakerfi Sylviu Walby má sjá hvernig hún tengir það við íslenskan veruleika. Í kaflanum um kynverundina bendir hún á að á undanförunum árum hafi margt breyst varðandi kynverund kvenna. Konur eru í dag um margt frjálssari kynferðislega en áður. Með löggjöf um fóstureyðingar, skilnaðarlöggjöf og tilkomu betri og aðgengilegri getnaðarvarna hafi konur öðlast ákvörðunarrétt yfir líkama sínum og barneignum. Með þessum breytingum var einnig viðurkennt að kynlíf væri ekki eingöngu stundað í frjósemistilgangi. Þorgerður bendir þó réttilega á að með auknu kynfrelsi fylgi ákveðnir þættir sem eru konum ekki eins mikið í hag. Þannig hefur klámframleiðsla aukist verulega, konur eru kynferðislega hlutgerðar og krafan á konuna sem kynferðislegt viðfang karla hefur stóruaukist. Síðar í þessum hluta ritgerðarinnar munum við skoða enn betur

hvernig hið undirskipaða hlutverk kvenna viðheldur sér á kynferðislega sviðinu þegar við rýnum betur í kynlífsmenninguna. Fyrst verður litið á hvernig kynjakerfið þjónar hagsmunum ríkjandi karlmennsku og þar á eftir lítum við á hið tengda hugtak, styðjandi kvenleika.

Ríkjandi karlmennska

Með karlmennskuhugtakinu fylgir gjarnan ímynd valda og líkamlegra yfirburða og í samfélagslegri umræðu er hugtakið m.a. notað til þess að aðgreina karla frá konum. Það sem telst vera kvenlegt er álitid andstæða þess sem talið er karlmannlegt (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004). Innan karlmennsku má finna valdakerfi sem mismunar körlum. Tengsl eru á milli valds og eiginleika og teljast þannig ákveðnir eiginleikar eftirsóknarverðari og karlmannlegri en aðrir. Hvaða eiginleikar það eru fer eftir tíðarandanum hverju sinni og getur verið breytilegt eftir stund og stað. Viðkomandi eiginleikar hafa gjarnan verið tengdir líkamlegum styrk, samkeppni, festu og rökvísi og víst er að þeir karlar sem uppfylla kröfurnar eiga greiðari aðgang að völdum. Þeir standa efst í valdastiga samfélagsins, þeir krefjast rými og stöðu og hefur þessi hópur karla verið kenndur við ríkjandi karlmennsku (Connell, 1995).

Kynjakerfið heldur vel utan um hagsmuni hinnar ríkjandi karlmennsku þar sem gangverkið viðhelst með völdum karla og undirskipun kvenna. Það tilheyra sannarlega ekki allir karlar hópi ríkjandi karlmennsku en þrátt fyrir að standa ekki í fremstu víglínu njóta flestir karlar góðs af kerfinu og standa ofar í stiganum en konur og undirskipaðir karlar. Þeir sem taldir eru vera undirskipaðir og því valdalitlir eru karlar sem þykja hvað ólíkastir þeim ríkjandi og þeir karlar sem taldir eru búa yfir kvenlegum eiginleikum eins og samkynhneigðir karlmenn (Gyða M. Pétursdóttir, 2012; Connell, 1995; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004).

Styðjandi kvenleiki

Á svipaðan hátt og með karlmenskuna er hægt að skipta kvenleikanum í mismunandi hópa. Það standa ekki allar konur á sama stað í valdastiga samfélagsins. Ekki er þó hægt að segja að ákveðinn hópur kvenna falli undir ríkjandi kvenleika og í því felist völd og yfirburðir á sama hátt og fylgja ríkjandi karlmennsku. Vissulega er ákveðinn hópur kvenna ríkjandi að einhverju leyti, eins og Mimi Schippers (2007) bendir á þá hafa rannsóknir til dæmis sýnt að hvítar millistéttarkonur hafi ákveðin forréttindi fram yfir konur sem bera annan hörundslit. Konur sem standa öðrum konum ofar ná þó ekki sömu yfirburðum og völdum og karlar í samfélaginu.

Þeir kvenleikar sem helst einkenna konur á Vesturlöndum eru tvennskonar. Þar má fyrst nefna hinn styðjandi kvenleika en segja má að sá kvenleiki eigi í gagnkvæmu sambandi við ríkjandi karlmennsku og sé því mikilvægur hlekkur í því að viðhalda óbreyttu kynjakerfi.

Þessi tegund kvenleika getur falið í sér ákveðin forréttindi en ekki raunveruleg völd. Styðjandi kvenleiki mótmælir ekki valdaójafnvægi kynjanna heldur gætir vel að sínum kvenlegu eiginleikum og styður óbreytt ástand. Þessi hópur kvenna styður meðvitað eða ómeðvitað við yfirráð karlanna og kerfið sem byggir á hlýðni kvenna og þjónustu þar sem þær hlúa vel að og uppfylla þarfir og langanir karlanna fremur en sínar eigin (Gyða M. Pétursdóttir, 2012; Schippers, 2007).

Andstæða hins styðjandi kvenleika er kallaður mengandi kvenleiki en þá er átt við hóp kvenna sem sættir sig ekki við hið ríkjandi valdakerfi. Þær mótmæla valdaójafnvægi kynjanna og krefjast meira réttlætis. Vegna þess að þær vilja breyta kerfinu þá þykja þær gjarnan óþægilegar og nafnið mengandi lýsir því hvernig barátta þeirra mengar hina félagslegu uppbyggingu valdakerfis samfélagsins (Gyða M. Pétursdóttir, 2012; Schippers, 2007).

Kynlífsmenning

Til eru margar skilgreiningar á því hvað telst almennt vera menning og hvað ekki. Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO skilgreinir menningu á þessa leið: „...samsafn þeirra trúarlegu, efnislegu, vitrænu og tilfinningalegu þátta sem einkenna hvert samfélag eða samfélagshóp. Listir og bókmenntir teljast til menningar, en einnig lífsstíll, sambúðarform, mannleg gildi, hefðir og skoðanir.“(UNESCO, 2002).

Innan mannfræðinnar má einnig finna fjölmargar skilgreiningar, margar hverjar eru svipaðar en með örlitlum áherslumun. Margir fræðimenn hafa reynt að fanga allt það sem hið yfirgripsmikla hugtak felur í sér í nokkrum setningum. Clifford Geertz (1973) er einn þeirra, hann skilgreinir menningu á þann hátt að hún feli í sér það hegðunarmynstur, skoðanir, hefðir og hæfileika fólks sem það hefur lært í félagslegum samskiptum innan þess samfélags sem það býr í.

Þar sem hér í okkar heimshluta ríkja ákveðin gildi, hefðir og skoðanir almennt í tengslum við kynverund fólks og undirflokka hennar svo sem kynlífsheilbrigði, kynhneigð og kyngervi verður það dregið saman hér á eftir undir yfirheitinu Kynlífsmenning. Í ritgerðinni er upplifun unglingsstelpna á þeirri kynlífsmenningu sem þær búa við skoðuð og er því sjónum að mestu leyti beint að kynlífsmenningu ungmenna og kynlífsmenningu kvenna.

Kynlífsheilbrigði unglinga

Árið 1975 voru lög sett á Alþingi um ráðgjöf og fræðslu um kynlíf, barneignir, ófrjósemisaðgerðir og fóstureyðingar (Lög um ráðgjöf, 1975). Með tilkomu þeirra laga átti að auðvelda almenningi aðgengi að getnaðarvörnum og jafnvel var samþykkt að niðurgreiða

getnaðarvarnirnar. Nú 40 árum síðar hafa ekki enn verið sett fram ný lög varðandi þennan málaflokk og enn hefur niðurgreiðslu getnaðarvarna ekki verið framfylgt. Lögin voru þó stórt framfaraskref í kynheilbrigðismálum þar sem með þeim var viðurkennt opinberlega að kynlíf er ekki eitthvað sem fólk stundar aðeins í frjósemistilgangi. Með samþykkt laganna gátu konur nú stjórnað sjálfar barneignum sínum og lifað frjálsara kynlífi en áður. Auk þess var ákveðnum höftum aflétt varðandi fræðslu um kynheilbrigðismál, en mikil þöggun hafði verið viðloðandi málefnið í íslensku samfélagi fram að þessum tíma (Sóley Bender, 2006a)

Á síðustu áratugum tuttugustu aldar jókst almenn umfjöllun um frjósemis- og kynheilbrigði á alþjóðlegum vettvangi. Talað er um að ákveðin kynlífsbylting hafi farið af stað með auknu frelsi kvenna yfir líkama sínum á árunum frá 1960-1980 (Schwartz, P., 2007). Kynlífi án frjósemi var gefið meira vægi og viðurkennt var að kynlíf væri mun meira en bara kynmök. Kynheilbrigði og frjósemisheilbrigði var sett saman og notar Sóley Bender (2006a) orðið kynlífsheilbrigði til að lýsa þessari nýju sýn. Hún skilgreinir það á þennan hátt: „...*samspil líkamlegra, andlegra, félagslegra og tilfinningalegra þátta sem stuðla að vellíðan fólks bæði varðandi kynlíf og frjósemi. [...] Kynlífsheilbrigði lýtur að heilbrigðu kynlífi fólks og einkennandi þáttum þess. Það varðar tilfinningar, langanir og þörf mannsins fyrir ástríki.*“

Ýmis alþjóðleg samtök settu einnig fram skilgreiningar og samþykktir sem unnar voru út frá rannsóknum og ráðstefnum varðandi kynverund og kynlífsheilbrigði. World association for sexual health (WAS) eru ein stærstu alþjóðlegu samtökin sem berjast fyrir bættri kynheilsu og kynverundarréttindum fyrir fólk um allan heim. WAS var stofnað árið 1978 og er borið uppi af gríðarlegum fjölda sérfræðinga á sviði kynverundarmála sem koma víðs vegar að úr heiminum. Samtökin hafa reglulega sett fram skilgreiningar á kynverund og kynheilbrigði þar sem þær eru endurskoðaðar og endurbættar eftir þörfum. Hér má sjá skilgreiningu sem WAS samþykkti og lagði fram árið 2013:

Kynheilbrigði: Nær yfir líkamlega, tilfinningalega, andlega og félagslega velferð í tengslum við kynverund; það snýst ekki eingöngu um það að vera laus við kynsjúkdóma, kynlífsvandamál eða heilsubrest. Kynheilbrigði krefst jákvæðs hugarfars og virðingar gagnvart kynverund og kynferðislegum samböndum, ásamt þeim möguleikum að geta átt ánægjuleg og örugg kynferðisleg samskipti, án þvingana, misréttis og ofbeldis. Til þess að ná fram og ná að viðhalda kynheilbrigði verður að virða, vernda og uppfylla kynheilbrigði alls mannfólks (World Association for Sexual Health, 2013).²

² Sexual health is a state of physical, emotional, mental and social well-being related to sexuality; it is not merely the absence of disease, dysfunction or infirmity. Sexual health requires a positive and respectful approach to sexuality and sexual relationships, as well as the possibility of having pleasurable and safe sexual experiences, free of coercion, discrimination and violence. For sexual health to be attained and maintained, the sexual rights of all persons must be respected, protected and fulfilled

Mismunandi áherslur hafa þó verið lagðar fram á milli landa þar sem trú og menning hefur áhrif á viðhorf og skoðanir á hverjum stað fyrir sig. Þrátt fyrir að kynheilbrigði sé enn í dag skilið og metið á ólíkan hátt víða um heim og jafnvel á ólíkan hátt eftir aldri og aðstæðum hverju sinni þá er nokkuð víst að umræðan um kynverund og kynheilbrigði verður smám saman almennt opnari og opinskárrí.

Eins konar kynheilbrigðislíkön hafa verið sett fram reglulega sem hjálpargögn til fræðslumála sem og verkfæri fyrir rannsakendur kynheilbrigðismála. Með þeim er gjarnan hægt að fá fram heildarmynd af stöðunni út frá niðurstöðum fyrri rannsókna og greina hvar vandamálin liggja ef einhver eru. Oftast hafa þessi líkön verið sett fram með fullorðið fólk í huga en samkvæmt Tolman, Striepe og Harmon (2003) var árið 1995 sett fram kynheilbrigðislíkan sem varðaði kynheilbrigði unglunga. Líkanið var samþykkt af yfir 50 löndum og í skilgreiningu þess fólst m.a. að kynheilbrigði unglunga feli í sér getu til að byggja upp og viðhalda innihaldsríku sambandi við aðra manneskju, að koma fram við fólk af báðum kynjum af virðingu og kurteisi, að kunna að meta líkama sinn og sjálfsmynd ásamt því að hafa frelsi til að tjá hrifningu, ást og nánd á sínum eigin forsendum en án þess að aðrir líði fyrir það.

Tolman og samstarfskonur hennar (2003) telja að þrátt fyrir að kynheilbrigði unglunga sé skilgreint á ágætan hátt í áðurnefndu líkani þá vanti alveg kynjasjónarmið inn í skilgreininguna. Þær telja að mismunur kynjanna á kynferðislegum grundvelli sé undir áhrifum feðraveldisins (e. patriarchy) og skyldubundinni gagnkynhneigðarhyggju. Að átta sig á kyngervi sínu og kynhneigð er ferli sem hefst á barnsaldri og nær hámarki á unglingsárunum. Þær benda á að ýmsar femínískar rannsóknir hafi sýnt fram á að kröfur kynhlutverkanna geta haft neikvæð áhrif á unglingsstelpur þar sem þær eiga til að setja þarfir annarra ofar sínum eigin til að forðast átök. Þær segja að femínískar rannsóknir hafi einnig sýnt fram á að gagnkynhneigðarhyggja tengd kynheilbrigði byggi á því að þörfum og löngunum stráka sé mætt og þeim fullnægt á kostnað þarfa og langana stelpnanna.

Niðurstöðurnar sem þær tala hér um lýsa vel hinum styðjandi kvenleika þar sem stelpurnar setja hag strákanna ofar sínum eigin. Vegna skorts á kynjasjónarmiðum í áðurnefndu kynheilbrigðislíkani ákváðu Tolman og félagar að smíða kynheilbrigðislíkan sérsniðið að unglingsstelpum svo betur væri hægt að koma auga á þá þætti sem sérstaklega þyrfti að styðja hjá stúlkum. Niðurstaða rannsóknarvinnu þeirra leiddi í ljós að stelpur hafa ósköp þunna línu til að ganga eftir, þær eiga að sýna kynþokka sinn en mega ekki sýna of mikið því þá eru þær komnar yfir línuna og eiga á hættu að verða stimplaðar druslur. Samfélagið setur þeim þröngar skorður (Tolman, o.fl., 2003).

Leitenberg, Detzer og Srebnik (1993) hafa rannsakað kynjamismun í tengslum við sjálfsfróun og rýndu í tengslin á milli sjálfsfróunar og kynhegðunar unglunga. Þau komust að

Því að margfalt fleiri strákar stunda sjálfsfróun, þeir byrja fyrr og fróa sér þrisvar sinnum oft en stelpur. Sjálfsfróun er einn af þeim þáttum sem geta haft áhrif á það hversu jafnt kynin standa þegar kemur að fyrstu samförum. Leitenberg og félagar bentu því á mikilvægi þess að stelpur væru hvattar til þess í kynfræðslu að kynnast líkama sínum sjálfar. Þannig væru strákarnir ekki í yfirburðastöðu gagnvart stelpunum heldur gætu kynin mæst á jafnréttisgrundvelli þar sem báðir aðilar leituðu kynferðislegrar ánægju. Upplifun stelpna getur aldrei staðið jafnfætis upplifun stráka þegar kemur að fyrstu kynmökum, þegar strákar hafa margoft fengið fullnægingu í gegnum sjálfsfróun en stelpur hafa jafnvel aldrei snert kynfæri sín.

Stelpur þurfa að hafa töluvert fyrir því að brjóta niður hina félagslegu múra sem mæta þeim varðandi kynheilbrigði sitt. Þær þurfa að fá aðstoð frá samfélaginu við að brjóta þessa múra. Tolman og félagar (2003) benda á mikilvægi þess að stelpur fái tækifæri til að kynnast sínum eigin löngunum og þrá og að þær öðlist færni í að þróa samband við aðra manneskju á sínum eigin forsendum. Stelpur eigi að geta kynnst líkama sínum án þess að fá samviskubit og þær eigi að fá frjálsræði til að þróa og efla kynveruna í sjálfri sér.

Í kjölfar kynheilbrigðislíkans fyrir unglingsstúlkur gerðu Tolman og félagar (2003) sambærilegt líkan fyrir unglingsstráka. Þær komust að því að strákar búa einnig við ýmsar félagslegar hömlur sem samfélagið hefur búið til. Gerðar eru kröfur á strákana að þeir efli karlmennsku sína og eltist við kynlíf án tilfinninga. Þeir eru gjarnan settir fram sem kynferðislegir árásarmenn sem láti eingöngu stjórnast af losta og óbeislandi þrá. Þeir eigi að gera tilkall til kynlífs og eltast óhræddir við langanir sínar. Vinahópurinn hefur mikil áhrif og til að sanna karlmennsku sína gagnvart hópnum líti strákar á stelpur sem kynferðisleg viðföng. Þegar kynheilbrigðislíkönin tvö voru borin saman kom í ljós að á margan hátt eru þau ólík þar sem gerðar eru mismunandi væntingar til kynjanna en á margan hátt fléttast þau saman þar sem bæði kynin eru að reyna að uppfylla hinar karllægu væntingar samfélagsins.

Kynlífshandrit

Ken Plummer prófessor í félagsfræði við háskólann í Essex hefur skrifað mikið um kynheilbrigðismál. Í grein sinni *The social reality of sexual rights* (2012) talar hann um kynlífshandrit (e. sexual script) sem segja til um hvernig kynlíf fólks fer fram og með hverjum og bendir hann á að John Gagnon og William Simon hafi fyrstir sett fram hugmyndina um slík handrit árið 1973. Gagnon starfaði hjá Kinsey stofnuninni í Bandaríkjunum þar sem almennt var gengið út frá því að kynhvöt og kynhegðun manna stjórnaðist að mestu leyti út frá líkamlegum hvötum. Gagnon var ósammála þessari hugmynd því hann taldi að allt í tengslum við kynlíf væri undir miklum félagslegum áhrifum. Hann réð Simon til sín og í sameiningu skoðuðu þeir sérstaklega hversu félagsleg athöfn kynlíf er. Þeir félagar yfirgáfu

Kinsey stofnunina og settu fram þessa nýstárlegu kenningu. Þeir fullyrtu að kynverund fólks væri að verulegu leyti stjórnað af samfélaginu og gildum þess. Þeir sögðu einnig að kynlífsmenningin á hverjum stað og hverjum tíma fyrir sig móti nokkurs konar kynlífshandrit sem þegnarnir fara eftir. Þeir töldu þrjá meginþætti bera handritið uppi, í fyrsta lagi formgerð samfélagsins sem viðkomandi býr í og félagsleg staða (e. cultural scenarios), í öðru lagi sú hegðun og framkoma sem ætlast er til af viðkomandi í samræmi við hefðir og gildi samfélagsins (e. interpersonal script) og í þriðja lagi hið persónulega handrit (e. intrapsychic script) sem geymir langanir, hvatir og þrjár hvers einstaklings sem mótast hefur af þeim veruleika sem hann hefur alist upp í.

Gagnon og Simon töldu að þar sem samfélagið gerir ekki sömu kröfur til allra, til dæmis gilda önnur viðmið fyrir konur og karla og eins samkynhneigða og gagnkynhneigða þá væru í raun ótal afbrigði af kynlífshandritum til. Hvert handrit fyrir sig inniheldur skýr viðmið þar sem fram kemur hver gegnir hvaða hlutverki og á móti hverjum hver og einn leikur, hver má gera hvað og hvernig (Plummer, 2012; Escoffier, 2007).

Kynlífshandrit birtast í félagslegum samskiptum fólks. Þau eru ekki sýnileg eða skrifuð heldur eru þau óskrifað regluverk sem fólk fer eftir án þess endilega að gera sér grein fyrir því að það fylgi reglum ákveðins handrits. Þar sem handritið mótast í samskiptum fólks innan ramma samfélagslegra viðmiða má velja því upp hvað það er sem hefur mest áhrif á handritagerðina. Hvaða þættir stjórna því að stelpur og strákar fá svo ólík hlutverk í handritunum? Eru bæði kynin að fara eftir handritum sem veita þeim ánægju og gleði eða eru stelpur að fara eftir kynlífshandritum sem þeim mislíkar við og þjóna ekki hagsmunum þeirra?

Eitt útbreiddasta handritið, hið hefðbundna gagnkynhneigða kynlífshandrit byggir á því að strákar séu virkir gerendur sem eiga að sækjast eftir kynlífi en stelpur eiga annaðhvort að samþykkja að taka þátt eða leita leiða til að komast undan því. Bæði kynin virðast þekkja vel sitt hlutverk í handritinu, þannig eru þau óhrædd við að segja og sýna beint út hvað þau vilja eða vilja ekki eftir því hvað handritið segir. Að sama skapi gefa þau fremur óljóst og óbeint til kynna hvað þau vilja ef það stangast á við handritið. Sem dæmi um það er ef stelpa óskar eftir kynlífi og hefur frumkvæði að því þá gefur hún það til kynna á settlegan hátt með hegðun sinni eða augnarráði en ef hún er að samþykkja eða neita kynlífi sem strákur hefur óskað eftir þá getur hún gefið afdráttarlaust svar. Ef stelpa gefur of skýrt til kynna að hana langi að stunda kynlíf á hún á hættu að vera álitin ókvenleg. (LaPlante, McCormick og Brannigan, 1980/2010).

Eins og sjá má í niðurstöðukafla þessarar ritgerðar stangast þetta á við íslenskan veruleika. Vissulega er valdið í höndum strákanna og frumkvæði að kynlífi er oftast í þeirra höndum ásamt því að stelpur eiga á hættu að vera stimplaðar druslur ef þær gefa of skýrt til kynna að þær búi yfir kynlöngun. Niðurstöður mínar eru á skjön við hið hefðbundna handrit

að því leyttinu til að þær sýna fram á að stelpur telja sig ekki alltaf geta neitað strákum afdráttarlaust um kynlíf. Þvert á móti láta stelpur gjarnan undan þrýstingi og taka þátt í kynlífsathöfnum án síns vilja til þess eins að uppfylla þarfir strákanna. Hér blandast hið gagnkynhneigða kynlífshandrit og styðjandi kvenleiki saman. Þetta verður nánar útskýrt í niðurstöðum.

Margir ungir karlar eiga erfitt með að viðurkenna að þeir séu í ráðandi hlutverki í gagnkynhneigðarkynlífi. Ef þeir staldra við uppgötva þeir þó jafnan fljótt að strákahópurinn fylgist grannt með og gætir að því að réttum hlutverkum sé sinnt, að strákar sýni karlmennsku sína og stelpur kvenleika. Það sama gildir um stelpuhópinn, hann fylgist vel með og hópurinn í heild styður við hefðbundna gagnkynhneigðarhyggju þar sem strákarnir hafa völdin og stelpurnar valdaleysið (Myers og Raymond, 2010; Holland, Ramazanoglu, Sharpe og Thomson, 1998). Hin kvenlega undirgefni verður til í hinu gagnkynhneigða sambandi og á yfirráðasvæði karlmenskunnar. Hið kynferðislega orðspor skiptir bæði kynin miklu máli, en á mismunandi hátt. Strákarnir þurfa ekki að hafa áhyggjur af slæmu orðspori þar sem það þykir karlmannlegt að hafa mikla reynslu á kynlífsviðinu. Á vissan hátt er það samþykkt að kynlíf sé leikur og keppni fyrir stráka en stelpur séu kynferðisleg viðföng fyrir þá til að eltast við (Aapola, Gonick og Harris, 2004).

Í bók Holland og féлага *The male in the head* (1998) sem byggir á niðurstöðum úr rannsóknum þeirra á kynverund unglunga kom fram að í tengslum við kynlíf óttast stelpur gjarnan mun meira að fá á sig druslustimpil heldur en að fá kynsjúkdóm. Þetta viðhorf stelpnanna er ef til vill ekkert skrýtið því í rannsóknum Holland og féлага komu í ljós afar áberandi tvöföld skilaboð til kynjanna varðandi kynhegðun. Strákar hafa leyfi til að prófa sig áfram, eiga marga bólfélaga og þykja svalir fyrir það. Stelpur hafa ekki þetta sama leyfi og fá afar fljótt á sig druslustimpil ef þær halda sér ekki innan hins kvenlega ramma. Það sem athygli vekur er að bæði kynin styðja fast við þessa hefð og eru jafnhörð á stimpluninni. Bæði strákar og stelpur upplifa því eins konar karlarödd í höfðinu, finna að hið karllæga augnaráð fylgir þeim eftir. Stelpur líta því út og haga sér í samræmi við það sem karlmannsaugað óskar eftir og strákar gera það sama. Stelpur eru þannig til sýningar í þeim tilgangi að gleðja karlmannsaugað, þær ráða ekki sjálfar merkingu sinni. Strákarnir sjá um að glápa og festa því merkingu á kvenlíkamann. Þeir sanna svo karlmennsku sína með því að uppfylla kröfur hópsins og sanna gagnkynhneigð sína. Margt bendir til þess að hvorki stelpur né strákar séu með kvenlega rödd í höfðinu, hið kvenlega augnarráð virðist ekki skipti máli (Holland o.fl., 1998; Mulvey 1975/2003).

Camoletto (2014) talar um að á undanförunum áratugum hafi mikil breyting átt sér stað varðandi kynferðismál ungs fólks. Hún segir orðræðu samfélagsins verða sífellt fordómalausari. Hún bendir á að þrátt fyrir að hið hefðbundna gagnkynhneigða kynlífshandrit

sé enn viðurkenndasta og útbreiddasta handritið séu aðrar tegundir handrita einnig að ryðja sér til rúms. Hún telur að ungt fólk á Vesturlöndum sé í dag stöðugt að brjóta upp, endurskapa og endurskilgreina kynlífshlutverkin og að fjölbreytnin sé sífellt að verða meiri. Camoletto telur að því meira sem konur og stelpur fari að sækja fram og þori að sýna að þær séu kynferðislega virkar mæti þær körlunum og strákunum á miðri leið. Það leiðir til þess að samskiptin munu byggjast á jafnari leik og stuðli að því að bæði kynin upplifi meiri kynferðislega ánægju.

Það er vert að velta því fyrir sér hvort orðræða samfélagsins um kynlíf sé í raun fordómalausari eins og Camoletto heldur fram eða hvort hún er sett fram í glanspappír í dag og undir honum sé enn falinn stífur rammi samfélagslegra gilda.

Útlitskröfur

Mama said, „You’re a pretty girl.

What’s in your head, it doesn’t matter.

Brush your hair, fix your teeth.

What you wear is all that matters.“

Hér má sjá fyrsta vers í laginu *Pretty hurts* sem hin heimsfræga söngkona Beyonce gaf út árið 2014. Lagið fjallar um þá ofurháherslu sem hin vestrænu samfélög leggja á útlit kvenlíkamans. Lagið náði töluverðum vinsældum en ástæðan fyrir því að ég vel að hefja þennan kafla á textabroti úr laginu er sú að textinn lýsir vel því áreiti sem dynur á ungum stelpum á Vesturlöndum í dag. Strax frá unga aldri sendir samfélagið stelpum þau skilaboð að gildi þeirra sé falið í fegurð og kynþokka. Hér áður fyrr var gildi kvenna fyrst og fremst talið vera fólgið í húsmóðurhæfileikum þeirra. Þar var hin fullkomna kona ávallt vel til höfð, börnin voru hrein og strokin, heimilið var glansandi fínt og alltaf heitur matur á borðum. Karlinn var fyrirvinnan og konan sá um heimilið. Hann var húsbóndinn og hún sem hin styðjandi eiginkona stóð þétt við hlið hans (Dines, 2010).

Dines (2010) bendir á að með auknu frelsi kvenna frá heimilinu hafi í staðinn komið fram aukin krafa á fallegan líkama, fegurð og kynþokka. Hin fullkomna kona í dag sé því vel vaxin, falleg, kynþokkafull, ung og grönn og í mörgum tilfellum með líkama sem hefur verið mótaður til á skurðstofu. Hún heldur því fram að samfélagið sé gegnsýrt af útlitsdýrkun og ungar stelpur upplifi mikinn þrýsting til að ná fram hinu fullkomna útliti. Þannig sé þeim talin trú um að þær öðlist ákveðin völd nái þær hinu ákjósanlegasta útliti. Hún segir að konur beiti ýmiskonar ögunarðaferðum til að temja líkamann, þær eiga þannig í stöðugu stríði við sinn

eigin líkama en staðreyndin sé sú að þær geti aldrei unnið bardagann. Það fullkomna útlit sem þær eltast við sé í rauninni ekki til.

Sandra Lee Bartky (1998) líkir ögun kvenlíkamans við hugmyndir Foucoult um agastjórnum. Hann talaði um Panopticon sem er hönnun Jeremy Bentham's að fangelsi sem er byggt upp sem hringur og inni í honum miðjum er varðturn. Fangaklefarir snúa allir að varðturninum en fangarnir sjá ekki inn í hann og vita því ekki hvort eða hvenær verðirnir eru að fylgjast með þeim. Smám saman fara fangarnir því að gera sjálfkrafa ráð fyrir því að það sé alltaf einhver að fylgjast með þeim og fara að hegða sér í samræmi við það. Þannig verða þeir í raun hver sinn eiginn fangavörður. Bartky heldur því fram að konur séu í dag farnar að beita sjálfar sig þessu ögunartæki. Þær gera meðvitað eða ómeðvitað alltaf ráð fyrir því að einhver sé að fylgjast með þeim og verða því sjálfar fangavörður líkama síns. Það skiptir þá í raun ekki máli hvort einhver sé að mæla þær út eða ekki, þær telja líkamann aldrei nógu góðan, það er alltaf eitthvað sem þarf að bæta eða breyta.

Enn á ný kemur gagnkynhneigðarhyggjan fram þar sem konur keppast um að temja líkamann og öðlast bæði fegurð og kynþokka til þess að fanga athygli karlanna. Konur sækjast einnig eftir athygli og virðingu annarra kvenna með útliti sínu en aðalmarkmiðið er að fanga hið karllæga augnaráð. Fjölmíðlar skipa stórt hlutverk í því að senda konum skilaboð um hvernig líkami þeirra má vera og hvernig hann má ekki vera. Húðin þarf að vera slétt og lýtalaus, líkaminn stinnur, brjóst, rass og læri vel mótuð, hárið fallett, förðunin í lagi og fötin samkvæmt nýjustu tísku. Einnig er falið í skilaboðunum hverjar bestu leiðirnar eru til að laða karlmanninn að sér og hvernig er best að uppfylla þarfir hans og langanir í kynlífinu. Konur eyða miklum tíma og peningum í vörur, tæki og tól til þess að ná líkamlegum markmiðum sínum og því eru margir sem græða verulega á því að konur telji sig aldrei vera nógu góðar. Þær eru mikilvægir neytendur fyrir fjöldamörg fyrirtæki (Dines, 2010; Gill, 2008; Mulvey, 1975/2003; Bartky, 1998).

Á hverju ári fer stór hópur kvenna í einhverskonar fegrunaraðgerð hjá lýtalækni. Slíkar aðgerðir eru ýmiskonar og geta verið allt frá augnpokaaðgerðum til skapabarmaaðgerða. Eins og nafnið ber með sér er tilgangur slíkra aðgerða að öðlast betra útlit. Viðkomandi er með því að gangast undir skurðarhnífinn að leitast eftir meiri fegurð eða til að öðlast ákveðið útlit sem samfélagið hefur samþykkt sem eftirsóknarvert. Á Vesturlöndum verða slíkar aðgerðir sífellt algengari og fjöldi aðgerða margfaldast á hverju ári. Konur eru í afgerandi meirihluta þeirra sem undirgangast slíkar aðgerðir eða um 90% og þær konur sem óska eftir slíkum aðgerðum verða sífellt yngri. Sem dæmi má nefna að um fjórtán þúsund fegrunaraðgerðir voru framkvæmdar á einstaklingum undir átján ára aldri árið 1996 í Bandaríkjunum en þær voru tæplega þrjúhundruð og fimmtíu þúsund árið 2005. Það er því óhætt að segja að þróunin sé hröð (Zuckerman og Abraham, 2008).

Ekki er haldið sérstaklega utan um tölfraði februnaraðgerða á Íslandi og því ekki hægt að fullyrða um fjölda þeirra eða aukningu á milli ára. Það er þó hægt að geta sér til um að algengi og aukning februnaraðgerða á milli ára á Íslandi sé þó nokkur. Á heimasíðunni www.lytalaeknir.is kemur fram að af þeim februnaraðgerðum sem Ólafur Einarsson framkvæmdi árið 2004 þá voru brjóstastækkunaraðgerðir næst algengastar á eftir augnpokaaðgerðum. Nýrri tölur eru því miður ekki aðgengilegar á heimasíðunni. Sigríður Þorgeirsdóttir (2005) heldur því fram að samfélagsleg ábyrgð sé mikil varðandi aukningu á brjóstastækkunaraðgerðum. Hún segir að ákjósanleg brjóstastærð kvenna sé metin út frá tískustraumum samfélagsins hverju sinni og að á undanförunum áratugum hafi sífellt stærri brjóst orðið vinsælli. Því sé æ algengara að ungar konur sem hafa lítil eða miðlungsstór brjóst miðað við líkamsvöxt láti stækka brjóstin verulega. Hún telur þær konur ekki þjást af vanmáttarkennd vegna lítilla brjósta heldur leitist þær fyrst og fremst eftir því að fá stór brjóst sem veiti þeim ákveðið samfélagslegt gildi. Sigríður telur fjölmiðla bera stóra ábyrgð á aukningu aðgerða og bendir á að klámiðnaðurinn leggi fram ákveðin viðmið líka. Klámiðnaðurinn verður sífellt stærri og mikill meirihluti leikkvenna í klámmyndum hafa stóra púða í brjóstunum.

Áhugavert er að lesa bækling sem Landlæknisembættið gaf út árið 2002 um brjóstastækkunaraðgerðir. Í bæklingnum eru ekki birtar neinar tölur um fjölda aðgerða en þar má aftur á móti sjá viðurkenningu á ábyrgðarhluta samfélagsins þegar kemur að februnaraðgerðum svo sem brjóstastækkun.

Stærð og lögun brjósta hefur um langan aldur tengst ímynd fagurskapaðrar konu. Konur hafa því sóst eftir hinum fullkomnu brjóstum til þess að uppfylla kröfur ímyndarinnar og liggja jafnvel undir þrýstingi samfélagsins í því efni. Það er hins vegar bundið tísku hvers tíma hversu stór brjóst konur vilja hafa. Áherslan á staðlað útlit brjósta og fráhrvarf frá fjölbreytni er því í raun samfélagslegt mál og kemur heilsufari sjaldnast við. Ekki má heldur gleyma að tískan er breytileg en brjóstastækkun er óafturkræf.

Eins og textinn hér að ofan ber með sér þá finna konur fyrir samfélagslegum þrýstingi til að ná fram hinum fullkomna líkama. Konum er talin trú um að gildi þeirra og sjálfsmat aukist með betra útliti og því er vert að staldra aðeins við og velja því fyrir sér hver raunveruleg ástæða sé fyrir því að konur og ungar stúlkur leggist undir skurðarhnífinn í februnartilgangi. Er það frjálst val þeirra eða samfélagslegur þrýstingur?

Það hefur ótvírætt mikil áhrif á ungar konur að samfélagið skuli meta útlit svo mikils. Því fylgir aukin hætta á því að konur sjálfar fari að meta gildi sitt út frá líkamsímynd sinni og kynpokka. Líkamsímynd nær yfir meira en bara útlit líkamans, hún segir til um hvernig einstaklingur upplifir líkama sinn og hvernig hann metur kynferðislegt aðdráttarafl sitt. Það er

margt sem getur haft áhrif á það hvaða tilfinningar hver einstaklingur hefur til síns eigin líkama. Það getur jafnvel verið mismunandi á milli daga hversu jákvæðir eða neikvæðir einstaklingar eru í garð líkama sinna og utanaðkomandi áhrif geta skipt miklu máli (Ackard, Kearney-Cooke og Peterson, 1999).

Samkvæmt rannsókn Ackard o.fl. (1999) á tengslum líkamsímyndar og kynferðislegrar ánægju ungra kvenna, töldu langflestar af konunum sem tóku þátt í rannsókninni eða tæplega 95% mjög mikilvægt fyrir konur að búa yfir líkamlegu aðdráttarafli. Þá lýstu tæplega 90% þeirra því yfir að þær væru frekar meðvitaðar eða mjög meðvitaðar um útlit sitt og aðdráttarafli dags daglega. Þessar niðurstöður eru lýsandi fyrir það að hversu miklu leyti útlitsdýrkun samfélagsins stjórnar hugsunum kvenna og tilfinningum í garð eigin líkama. Niðurstöðurnar kallast einnig vel á við kenningar Bartky um það að konur séu fangaverðir líkama síns og séu alltaf meðvitaðar um útlitið.

Afleiðingar útlitspressunnar sem konur og ungar stelpur búa við eru margvíslegar, sem dæmi má nefna að á undanförunum árum hefur átröskunarsjúkdómum fjölgað gríðarlega. Susan Bordo (1992) bendir á hina augljósu staðreynd að konur búa við aðrar líkamlegar kröfur en karlar og kemur það berlega í ljós þegar tölfræðin sýnir okkur að um 90 prósent átröskunarsjúklinga eru konur. Hún segir að þrátt fyrir að átröskun sé flókið fyrirbæri sé ekki hægt að horfa framhjá þeim áhrifum sem örmjóar fyrirsætur og leikkonur hafa á ungar stelpur. Yamamiya o.fl. (2005) sýndu fram á með rannsókn sinni á áhrifum fjölmiðla að mjög stór hluti ungra kvenna þurfa ekki að horfa á hinn hefðbundna auglýsingalíkama (grannan, stinnan og fallegan) lengur en í fimm mínútur til að upplifa neikvæðar tilfinningar í garð eigin líkama. Að horfa á líkama sem ekki var áberandi grannur eða líkama sem var í smávægilegri eða mikilli yfirvigt hafði ekki neikvæð áhrif á upplifun kvennanna á sínum eigin líkama. Það er hinn ofurgranni og stinni líkami sem hefur verið samþykktur af samfélaginu sem hinn fullkomni líkami og með því að bera sig saman við hann upplifðu konurnar mjög fljótt vanþóknun á sínum eigin líkama.

Það er ekki hægt að ljúka kafla um útlitskröfur kvenna án þess að minnst stuttlega á hárið. Í gegnum söguna má segja að hár á höfði kvenna hafi verið afar táknrænt á margan hátt og fengið stóran sess í mörgum sögum. Hér skoðum við ekki hugmyndir um fegurð og áhrifamátt hársins heldur verður athyglinni beint að óæskilegum hárvexti á líkama kvenna. Vestrænar konur í dag fá sterk skilaboð frá samfélaginu um það að hárvöxtur, fyrir utan hár á höfði, sé ekki kvenlegur. Hárvöxtur á líkama og í andliti er tengdur karlmennsku, ásamt styrk og þori. Eins og ítrekað hefur komið fram þá er virkni talin vera fólgin í karlmenskunni og er hún m.a. tengd kynferðislegum löngunum og tilburðum. Kvenleikinn er allt það sem karlmennskan er ekki, konur eiga að vera óvirkar kynferðislega, þær eru þiggjendur en ekki gerendur. Með hárleysi undirstrika þær kvenleika sinn. Á vissan hátt kennir samfélagið okkur

einnig að hár séu óhrein, að snyrta ekki líkamshár bendi til þess að konur séu óhreinar, latar, femínistar eða jafnvel lesbíur. Samkynhneigðar konur eru ekki undir sömu pressu að fjarlægja líkamshár til að laða til sín karla en margar hverjar gera það samt til að koma til móts við kröfur samfélagsins. Fjölmíðlar eru duglegir við að skapa samfélaginu norm og eru margar auglýsingar á vörum og verkfærum sem tengjast háreyðingu til þess fallnar að láta konum finnast líkami sinn skelfilegur fjarlægji þær ekki hárin. Hárleysið er tengt náttúrunni, að kvenlíkaminn eigi að vera sléttur og felldur eins og blóm og þannig sé konan mjúk og hrein. Konan er þó ekki af náttúrunnar hendi hárlaus og „hrein“, hún þarf að hafa mikið fyrir því að sinna og viðhalda hárleysinu og þar með kvenleika sínum (Dines, 2010; Toerien og Wilkinson, 2003).

Dines (2010) ítrekar að það sé mikil vinna fyrir konur að halda líkamanum stöðugt hárlausum. Hún talar um að ungar konur í dag trúi því að það sé þeirra frjálsa val að raka eða vaxa af sér óæskileg hár og þá sérstaklega skapahárin. Sú hefð að fjarlægja stóran hluta eða öll hár af kynfærasvæðinu hefur náð mikilli útbreiðslu og öðlast fastan sess hjá ungum konum í dag. Dines bendir á að í gegnum fyrirlestra sína sem hún hefur haldið víða sjái hún sterk merki þess að ungar konur telji þetta algerlega sitt frjálsa val. En þegar hún spyr þær nánar út í þessa athöfn og merkingu hennar kemur gjarnan fram að stúlkurnar eru undir töluverðri pressu bæði frá strákum, samfélaginu og öðrum stúlkum að fjarlægja hárin. Hún segir fjölmiðla senda stúlkunum stöðug skilaboð um að hárin séu merki um óhreinindi og það sé náttúrulegt og hreinlegt, eins og konum sæmi að vera hárlausar. Valið sé því hreint ekki eins og frjálst og ungu konurnar vilja halda. Dines heldur því fram að þessi mikla áhersla á hárlaus kynfæri kvenna sé bein afleiðing klámvæðingarinnar. Nánar verður rýnt í klámvæðinguna og kynlífsvæðinguna og áhrif þeirra hér í næsta kafla.

Kynlífsvæðing og klámvæðing

Að ganga inn í leikfangabúð og sjá dúkkur sem klæddar eru í knallstutt pils, há leðurstígvél og stuttan topp sem rétt hylur brjóstin. Að sjá þvengnærbuxur og brjóstahaldara til sölu fyrir stelpur á yngsta stigi grunnskóla í nærfatadeildinni. Að sjá boli fyrir stelpur á leikskólaaldri með kynferðislegri áletrun á. Að sjá nærföt ætluð unglíngum og fullorðnum konum með teiknimyndum á. Að sjá litlar stelpur í kynferðislegum stellingum og fullorðnar konur með tíkarspena í ljósmyndabætti tímarita. Allt þetta eru dæmi um birtingarmyndir kynlífsvæðingarinnar.

Hugtakið kynlífsvæðing nær bæði yfir einstaklinga og samfélög. Bandaríska sálfræðifélagið (e. The American Psychological Association APA) hefur sett fram skýrslu sem

fjallar um áhrif kynlífsvæðingarinnar á stelpur og konur. Katrín Anna Guðmundsdóttir (2010) hefur þýtt skilgreiningu samtakanna á kynlífsvæðingu einstaklinga á eftirfarandi hátt:

- Virði manneskjunnar er einvörðungu metið út frá kynferðislegu aðráttarafli (e. sexual appeal) eða kynhegðun, þannig að aðrir persónueiginleikar eru útilokaðir.
- Manneskja er metin út frá þröngt skilgreindum staðli sem metur kynþokka eingöngu út frá því að vera líkamlega aðlaðandi.
- Manneskja er kynferðislega hlutgerð – smættuð niður í hlut fyrir aðra að nota á kynferðislegan hátt, í stað þess að litið sé á hana sem sem manneskju sem er fær um sjálfstæðar aðgerðir og ákvarðanir.
- Kynverund (e. sexuality) er þröngvað upp á manneskju á óviðeigandi hátt (*Report of the APA Task Force on the Sexualization of Girls, 2007*)

APA samtökin telja að áhrif kynlífsvæðingarinnar hafi einnig mikil samfélagsleg áhrif en þau hafa þó ekki sett fram sérstaka skilgreiningu á kynlífsvæðingu menningarinnar (e.sexualization of culture). Feona Attwood (2006) segir að erfitt sé að setja fram einfalda skilgreiningu á því flókna ferli sem kynlífsvæðing menningar felur í sér en hún leggur þó fram eftirfarandi skilgreiningu:

Kynlífsvæðingin felur í sér að við erum verulega upptekin af kynferðislegum gildum, athöfnum og sjálfsmyndum í nútímanum; viðhorf okkar til kynlífs verða sífellt opnari; við sjáum meiri útbreiðslu af kynferðislegum texta; kynferðisleg reynsla verður fjölbreyttari; reglur, flokkar og reglugerðir sem eiga að halda hinu grófa og klámfengna í skefjum eru brotnar; hrifning okkar á hneykslum, missætti og skelfingu í tengslum við kynlíf (Attwood, 2006).³

Mikilvægt er að gera greinarmun á milli kynlífs og kynlífsvæðingar. Þannig benda APA samtökin á að eðlilegt sé í tengslum við kynlíf að einstaklingur upplifi forvitni og kynferðislega löngun. Eins að viðkomandi öðlist færni til að tengjast annarri manneskju, upplifi nánd og kynferðislega ánægju en með samþykki beggja aðila og gagnkvæmri virðingu. Kynverund manneskju felur í sér mikilvæga þætti sem varða bæði líkamlega og andlega heilsu viðkomandi. Kynlífsvæðingin getur aftur haft margvísleg neikvæð áhrif eins og þau að stelpur

³ a contemporary preoccupation with sexual values, practices and identities; the public shift to more permissive sexual attitudes; the proliferation of sexual texts; the emergence of new forms of sexual experience; the apparent breakdown of rules, categories and regulations designed to keep the obscene at bay; our fondness for scandals, controversies and panics around sex.

fara að meta sjálfar sig út frá líkamlegu aðdráttarafli sínu og eiga á hættu að stofna sambönd sem ekki eru byggð á sameiginlegri virðingu. Viðhorf samfélagsins breytast og kynferðislega óviðeigandi efni eins og það sem tengist litlum stelpum hættir að vekja athygli og verður normaliserað. Ungdómurinn er gerður kynþokkafullur þannig að litlar stúlkur eru settar fram á kynferðislegan hátt og fullorðnar konur þykja kynþokkafyllri eftir því sem þær líta út fyrir að vera yngri. Mörkin á milli barna og fullorðinna verða þannig óljós. Samtökin telja að vægari áhrif kynlífsvæðingarinnar birtist m.a. í því að ung börn séu sett fram sem kynverur og kynferðislegu efni þröngvað uppá þau en alvarlegri áhrif séu t.d. kynferðislegt ofbeldi, vændi og mansal (*Report of the APA Task Force on the Sexualization of Girls, 2007*).

Kynlífsvæðingin ber vissulega ákveðnar hættur með sér en hún hefur ekki eingöngu neikvæðar hliðar. Jákvæðar hliðar hennar birtast m.a. í opnari umræðu um kynlíf og frjálssara viðhorfi gagnvart fleiri kynhneigðum en gagnkynhneigð. Það virðist þó vera stutt á milli jákvæðra og neikvæðra þátta sem tengjast kynlífsvæðingunni ef ekki er varlega farið.

Á síðustu árum hefur almenningur getað nýtt sér hin fjölmörgu tækifæri sem leynast í nýrri tækni til að stunda nýja tegund af kynlífi. Símakynlíf, tölvukynlíf og erótísk smáskilaboð eru dæmi um nýjar aðferðir. Kynlíf sem stundað er á þennan hátt fer fram án líkamlegrar snertingar við annan aðila en þó virkar það á þann hátt að viðkomandi manneskjur geta tekið þátt í því á sama tíma og notið þess í sameiningu þó himinn og haf aðskilji þau (Attwood, 2006).

Það má segja að tæknin bjóði fram ný og jákvæð tækifæri sem tengja má kynlífi og nýttist líklega sérstaklega vel þeim sem hafa ekki tök á að hittast. Aftur á móti ber sífellt meira á því að þessi tækni sé misnotuð. Eins og fram kemur í niðurstöðukafla þessarar ritgerðar þá er sú hættu alltaf fyrir hendi að einstaklingar brjóti þann trúnað sem þeim er sýndur þegar þeir fá senda ljósmynd eða myndbrot sem inniheldur nekt. Efnið er þá sent áfram á fleiri aðila eða sett á internetið í óþökk þess sem á myndinni er. Í fjölmiðlum undanfarið hefur borið á umfjöllun um þessa hættu undir formerkjum hefndarkláms. Þórdís Elva Þorvaldsdóttir (2015) lýsir hefndarklámi á þennan hátt:

Fyrirbærið hefndarklám dregur nafn sitt af hefndarþorsta sem vakir fyrir þeim sem dreifa nektarmyndum, oft í kjölfar erfiðra sambandslita, af fyrrverandi maka eða elskhuga. Þá fylgir fullt nafn þolandans oft með til að hámarka skaðann, enda munu myndirnar þá vera samofnar nafni viðkomandi á netinu um ókomna tíð. Ef þolandinn er yngri en 18 er málið ennþá alvarlegra því þá varðar það jafnframt við lög um barnaklám.

Í lok árs 2014 var lagt fram frumvarp til Alþingis varðandi breytingu á hegningarlögum nr.19/1940 (bann við hefndarklámi). Með frumvarpinu er lagt til að sá sem gerist sekur um að

dreifa áður nefndu efni skuli sæta allt að 1 árs fangelsi en 2 árum ef brotið er stórfellt (Þingskjal 668, 2014-2015). Kvenréttindafélag Íslands (2015) fagnar frumvarpinu en mælir þó frekar með hugtakinu hrelliklám heldur en hefndarklám. Félagið bendir á að þó vissulega sé myndum oft dreift í hefndarskyni þá megi ekki gleyma því að myndum er gjarnan líka dreift af aðilum sem eiga engra harma að hefna og jafnvel tengjast þeirri manneskju sem á myndinni er ekki neitt. Í ályktun félagsins kemur eftirfarandi fram:

Í hugtakinu „hrelliklám“ er áherslan ekki aðeins á myndefnið heldur einnig á það að birting myndefnisins felur í sér ofsóknir og aðför að frelsi einstaklingsins, sem og á þá staðreynd að með þessum myndbirtingum fylgja oft beinar ofsóknir í símtölum, tölvupóstum, skilaboðum á netinu, o.s.frv. Hugtakið „hrelliklám“ fellur vel að íslenskri orðanotkun, en hugtakið „eltihrellir“ hefur öðlast fastan sess í tungumálinu sem þýðing á enska orðinu „stalker“, einstaklingur sem eltir annan mann, ofsækir og ógnar (Kvenréttindafélag Íslands, 2015).

Þó nokkrir einstaklingar sem lent hafa í hefndar- eða hrelliklámi hafa stigið fram og sagt sögu sína í fjölmiðlum sem í mörgum tilfellum hefur haft alvarlegar afleiðingar fyrir viðkomandi (sjá t.d. Ásta Sigrún Magnúsdóttir, 2015; Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, 2015). Frumvarpið hefur enn ekki verið samþykkt en með því að leggja það fram sýna ákveðnir alþingismenn í verki að hér sé kominn fram vandi sem mikilvægt er að horfast í augu við. Með tilkomu hefndar- og hrellikláms má segja að þar með hafi hinn jákvæði þáttur tæknikynlífs fallið í skuggann af hinum neikvæða og alvarlegar afleiðingar fyrir viðkomandi einstakling komið í staðinn.

Hugtak náskýlt kynlífsvæðingu er klámvæðing. Meagan Tyler (2011) segir að klámvæðingarhugtakið hafi fyrst komið fram í rannsókn Brian McNair árið 1996 og talar hún um að síðan þá hafi komið fram ýmsar skilgreiningar á hugtakinu. Hún bendir á að erfitt geti reynst að setja fram skilgreiningu sem inniheldur allt það sem fellur undir klámvæðinguna þar sem áhrif hennar megi finna svo víða. Sørensen (2003) hefur sett fram nokkuð góða lýsingu á klámvæðingu sem: *„menningarferli þegar klám smeygir sér inn í okkar daglega líf sem samþykkt og jafnvel dáð menningarlegt fyrirbæri.“* Sørensen bendir á að með klámvæðingunni hafi klám og tilvísanir í klám orðið aðgengilegri, eftirspurn og framboð hafi aukist og ákveðnir þættir tengdir klámi hafi fært sig inn á svið sem vanalega tengjast ekki klámi á nokkurn hátt. Fjölmiðlar eru jákvæðari í garð kláms og víða má sjá klæðnað, orðfæri og táknmyndir úr klámi í sjónvarpsþáttum, tónlistarmyndböndum og auglýsingum án þess að við veitum því sérstaka athygli. Klámið hefur þannig verið normaliserað í menningu okkar.

Diana Russell (1993) telur mikilvægt að gera skíran greinarmun á klámi og erótík. Hún segir að klám snúist um kynferðislegar athafnir og berskjöldun á kynfærum fólks þar sem

misnotkun og niðurlæging á sér stað. Hún segir klám ekki eiga neitt skylt við náíð kynferðislegt samband fólks heldur sé það valdatafl þar sem einhver er niðurlægður kynferðislega. Hún tekur fram að gagnrýni hennar á klám snúist ekki að neinu leyti um nekt eða kynlíf heldur völdin, misnotkunina og niðurlæginguna. Aftur á móti telur hún erótík vera kynferðislega örvandi efni þar sem ekki er gert út á fordóma eða misnotkun af neinu tagi. Í erótík er borin virðing fyrir manneskjum og dýrum og þar er hið kynferðislega efni byggt á samþykki og jafnræði þeirra sem eiga í hlut.

Klámáhorf er þó töluvert mikið. Norræn samanburðarrannsókn (Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2010) hefur sýnt fram á að af öllum strákum á norðurlöndunum horfa íslenskir strákar einna mest á klám. Þeir horfa einnig margfalt meira á klám en íslenskar stelpur. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að 23.3% íslenskra stráka á aldrinum 16-19 ára horfa á klám 1-3x í viku á meðan 2.8% stelpna gera það sama. Þá er hlutfall þeirra íslensku unglunga sem sjaldan eða aldrei hafa horft á klám á þessa leið, strákar 24.1% en stelpur 92.6%. Það er því gríðarlega mikill kynjamunur á klámáhorfi íslenskra unglunga.

Dines (2010) talar um að klám hafi færst inn í daglegt líf okkar að svo miklu leyti að við erum ekki eingöngu hætt að veita því athygli heldur erum farin að taka upp ákveðna hegðun, útlit og tísku sem kemur beint úr klámi. Þannig má gjarnan sjá afar sterkar tílvísanir í klám t.d. með því að horfa á tónlistarmyndbönd ýmissa stórstjarna. Eins bendir hún á að sú athöfn ungra stelpna að fjarlægja öll skapahár eigi rætur sínar að rekja til klámmynda, eini munurinn sé að stelpurnar gera sér ekki alltaf grein fyrir því hvaðan áhrifin koma. Dines hefur áhyggjur af því að þrátt fyrir að kynlífsbyltingin hafi boðið uppá ákveðið kynfrelsi fyrir konur þá fylgi neikvæðar hliðar klámvæðingarinnar með, þar sem konur eru kynferðislega hlutgerðar og valdaójafnvægi kynjanna er sett upp á stall.

Þar sem menningarefni samfélagsins sendir frá sér sterk skilaboð tengd kynheilbrigði, útliti og hegðun þá er mikilvægt að ungu fólki standi til boða góð fræðsla þar sem þau læra m.a. að líta skilaboðin gagnrýnum augum. Hér fyrir neðan skoðum við hvernig kynfræðslu og jafnréttisfræðslu er háttað á Íslandi.

Kynfræðsla

Árið 1934 var kennari í Reykjavík ávittur af samfélaginu vegna þess að hann fræddi nemendur sína um kynfæri bæði karla og kvenna. Á þeim tíma óttaðist fólk að slík fræðsla gæti hreinlega skaðað hug ungmenna og brást því illa við. Það ríkti mikil þögn yfir kynferðismálum á þessum árum á Íslandi og það þótti alls ekki við hæfi að kennarar ræddu þessi mál við ungt fólk (Sóley S. Bender, 2006a). Rúmum fjórtíu árum síðar eða árið 1975

voru sett lög á Alþingi um ráðgjöf og fræðslu um kynlíf, barneignir, ófrjósemisaðgerðir og fóstureyðingar (Lög um ráðgjöf, 1975). Fram að þeim tíma máttu lækningar einir sinna kynfræðslu hér, en eftir að lögin voru sett bættust fleiri við s.s. hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og félagsráðgjafar (Sóley S. Bender, 2006a).

Í dag er kynfræðslu víða sinnt s.s. á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, í skólum, félagsmiðstöðvum og inni á heimilum. Ný lög hafa ekki enn verið sett varðandi fræðslu um kynheilbrigðismál þrátt fyrir að oft hafi komið upp umræða og tilefni til að bæta fræðsluna síðan. Í kynfræðslulögunum frá 1975 kemur fram að fræðslu skuli veita í skólum en þó er ekkert kveðið á um menntun þeirra sem fræðslunni sinna. Jóna Ingibjörg Jónsdóttir (2009) telur það algerlega óboðlegt að kennarar og hjúkrunarfræðingar eigi að sinna kynfræðslu til barna og unglunga án þess að hafa fengið fræðslu eða hlotið þjálfun til þess. Hún segir það vinna gegn því að fræðigreinin nái að festa sig í sessi í skólakerfinu. Mikilvægt er þó að fræðslan eigi sér fastan stað í skólakerfinu því mikilvægi hennar ætti að vera hverjum manni augljóst.

Sigríður Dögg Arnardóttir (2014) segir að við fæðumst öll sem kynverur en lærum um kynlíf og sambönd af umhverfi okkar og samfélagi. Hún telur því afar mikilvægt að börn og unglingar fái góða og trausta fræðslu um kynlíf frá einhverjum fullorðnum aðila, hvort sem það er foreldri, kennari eða einhver annar sem þau treysta. Sóley S. Bender (2006b) er á sama máli og telur hún að ungt fólk í samtímanum fái gjarnan afar misvísandi skilaboð um kynlíf og kynheilbrigði í gegnum það menningarefni sem boðið er uppá og í gegnum internetið. Þar sem skilaboðin geta hreinlega verið röng og afvegaleiðandi t.d. varðandi ábyrga kynhegðun þá segir Sóley þeim mun mikilvægara að veita unglingum góða kynfræðslu þar sem hægt er að ræða um og vinna með hin misvísandi skilaboð.

Skortur hefur verið á markvissri stefnumótun í kynfræðslumálum almennt á Íslandi og það vantar yfirsýn yfir það sem verið er að gera í dag og það sem áður hefur verið gert. Ekki hefur verið lagt sérstakt mat á aðgerðir en víða virðist pottur brotinn og fræðslu ekki sinnt sem skyldi (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009; Sóley S. Bender, 2006b).

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013) eiga börn og unglingar að fá kynfræðslu í skólanum. Í náttúrufræði og samfélagsfræði er gert ráð fyrir því að nemendur fái fræðslu sem snýr að kynheilbrigði, líkamanum og samskiptum en ekki er tiltekið hversu mikill tími á að fara í fræðsluna. Skólum er í sjálfsvald sett hvernig viðfangsefnum er raðað inn í tíma og stundaskrár og því ekki hægt að ganga að því vísu að kynfræðsla fái jafnmikinn tíma í stundaskrá allra skóla. Skólahjúkrunarfræðingar sjá einnig um kynfræðslu fyrir nemendur en ekki er sjálfgefið að samvinna sé á milli þeirra og kennara varðandi efni og framsetningu (Jóna I. Jónsdóttir, 2009).

Í aðalnámskrá framhaldsskóla (2011) kemur fram að nemendur eiga að fá fræðslu um heilbrigði og velferð og undir þeim formerkjum eiga skólarnir að veita nemendum fræðslu um kynheilbrigði. Þar sem erfitt getur reynst að fá góða yfirsýn yfir það hvernig kynfræðslu er háttað í framhaldsskólum landsins sendi ég fyrirspurn á kynjafræðikennara í framhaldsskólum, þar sem ég spurði út í kynja- og kynfræðslu. Frá þeim fékk ég þau svör að fáir skólahjúkrunarfræðingar starfa í framhaldsskólum í dag og lítið er um beina kynfræðslu fyrir utan aðkeypta fyrirlestra. Þeir kennarar sem bjóða uppá kynjafræðikennslu taka gjarnan að sér að ræða kynheilbrigðismál þar sem þau eiga við hverju sinni í þeirra kennslu (Svör kynjafræðikennara, 2015, munnleg heimild).

Ástæða þess að ég dreg fram stöðu fræðslunnar bæði í grunn- og framhaldsskólum landsins er sú að samfella í námi skiptir máli. Rannsóknir benda til þess að því fyrr sem fræðsla hefst því betri árangri skili hún (Fine, M., 1988; Jóna I. Jónsdóttir, 2009). Því tel ég mikilvægt að skoða hvort íslensk börn fái góða kyn- og kynjafræðslu samfellt í gegnum skólagöngu sína eða ekki.

Samkvæmt rannsóknum er þó ekki nóg að bjóða upp á fræðslu um kynheilbrigði, það skiptir einnig miklu máli hvernig fræðslunni er háttað. Í leiðbeiningum um alhliða kynfræðslu í skólum (1991/1996) kemur fram að fjögur meginmarkmið kynfræðslu séu: *Þekking, viðhorf, lífsgildi og skilningur, sambönd og hæfni í mannlegum samskiptum* og síðast en ekki síst *ábyrgð*. Öll þessi markmið og allt það sem fellur undir þau eru jafnmikilvægir þættir varðandi kynlífsheilbrigði og kynverund hvernar manneskju. Því skiptir máli að hlúa vel að öllum þáttum fræðslunnar.

Michelle Fine (1988) rannsakaði áhrif kynfræðslu á unglingsstúlkur í Bandaríkjunum á níunda áratug síðustu aldar. Hún komst að því að sú kynfræðsla sem þá var í boði fyrir ungmenni var ekki sérlega uppbyggileg fyrir kynverund kvenna. Hún bendir á að í fyrsta lagi hafi langanir og þrjár kvenna algerlega verið útilokaðar frá umræðu um kynverund. Stelpur voru settar í hlutverk kynferðislegs fórnarlamb og kennt að vara sig á strákunum. Þær áttu einnig að gæta þess að verða ekki ófrískar, fá ekki kynsjúkdóma og láta strákana ekki nota sig. Ekki var gert ráð fyrir því á neinum tímamarki í kennslunni að stelpurnar sjálfar hefðu kynferðislegar þrjár eða að þær mættu eiga frumkvæði að kynmökum. Innan fræðslunnar var gert ráð fyrir því að nemendur væru allir gagnkynhneigðir og gengið út frá því að strákar væru kynferðislegir gerendur en stelpur væru óvirkar. Fine benti einnig á að þegar stelpur fá að heyra neikvæða umræðu um kynlíf þá eykst hættan á því að þær noti ekki getnaðarvarnir og sýni óábyrgari kynhegðun. Ef umræðan er hins vegar jákvæð segir Fine rannsóknir benda til þess að þá þori stelpur frekar að njóta kynlífs og virðast sýna meiri ábyrgð varðandi notkun getnaðarvarna.

Í kringum aldamót fóru kynfræðslumál aðeins að breytast og orðræðan í samfélaginu varð opnari. Þrátt fyrir að enn væri almennt gengið út frá gagnkynhneigð var aðeins farið að ræða um aðrar kynhneigðir í kynfræðslutímum. Einnig varð viðurkenndara að stelpur hefðu kynferðislegar langanir og þrjár rétt eins og strákar (Aapola, o.fl., 2004). Þrátt fyrir að orðræðan hafi breyst að nokkru leyti má þó enn merkja afar áberandi tvöföld skilaboð til kynjanna varðandi kynlíf og koma þau enn leynt eða ljóst fram í kynfræðslu ungs fólks. Strákar eru settir fram sem kynferðislegir gerendur og stelpur sem þiggjendur eða veitendur. Þær eru valdalitlar, eiga að heilla strákana en fylgja þeirra væntingum og leggja sig fram við að standast kröfur þeirra. Áhersla er lögð á viðkvæmni og fórnarlambshlutverk kvenna, þær eiga að gæta sín á strákunum og eins eiga þær að gæta sérstaklega vel að mannorði sínu. Stelpum leyfist ekki að haga sér á sama hátt og strákar kynferðislega, þær eiga að sýna ákveðna háttvísi og siðþrýði sem undirstrikar kvenleika þeirra (Aapola, o.fl., 2004).

Aapola og félagar (2004) segja að þrátt fyrir að stelpur hafi fengið ákveðið samþykki fyrir því að þær séu líka kynverur sem mega leyfa kynverund sinni að þróast og þroskast þá snýst kynlíf þeirra alltaf meira og minna um að fullnægja þörfum strákanna. Klámahorf hefur einnig áhrif, ungar stelpur virðast margar hverjar samþykkja að taka þátt í kynferðislegum athöfnum sem tengja má beint við klám. Strákarnir óska þá eftir því að þær prófi með þeim athafnir sem þeir hafa séð í klámi, sem geta jafnvel valdið stelpunum sársauka og niðurlægingu. Stelpurnar telja sig ekki vera í stöðu til að neita, þær vilja fremur taka þátt en missa frá sér strákinn. Valdið liggur því alfarið í hendi strákanna. Í klámi má gjarnan finna mikið valdaójafnvægi milli kynjanna og hafa því Aapola og félagar áhyggjur af því að unglingar færi valdamisræmið yfir á sitt eigið kynlíf. Því telja þær afar mikilvægt að ungmenni fái góða markvissa kynfræðslu sem inniheldur m.a. viðeigandi fræðslu um klám.

Jóna Ingibjörg Jónsdóttir kynfræðingur bendir á að það séu ýmsir aðilar sem sinna kynfræðslumálum barna og unglunga á Íslandi í dag, kennarar, hjúkrunarfræðingar og foreldrar. Innan skólans á að fara fram formleg og markviss kynfræðsla en fræðsla foreldra er óformleg. Jóna telur allt þetta fólk vera mikilvægar stoðir í kynfræðslu ungmenna en telur óheppilegt að þar sem ekki er unnið eftir markvissri stefnumótun þá vinni þessar mikilvægu stoðir ekki endilega saman og fari ekki eftir sama kerfi. Hún telur afar mikilvægt að vandað sé til fræðslunnar, hún sé sem víðtækust og að þeir sem hana veiti hafi þekkingu á efninu (Jóna I. Jónsdóttir, 2009).

Sigurlaug Hauksdóttir skoðaði þá kynfræðslu sem mæður veita unglungum sínum í MA ritgerð sinni árið 2005. Þar sem engin ákveðin stefnumótun hefur verið í kynfræðslu hér á landi þá leitaði Sigurlaug eftir því að skoða að hversu miklu leyti mæður koma að kynfræðslu barna sinna. Hún tók eigindleg viðtöl og komst að því að mæður telja sig almennt gegna mjög stóru hlutverki í kynfræðslu barna sinna. Misjafnt var hversu stóru hlutverki feður

gegndu í kynfræðslunni en athygli vekur að samkvæmt rannsókninni þá fræða mæður dætur sínar meira en syni og hafa meiri áhyggjur af stúlkunum. Klámvæðingin hræðir mæðurnar, þeim er mikið í mun um að börnin þeirra eigi ánægjulega upplifun af kynlífi og verði ekki fórnarlömb klámvæðingarinnar. Mæðurnar óttast meira um dæturnar en synina. Mæðurnar í rannsókninni töldu kynfræðslu af hendi skólanna afar mikilvæga og treystu á hana á margan hátt, en þær söknuðu þess að samskipti heimila og skóla varðandi þessi efni væru ekki meiri.

Margir foreldrar geta verið óöruggir varðandi spjall um kynlíf við börn sín og unglunga. Það getur verið erfitt að vita hvenær rétti tíminn sé fyrir spjallið og hvað skuli segja. Því hefur Landlæknisembættið gefið út upplýsingabækling ætlaðan foreldrum sem vilja fræða börnin sín um kynlíf og má nálgast bæklinginn á heimasíðu embættisins (Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir, 2009).

Sóley S. Bender (1999) segir að þegar verið sé að undirbúa fræðslu til unglunga um kynheilbrigðismál þá sé gott og gagnlegt að hafa unga fólkið með í ráðum. Unglingarnir kalla eftir aukinni fræðslu en þeir telja fræðsluna hingað til hafa gengið út á það að hræða þau en ekki fræða. Krakkarnir vilja fá að vita meira og því mikilvægt að hlusta eftir því hvað þeir telja áriðandi að ræða um.

Eins og áður kom fram eru margir sem sinna kynfræðslumálum á Íslandi í dag þó í flestum tilvikum sé hver og einn að vinna í sínu horni og enn skorti samstarf og stefnumótun. Það nafn sem þó ber einna hæst í umræðunni í dag er nafn Siggu Daggar kynfræðings. Hún hefur ferðast um allt land með fyrirlestra um kynheilbrigði bæði fyrir börn, unglunga, starfsfólk leik- og grunnskóla og foreldra. Fyrirlestrar hennar hafa verið vel sóttir og fengið mikla athygli, ekki síst fyrir það hversu opinskáa umræðu hún býður upp á. Sigga Dögg notast aðallega við myndmál og samtal í sínum fyrirlesturum, hún sýnir áheyrendum myndir m.a. af kynfærum og spjallar við þá á opinskáan og fordómalausan hátt. Hún býður einnig upp á spurningar, bæði munnlegar og skriflegar og svarar hún þeim öllum, sama hvers eðlis þær eru (siggadogg.is; Sigga Dögg, munnleg heimild, 17. febrúar 2015). Eins og sjá má í niðurstöðukafla 6.3 þá nær hún vel til unglunganna sem vilja fá að ræða hreint út um kynlíf. Einnig er vert að nefna Ástráð (astradur.is) sem er forvarnarstarf læknanema og sinnir ýmsum störfum sem koma að kynfræðslu til unglunga. Læknanemarnir flytja fyrirlestra í framhaldsskólum um allt land þar sem þeir spjalla við nemendur um ýmis kynferðisleg málefni ásamt því sem félagið heldur úti öflugri heimasíðu.

Jafnréttisfræðsla

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr.10/2008 segir m.a. „að efla skuli fræðslu um jafnréttismál“ og eins að „bæta þurfi sérstaklega stöðu kvenna og auka

möguleika þeirra í samfélaginu.“ Þar sem sérstaklega er tekið fram að bæta þurfi stöðu kvenna er ljóst að í gegnum tíðina hafa konur staðið skörinni lægra en karlar á Íslandi. Vinna þarf að því markvisst að jafna stöðuna á öllum sviðum samfélagsins. Í aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013) og framhaldsskóla (2011) segir að jafnrétti sé einn af sex grunnþáttum menntunar og að nemendur eigi að hljóta jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum. Í öllu starfi og samskiptum innan skólasamfélagsins skal hafa jafnréttishugsjónina að leiðarljósi og algert bann skal vera við mismunun af hverju tagi. Tekið er fram að þess skuli gætt að hvergi í skólastarfinu skuli gert upp á milli kynjanna og möguleikar beggja kynja skuli alltaf vera jafnir. Jafnréttisstarfi á að vera sinnt á hverju skólastigi og skal það blandast inn í allar námsgreinar.

Engin eftirfylgd er með því hvort og hvernig skólarnir fara eftir þessum lögum. Í MA ritgerð Eyglóar Árnadóttur (2009) þar sem hún skoðar framkvæmd jafnréttislaga kemur fram að þó búið sé að setja lög um jafnréttisfræðslu þá dugi þau ekki til. Hún segir löggin vera of óskýr og óljós. Það sé ekki tilgreint sérstaklega hvað felist í jafnréttisfræðslu, hvernig hún eigi að fara fram og hver eigi að bera ábyrgð á henni. Þannig getur hver fyrir sig lagt eigin túlkun í hugtakið og enginn virðist bera ábyrgð á því að lagabókstafnum sé fylgt eftir. Hún komst að því að áhugaleysi, ótti við hugtakið femínisti og kynblindu væru stórir áhrifaþættir þess að kennarar leggja ekki í jafnréttisfræðslu. Hún telur að innan skólakerfisins þurfi margt að breytast til þess að jafnréttisfræðsla verði ekki eingöngu orð á blaði heldur virk framkvæmd sem allir nemendur njóta góðs af.

Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2011) benda á að það vanti algerlega samfellu í jafnréttisfræðslu á Íslandi. Þau segja mikilvægt að gera sér grein fyrir sérstöðu kynjanna þegar talað er um jafnrétti, þar sem konur eru ekki minnihlutahópur heldur helmingur mannkyns. Þannig leggur kynjajafnrétti sérstaka áherslu á valdamun kynjanna óháð öðrum breytum. Áhugaleysi gagnvart kynjajafnrétti hefur lengi verið í skólasamfélaginu, hjá stjórnvöldum og meðal almennings. Ekki hefur markvissa fræðslu um kynjajafnrétti verið að finna í kennaranámi þó einstaka valgreinar bjóði upp á lítilsháttar fræðslu um jafnrétti. Kennarar hafa því ekki þekkingu til að færa umræðuna um kynjajafnrétti inn í skólastarfið og því er enginn þrýstingur innan skólanna til að sinna þessum lið laganna sérstaklega. Átak í kynjajafnrétti innan skólanna veltur því á áhuga og frumkvæði fárra einstaklinga. Þorgerður og Ingólfur segja að með tilkomu nýrrar aðalnámskrár (2011) felist mörg tækifæri til að efla jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum ef kynjajafnrétti verður gert miðlægt innan fræðslunnar og stjórnendur skóla og stofnanir eins og þær sem mennta kennara beri þá ábyrgð sem þeim er ætlað.

Í grunnskólum í dag er ekki í boði sérstök jafnréttisfræðsla eða kynjafræðsla en í þó nokkrum framhaldsskólum landsins er kennd kynjafræði. Í Menntaskóla Borgarfjarðar og

Menntaskólanum á Laugavatni fara allir nemendur í kynjafræði á einhverjum tímapunkti náms síns, en í öllum hinum skólunum sem bjóða upp á kynjafræðikennslu er um að ræða valfag (svör kynjafræðikennara, 2015, munnleg heimild). Samkvæmt niðurstöðum úr MA rannsókn Maríönnu Guðbergsdóttur (2014) þá segja kynjafræðikennarar í framhaldsskólum að það sé að þeirra eigin frumkvæði sem boðið er upp á kennsluna hverju sinni. Þeir segjast gjarnan mæta ýmsum hindrunum og áhugaleysi annarra kennara og stundum stjórnenda gagnvart kynjafræðinni. Aftur á móti er skýr ávinningur af kennslunni, kennararnir segjast fljótt finna mikla viðhorfsbreytingu gagnvart kynjajafnrétti og femínisma hjá nemendum eftir að þeir hefja nám í kynjafræði. Einnig öðlast nemendur gagnrýnið hugarfar sem fylgir þeim langt út fyrir skólastofuna.

Samantekt

Í þessum kafla hef ég tekið saman hugtök, kenningar, lög og fyrri rannsóknir sem ég styðst við í greiningu gagna minna. Hér fór ég yfir kynjakerfið og skoðaði hvernig gangverk þess styður við valdaójafnvægi kynjanna. Ríkjandi karlmennsku og styðjandi kvenleika voru gerð skil og þeirra hlutverki í viðhaldi kynjakerfisins var lýst. Ég tók saman helstu þætti þess sem myndar kynlífsmenningu unglunga þ.e. útskýring á hugtakinu kynheilbrigði ásamt því sem skoðuð voru kynlífsandrit, útlitskröfur og kynlífs- og klámvæðing. Í lok kaflans var staða kynfræðslu og jafnréttisfræðslu í grunn- og framhaldsskólum landsins skoðuð. Í næsta kafla mun ég lýsa þeirri aðferðafræði sem ég notaði við rannsóknina.

Aðferð

Í þessum kafla verður framkvæmd rannsóknarinnar útskýrð skref fyrir skref. Til að byrja með verður farið yfir undirbúning rannsóknarinnar, þá verður sagt frá rannsóknaraðferðinni og þátttakendur kynntir til sögunnar. Gagnaöflun verður lýst og síðan verður úrvinnsla og greiningu gagnanna gerð skil og einnig verða siðferðileg álitamál skoðuð. Að lokum er stutt samantekt þar sem efni kaflans verður dregið saman.

Undirbúningur

Rannsóknarferlið hófst í september 2014 með vali á viðfangsefni og mótun rannsóknarspurninga. Þá óskaði ég eftir því að Dr. Þorgerður Einarsdóttir yrði leiðbeinandi minn og samþykkti hún það. Áður en eiginleg gagnasöfnun hófst samdi ég viðtalsvísi til að hafa til hliðsjónar og leiða viðtölin áfram. Einnig útbjó ég framkvæmda- og tímaáætlun til að styðjast við í ferlinu og fékk leiðbeinandi minn afrit af henni. Að síðustu lagði ég fram rannsóknaráætlun sem ég reyndi eftir fremsta megni að fara eftir. Rannsóknin leiddi mig þó áfram og leyfði ég henni að þróast í þá átt sem hún teymdi mig.

Rannsóknaraðferð

Í þessari rannsókn valdi ég að beita eigindlegum rannsóknaraðferðum (e. qualitative research methods). Eigindleg aðferðafræði á vel við þegar rannsakandi leitar eftir upplýsingum um reynslu, upplifun og túlkun viðmælenda á því fyrirbæri sem verið er að rannsaka. Þannig er ekki reynt að varpa fram alhæfingum eða ná fram einum ákveðnum sannleika heldur er viðleitni til að öðlast dýpri skilning á því efni sem rannsakað er. Helstu einkenni eigindlegra rannsókna eru þau að rannsóknin fer oftast fram á raunverulegum vettvangi, annaðhvort með þátttökuathugunum þar sem rannsakandi fer á vettvang og rýnir í aðstæður, eða með opnum viðtölum við einstaklinga sem hafa reynslu af því sem rannsakað er. Ýmsum öðrum aðferðum er einnig beitt en aðstæður eru ekki búnar til eins og t.d. á rannsóknarstofu. Eigindlegar rannsóknaraðferðir geta verið tímafrekar og kostnaðarsamar og eyðir rannsakandi yfirleitt miklum tíma á vettvangi, í viðtölum og við greiningu gagna (Creswell, 2013; Hennink, Hutter og Bailey, 2011).

Þegar unnið er eftir eigindlegri aðferðafræði er rannsakandinn sjálfur í raun mælitækið og þrátt fyrir að hann staðsetji sig gagnvart viðfangsefni sínu er mikilvægt að hann leggi skoðanir sínar og viðhorf til hliðar upp að því marki sem hægt er. Rannsakandi þarf einnig að

reyna að gæta vel að hlutlægni sínu og leitast þess heldur eftir því að fá fram sjónarhorn og upplifun viðmælenda sinna. Mikilvægast er að reyna að varpa ljósi á það hvaða merkingu viðfangsefnið hefur í huga þátttakenda (Creswell, 2013; Hennink o.fl., 2011).

Innan eigindlegra rannsókna má finna ýmsar ólíkar leiðir til að nálgast viðfangsefnið, horfa á það og skilja það. Creswell (2013) bendir á fimm ólíkar nálganir til að framkvæma eigindlega rannsókn. Hann segir hverja aðferð hafa sína eiginleika, áherslur og aðferðir og telur hann mikilvægt að rannsakandi vandi valið á þeirri aðferð sem hann hyggst beita við rannsókn sína. Þær aðferðir sem hann bendir á eru etnógráfía, frásögurannsóknir, fyrirbærafræði, grunduð kenning og tilviksrannsóknir. Í þessari rannsókn blanda ég saman nálgunum fyrirbærafræði og aðferðum grundaðra kenninga.

Samkvæmt vinnubrögðum fyrirbærafræðinnar eru viðmælendur valdir í rannsóknina sem hafa sameiginlega reynslu af ákveðnu fyrirbæri. Í þessu tilviki felst það í því vera stelpa sem hefur reynslu af kynlífsmenningu innan félagslífs framhaldsskólanema. Rannsakandi leitar eftir upplifun viðmælenda af viðkomandi fyrirbæri og skoðar hvaða merkingu þær leggja í þá upplifun sína. Þar sem ekki er hægt að mæla eða meta reynslu fólks og upplifun getur rannsakandi aðeins sýnt viðleitni til þess að skilja túlkun viðmælenda sinna og þá merkingu sem þær leggja í reynsluna. Rannsakandi reynir að halda sínum fyrirframgefnu hugmyndum um fyrirbærið til hliðar eins og kostur er og hlusta með opnum hug eftir túlkunum viðmælenda (Creswell, 1998; Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

Þar sem kerfisbundin greining gagna fór fram jafnhliða gagnasöfnun studdist ég einnig við aðferðir grundaðra kenninga (e. grounded theory). Gögnin voru þá greind á kerfisbundinn hátt samhliða gagnasöfnun í þeim tilgangi að koma auga á þemu og tengingar og hinn rauða þráð rannsóknarinnar. Grunduð kenning byggir á aðleiðslu þar sem kenningin verður til út frá gögnum rannsóknarinnar. Þegar engin ný vitneskja kom lengur fram í viðtölunum má segja að ákveðinni mettun hafi verið náð og þá voru ekki fleiri viðtöl tekin (Unnur Guðrún Óttarsdóttir, 2013; Creswell, 1998).

Þekkingarfræði (e. epistemology) segir okkur hvert eðli þekkingar er og hvernig við öðlumst þekkingu (Crotty, 1998). Sú þekkingarfræði sem ég byggi á er hugsmíðahyggja sem einnig er stundum nefnd félagsleg mótunarhyggja (e. constructivism). Samkvæmt henni er veruleikinn félagslega mótaður og er hann skoðaður út frá túlkun viðmælenda á reynslu sinni. Þannig geta ólíkir einstaklingar upplifað heiminn á ólíkan hátt, allt eftir þeirri merkingu sem þeir leggja í upplifun sína. Rannsakandi leggur sig því fram við að hlusta eftir því hvernig viðmælendur búa til þekkingu og skilning á heiminum út frá lífaðri reynslu sinni (Kristín Þórarinsdóttir og Rúnar Sigþórsson, 2013; Esteberg, 2002; Crotty, 1998).

Hið fræðilega sjónarhorn rannsóknarinnar er femínískt eins og áður hefur komið fram og helst það í hendur við þekkingarfræðina þ.e. hina félagslegu mótunarhyggju. Femínismi

eins og mótunarhyggjan gengur út frá því að veruleikinn sé félagslega mótaður og innan femínisma er lögð áhersla á veröld kvenna. Femínískar rannsóknir skoða aðstæður kvenna og stöðu þeirra gagnvart körlum. Áhersla er lögð á það að femínískar rannsóknir vinni að því að efla konur og bæta hagsmuni þeirra (Rannveig Traustadóttir, 2013).

Sú aðferð sem ég notaði í þessari rannsókn var að taka viðtöl. Til að fá fram skýra mynd af upplifun og túlkun viðmælenda valdi ég þá aðferð að taka hálfopin viðtöl sem gerðu mér kleift að spyrja opinna spurninga og kafa dýpra ofan í viðfangsefnið. Ég notaðist þá við viðtalsvísi sem ég hafði undirbúið fyrirfram (sjá viðauka 1). Ég reyndi að fara eftir honum að nokkru leyti og halda þannig utan um umræðuefnið en gætti þess þó að vera ekki of bundin af hverri spurningu og leyfa samtalinu að þróast innan rammans og aðeins út fyrir hann. Viðtalsvísirinn tók breytingum á milli viðtala. Ég kaus einnig að vera með einn rýnihóp. Í rýnihópaviðtölum eru nokkrir viðmælendur saman komnir sem búa að sameiginlegri reynslu eða koma úr sama hópi. Reynt er að ná fram góðum umræðum um viðfangsefnið og fá fram sjónarmið sem flestra fremur en að reyna að komast að einni sameiginlegri niðurstöðu (Hennink o.fl., 2011). Með rýnihópaviðtalinu leitaðist ég eftir því að fá fram þá þekkingu sem býr í hópnum. Eins og Sóley Bender (2013) segir „*Hjarta rýnihópa eru þær samræður sem eiga sér stað milli þátttakenda.*“

Ég gerði einnig eina þátttökuathugun á viðburði sem kallast *Djúpa laugin*. Það er eins konar stefnumótaleikur framhaldsskólanema sem fram fer uppi á sviði fyrir framan fullan sal af fólki. Leikurinn fer þannig fram að það er einn spyrjandi og þrír svarendur á sviðinu. Það er tjald á milli svo spyrjandi og svarendur sjá ekki hvern annan. Ýmist er spyrjandi kvenkyns og svarendur karlkyns eða öfugt. Spyrjandi les spurningu af blaði og gefur svo stig fyrir besta svarið hverju sinni. Sá eða sú sem flest stig hefur fengið í lok leiks vinnur stefnumót með spyrjandanum í verðlaun. Þegar þátttökuathugun er framkvæmd þarf rannsakandi að vera vel meðvitaður um umhverfi sitt, horfa vel í kringum sig, meta aðstæður og hlusta af athygli á það sem fram fer. Hann þarf einnig að leggja mat á það félagslega ferli sem á sér stað út frá töluðum orðum, hegðun, framkomu og samskiptum á milli einstaklinga og hópa (Hennink o.fl., 2011). Þátttökuathugunina gerði ég til að fá dýpri skilning og innsýn í þá menningu sem viðmælendur mínir lýsa í viðtölunum.

Endanleg tala viðmælenda í þessari rannsókn var 13, þar af voru 9 hálfstöðluð einstaklingsviðtöl og eitt rýnihópaviðtal með 4 viðmælendum.

Þátttakendur, val og aðgengi að þeim

Þegar ég lagði af stað í leit að viðmælendum í rannsóknina langaði mig til þess að finna stelpur sem hefðu náð 18 ára aldri og væru nemendur í mismunandi framhaldsskólum á

höfuðborgarsvæðinu. Með því að ræða við stúlkur sem eru 18 ára eða eldri taldi ég mig geta gengið að því sem vísu að þær hafi öðlast töluverða reynslu af félagslífi síns framhaldsskóla. Þær gætu því lagt sitt mat á þá kynlífsmenningu sem ríkir innan félagslífsins sem og almennt í lífi ungs fólks á þessum aldri. Með því að tala við stelpur úr mismunandi skólum taldi ég mig fá fram víðari og fjölbreyttari sýn á fyrirbærið því félagslíf skólanna er afar misjafnt enda skólarnir ólíkir og misstórir. Þegar upp var staðið komu stúlkurnar 13 frá 9 mismunandi skólum.

Við upphaf ákvað ég að leitast eftir viðtali við stelpur sem hefðu beina reynslu af þátttöku í viðburði sem kallast *Djúpa laugin*. Það er stefnumótaleikur sem talinn er geta verið afar kynferðislegur og haldinn er í mörgum skólum á ári hverju. Ég sá fyrir mér að helmingur viðmælanda hefði tekið þátt í leiknum og hinn helmingurinn hefði ekki beina reynslu af þessum leik. Fyrstu tvær stúlkurnar sem ég tók viðtal við hafa reynslu af þátttöku í *Djúpu lauginni*. Þar sem ég taldi að erfitt gæti reynst að finna þátttakendur úr þeim leik taldi ég heppilegt að beita aðferð sem kallast snjóboltaúrtak. Slík aðferð byggir á því að fundinn er viðmælandi, hann bendir svo á annan viðmælanda og svo framvegis. Aðferðin minnir á snjóbolta sem stækkar sífellt. Slík aðferð er talin hentug þegar reynt er að ná viðmælendum sem erfitt getur reynst að finna (Hennink, o.fl., 2011).

Dóttir mín sem er nemandi í framhaldsskóla benti mér á stúlku númer eitt og sú benti mér á stúlku tvö. Hún benti mér svo á stúlku þrjú og fjögur en þær afþökkuðu báðar. Önnur gaf ekki skýringu á neitun sinni en hin sagðist svo lítið mun eftir þessum leik. Ég reyndi að hefja leit að nýju, ég sendi tölvupóst á formenn nemendafélaga í skólum sem ég veit að bjóða upp á þennan leik en hafði ekki árangur sem erfiði.

Ég tók ákvörðun í samráði við leiðbeinanda minn að prófa að auglýsa eftir þátttakendum en leggja ekki ofuráherslu á að fá þátttakendur úr leiknum, ekki síst þar sem leikurinn er ekki þungamiðja rannsóknarefnisins heldur aðeins eitt birtingarform kynferðislegrar menningar félagslífs framhaldsskólanema.

Ég hóf því leit að fleiri viðmælendum og notaði til þess tilgangsurttak (e.purposive sampling). Mikilvægt er að hafa rannsóknarspurningarnar í huga þegar slík aðferð er notuð og því markvisst leitað eftir þátttakendum sem hafa beina reynslu og þekkingu á því efni sem rannsaka á (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Ég byrjaði á því að senda póst á stúlku sem ég þekki sem er sjálf nemandi í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu og á vinkonur úr fleiri skólum. Hún hafði samband við vinkonur sínar og tvær þeirra samþykktu að koma í viðtal. Eftir það ákvað ég að setja inn auglýsingu á facebooksíðu mína og óska eftir viðmælendum, bæði í einstaklingsviðtöl og rýnihópaviðtöl. Ég notaði sama úrtak, tilgangsurttak, til að velja viðmælendur í rýnihópaviðtalið, en þá leitaði ég eftir stelpum sem hefðu lokið framhaldsskólagöngu sinni og ættu útskriftarferð að baki. Ég fékk afar skjót og

góð viðbrögð við auglýsingunni, sérstaklega fékk ég marga pósta frá stelpum sem vildu koma í einstaklingsviðtal. Í raun endaði þetta með því að ég þurfti að afþakka viðtal við nokkrar stelpur því ég hafði náð mettun og þær voru svo margar sem vildu vera með.

Lokatala þátttakenda var því eins og áður sagði 13 og eru þær á aldrinum 18-21 árs. Fjórar þeirra eru í föstu sambandi, 12 eru gagnkynhneigðar og ein er samkynhneigð. Þær koma úr samtals 9 framhaldsskólum, allir skólarnir eru á höfuðborgarsvæðinu nema einn, hann er í um klukkustundar fjarlægð frá Reykjavík. Ég hef úthlutað öllum stelpunum gervinafn til að tryggja þann trúnað sem ég lofaði þeim. Þær fengu nöfnin: Anna Lóa, Eldey, Elísabet, Erna, Hildur, Hrefna, Kristín, María, Nína Björg, Ragnheiður, Rebekka Rós, Stefanía og Steinunn. Vísað verður til þeirra með þessum nöfnum í ritgerðinni.

Við lok gagnasöfnunar tók ég ákvörðun um að sækjast eftir óformlegu viðtali við Siggú Dögg kynfræðing. Með því að gera það má segja að ég hafi notast við fræðilegt úrtak (e. theoretical sampling) en slík aðferð er notuð þegar valdir eru sérstakir viðmælendur eftir að gagnagreining hefst. Viðmælendur eru þá taldir geta haft sérstakt gildi fyrir rannsóknina og geta þeir jafnvel hjálpað til við að ná mettun (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Ástæða þess að ég kaus að fara þessa leið var sú að í öllum viðtölum kom skýrt fram hversu takmarkaða kynfræðslu viðmælendur mínir hafa fengið og minnstust fjölmargar þeirra á að eina fræðslan sem hefði náð til þeirra og kennt þeim eitthvað hefði verið fyrirlestur frá Siggú Dögg. Ég hitti Siggú Dögg á óformlegum fundi þann 17. febrúar 2015. Mig langaði til að heyra hvort upplifun stelpnanna á kynfræðsluskortinum og þeirri kynlífsmenningu sem þær lýstu í viðtölunum sé í takt við upplifun Siggú Daggar á sömu málefnum, upplifun sem hún hefur öðlast með fræðslu og samtölum við fjöldann allan af börnum og unglingum.

Gagnaöflun

Fyrsta einstaklingsviðtal rannsóknarinnar fór fram í septemberlok 2014 og það síðasta um miðjan febrúar 2015. Þátttökuathugun fór fram þann 15. október 2014 en þá fylgdist ég með leiknum Djúpu lauginni í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Önnur gagnaöflun átti sér stað jafnt og þétt frá hausti og fram í mars 2015. Segja má að rannsóknarferlið hafi í heild tekið um 7 mánuði.

Áður en hvert viðtal hófst las ég vel yfir viðtalsrammann og reyndi að læra hann utanbókar að mestu svo hann truflaði ekki samræðurnar. Eftir því sem viðtölin þróuðust og ég fór að sjá ákveðin þemu birtast í gögnunum breyttist viðtalsramminn í takt við það. Ég fór að sjá hvað það var sem skipti mestu máli og gat því kafað dýpra eftir þeirri þekkingu í næsta viðtali. Í upphafi hvers viðtals byrjaði ég á því að kynna mig og rannsóknina mína, ég lofaði stelpunum trúnaði, lagði áherslu á neitunarrétt þeirra og áréttaði að ég væri ekki að leita eftir

réttum eða röngum svörum heldur aðeins þeirra upplifun hverju sinni. Ég bað þær um leyfi til að fá að hljóðrita samtölin og gerði ég það ýmist með símanum mínum eða ípad, en ég notaði bæði tækin með rýnihópnum. Áður en ég hóf að spyrja spurninga bað ég stelpurnar um að skrifa undir samþykkis- og trúnaðarblað (sjá viðauka 2) og skrifaði ég einnig undir það.

Þar sem ég var að spyrja viðmælendur um málefni sem einhverjum gæti þótt erfitt að ræða um, kynlíf, þá lagði ég mig fram við að skapa notalegt og gott andrúmsloft á milli mín og þeirra. Þar sem allar stelpurnar búa enn í foreldrahúsum varð oftast úr að viðtölin fóru fram á heimili mínu. Ég gætti þess þá að við fengjum góðan frið og reyndi að skapa þægilegt andrúmsloft með því að hafa heimilið hreint og fínt, kveikja á kertum og bjóða stelpunum upp á kaffi og súkkulaði, sem fæstar þó þáðu. Tvö viðtalanna fóru fram á kaffihúsi vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Annað á kaffihúsinu láu við Lækjartorg og hitt á kaffihúsinu Súfistanum í Hafnarfirði. Í báðum tilfellum reyndum við að koma okkur fyrir á rólegum stað inni á staðnum. Eftir á að hyggja tel ég ekki góðan kost að taka viðtal á kaffihúsi. Eitt einstaklingsviðtal fór fram í vinnuherbergi á Þjóðarbókhöðunni og rýnihópaviðtalið fór einnig fram þar.

Með leyfi frá starfsfólki og formanni nemendaráðs framkvæmdi ég þátttökuathugun á *Djúpu lauginni*. Það var þó með þeim skilyrðum að ég léti lítið fyrir mér fara og væri hlutlaus áhorfandi. Ég samþykkti það og áráddi því að taka ekki nein viðtöl á staðnum, ljósmyndir eða hljóðupptöku. Ég settist aftarlega í salinn og reyndi að fylgjast vel með öllu því sem fyrir bar af áhuga og athygli. Þar sem ekki var hljóðritað ritaði ég þeim mun meira niður til að hjálpa til við frekari greiningu. Skrif á vettvangsnótum hófust strax að atburðinum loknum og þeim var lokið strax næsta morgun á meðan atburðir kvöldsins voru enn í fersku minni.

Úrvinnsla og greining gagna

Segja má að gagnagreining hafi farið af stað um leið og hverju viðtali var lokið með frumgreiningu í formi athugasemda rannsakanda (AR). Þá skrifaði ég hugleiðingar mínar niður eftir hvert viðtal og eins hélt ég til haga því sem mér þótti áhugavert og því sem vakti sérstaka athygli mína hverju sinni. Flest viðtölin voru um klukkutími á lengd, það stysta var rétt tæpar 40 mínútur og það lengsta, rýnihópaviðtalið, var 103 mínútur. Þar sem flest viðtölin fóru fram að kvöldi til hófst afritun gjarnan að morgni næsta dags, í einhverjum tilvikum dróst afritun um nokkra daga. Afritaðar síður telja samanlagt 314 blaðsíður.

Að lokinni afritun hófst eiginleg gagnagreining með opinni kóðun en þegar henni er beitt eru gögnin marglesin ítarlega þar sem rýnt er í hverja setningu með það fyrir augum að koma auga á ákveðin þemu og tengingar út frá orðum viðmælanda. Að því loknu er markvissri kóðun beitt þar sem farið er enn á ný yfir gögnin og kafað er enn dýpra ofan í þau þemu sem

komu oftast fyrir í opnu kóðuninni (Creswell, 1998; Charmaz, 2006). Ég leitaði eftir því sem ítrekað kom fram í gögnunum og fann ákveðna þætti sem voru sameiginleg upplifun allra viðmælenda minna. Eins rýndi ég í ólíka upplifun þeirra á ákveðnum þáttum og leitaðist við finna helstu tengingar og þemu. Með sífelldum samanburði mátti smám saman greina mynstur sem varð að lokum að þeim niðurstöðuköflum sem í ritgerðinni má finna, byggt á meginþemum og undirþemum.

Siðferðileg álitamál

Mikilvægt er að gæta að siðferðilegum þáttum þegar vísindaleg rannsókn er framkvæmd. Samkvæmt Sigurði Kristinssyni (2013) er jafn mikilvægt að huga að siðferðilegum kröfum rannsóknar og aðferðafræðilegum. Hann bendir á að afar mikilvægt sé að vanda til siðferðilegra verka við framkvæmd rannsókna. Ég tek undir með Sigurði og tel að gæta þurfi vel að því að sinna þessum þætti rannsóknarinnar vel. Frá upphafi lagði ég mig fram við að veita viðmælendum mínum greinargóðar upplýsingar um rannsóknina og tilgang hennar svo þær gætu veitt upplýst samþykki fyrir þátttöku. Þeim var bent á að þær hefðu leyfi til að hafna þátttöku eða sleppa ákveðnum spurningum án eftirmála hvenær sem var í ferlinu. Þær voru beðnar um að skrifa undir samþykkis- og trúnaðareyðublað og lofaði ég þeim fullum trúnaði og nafnleynd. Þeim var einnig öllum gefið gervinafn í ritgerðinni. Framkoma og samskipti mín við viðmælendur einkenndust af virðingu og trausti og engin hlaut eða ætti að geta hlotið skaða af þátttöku í rannsókninni. Öll gögn sem rannsókninni tengdust voru geymd á góðum stað þar sem enginn annar en ég hafði aðgang að þeim. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar.

Samantekt

Í þessum kafla hef ég farið lið fyrir lið yfir það hvernig rannsóknin var framkvæmd. Hér kynnti ég einnig þátttakendur í rannsókninni og sagði frá vali og aðgengi að þeim. Gagnaöflun og greiningu gagna var gerð skil og í lok kaflans var farið yfir siðferðileg álitamál rannsóknarinnar.

Í næsta kafla verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar. Þeim kafla verður skipt í fjóra hluta. Í fyrsta hluta verður farið í þá kynlífsmenningu sem á sér stað innan félagslífs framhaldsskólanema og almennt í daglegu lífi þeirra að mati viðmælenda. Í öðrum hluta verður farið í líkamann og kynferðisleg samskipti bæði innan vinahópsins sem og á milli kynjanna. Rýnt verður í birtingarmyndir kynferðislegra samskipta í félagslífi og viðburðum

framhaldsskólanna. Í þriðja hluta kemur svo fram sýn viðmælenda á þá kynfræðslu og kynjajafnréttisfræðslu sem þeim hefur staðið til boða á skólagöngu sinni.

3. Dægurmenning og kynlífsvæðing

Í þessum kafla verður skoðað hvernig viðmælendur upplifa áhrif kynlífs- og klámvæðingar á dægurmenningu unglunga í dag. Hér verður einnig rýnt í líkamann, útlit, klæðnað og kynþokka. Skoðað verður hversu miklu máli útlit líkamans skiptir í daglegu lífi ungra kvenna og þá ekki síst þegar kemur að kynferðislegum tilburðum. Þeirri samfélagslegu kröfu að raka í burtu öll kynfærahár verður svo gerð sérstök skil þar sem sú sterka krafa kom afar áberandi fram í öllum viðtölunum.

Kynlífsvæðing og klámvæðing

Allir viðmælendur mínir telja kynlíf vera áberandi í menningu ungs fólks í dag og aðspurðar hvort áreiti tengt kynlífi sé víða var svar þeirra allra einróma „já“. „Kynlíf er allsstaðar“ sögðu þær og bentu á að samfélagið væri afar upptekið af kynlífi og stöðug orðræða um kynlíf og kynþokka sé í nánast öllu menningarefni, samræðum og viðburðum ungs fólks. Kristín benti á að áreitið væri stöðugt: *„Það er auðvitað bara allt morandi í kynlífi allsstaðar, þú veist bara í öllu sem maður sér og svona. Eins og bíómyndir og þættir og allt það, bara þú veist allsstaðar“*.

Eins og áður hefur komið fram þá ýtir kynlífsvæðingin þó undir það að mörkin á því sem fólk telur eðlilegt í tengslum við kynlíf teygjast stöðugt. Þolið verður sífellt meira og ákveðnir þættir sem áður þóttu of grófir þykja í dag falla undir það sem við köllum venjulegt. Þannig hafa til dæmis tónlistarmyndbönd breyst mikið í takt við aukna tækni og bendir Dines (2010) m.a. á að frægar ungar tónlistarkonur eins og Britney Spears og Miley Cyrus [mitt innskot] séu farnar að nota þekktu klámmyndaleikstjóra til að leikstýra tónlistarmyndböndum sínum. Í kjölfarið hafa þær fengið mikil og sterk viðbrögð frá samfélaginu og líklega er þá tilganginum náð. Til þess að ná athygli í samfélagi sem er svo yfirdrifið af áreiti þá er nauðsynlegt að standa upp úr á einhvern hátt. Því meira sem sýnt er af líkamanum og því klámfengnari sem myndböndin eru því meiri viðbrögð virðast þau fá. Tónlistarkonurnar koma þannig nafni sínu á blað og fá aukinn pening í kassann. Það er lítið sem bendir til þess að samfélagsleg ábyrgð sé höfð að leiðarljósi hjá tónlistarfólki þar sem sterkar staðalímyndir eru settar fram í myndböndunum.

Á sama tíma og tónlistarmyndbönd verða æ grófari eykst jafnframt frægd tónlistarfólksins og líta margar stelpur á söngkonurnar sem fyrirmyndir sínar. Viðmælendur mínir átta sig flestar á því að sú kvenímynd sem sett er fram í myndböndunum er byggð á hlutgervingu kvenna og klámímyndum og því ekki góðar fyrirmynd sem birtast þar. Engu að síður hafa þau áhrif á stelpurnar. Rebekka segir frá því að hún hafi unnið verkefni í skólanum um tónlistarmyndbönd og lýsir því svona:

Við tókum eitthvað tónlistarmyndband með... ég veit ekki alveg hvað þetta var Rihanna og Shakira eða eitthvað og við tókum hljóðið af og létum fólk bara horfa á myndbandið og þá var þetta bara fáránlegt, þetta var bara klám. Þetta eru bara þær í nánast engum fötum að dansa við hvor aðra og nudda sér uppvið hvor aðra og eitthvað svona mjög skrýtið sko. Þetta meikar engan sens því það eru alveg sex ára stelpur að horfa á þetta líka.

Með orðum sínum leggur Rebekka áherslu á hversu slæmar fyrirmyndir tónlistarkonur geta verið fyrir ungar stelpur þegar þær senda frá sér tónlistarmyndbönd þar sem aðaláherslan virðist vera á hið kynferðislega myndmál en ekki á tónlistina. Kornungar stelpur horfa á þessi myndbönd enda er aðgangur að þeim óheftur, en þær hafa ekki þroska til að veða og meta þau skilaboð sem þær fá varðandi valdastöðu kvenna og birtingarmyndar kvenlíkamans í þeim. Unglingsstúlkur eiga sjálfar erfitt með þessi skilaboð því þó þær átti sig á því að birtingarmyndir kvenlíkamans í tónlistarmyndböndum séu óraunverulegar og ýktar þá eru þær sammála um þeim fylgi samt aukin útlitspressu á ungar stelpur sem erfitt er að komast undan. Hildur orðar það svona: *...„Það eru rosaleg áhrif frá tónlistarmyndböndunum. Þú verður að vera nógu flott og þú verður að vera nógu grönn og allt það, þú veist þessi útlitsdýrkun.“*

Tengingin á milli útlitsdýrkunar og kynverundar er afar sterk þar sem stelpur keppast við að ná „hinu fullkomna útliti“ fyrst og fremst til þess að fanga athygli strákanna. Strákar virðast gera töluverðar kröfur til stelpna og til útlits kvenlíkamans, enda eru þeir sjálfir undir sterkum áhrifum frá fjölmiðlum. Áhrif kynlífs- og klámvæðingar teygja anga sína víða í dægurmenningu, félagslífi, athöfnum og samskiptum unglunga og verður þeim nánar lýst í þeim köflum sem hér á eftir koma. En fyrst rýnum við nánar í útlitsdýrkun samfélagsins.

Líkami og útlit

Það er ekki nokkur leið að neita því að útlitsdýrkun á sér í samfélaginu okkar í dag. Hvert sem litið er má sjá greinar, þætti, auglýsingar, ljósmyndir og bíómyndir sem fjalla á einn eða annan hátt um útlitið og skilaboðin ná alveg niður til mjög ungra barna. Konur upplifa mun meiri þrýsting varðandi útlitið og þær þurfa að standa undir mun ítarlegri kröfum en karlar (Dines, 2010; Bartky, 1998).

Konum og stelpum er kennt að gildi þeirra sé falið í útlitinu og að með því að ná hinu „fullkomna útliti“ nái þær ákveðinni stöðu í samfélaginu og að það felist vald í fegurðinni. Hin „fullkomna kona“ dregur til sín karlmannsaugað og með samruna karlmennsku og kvenleika viðhelst gangverk kynjakerfisins (sjá kafla 2). En konur þurfa að hafa mikið fyrir því að öðlast

og ekki síður viðhalda fegurðinni. Í blöðum, sjónvarpi og á netinu má finna óendanlegt magn upplýsinga um það hvernig bæta má útlitið. Við lesum greinar um það hvernig hin og þessi fór að því að missa x mörg kíló, hvernig við getum fullkomnað förðunina, fengið betri húð, stinnari rass, hvítari tennur og fengið hárið til að glansa meira.

Eldey talar einmitt um að útlitsdýrkunin sé orðin svo mikil og nái orðið til svo ungra barna að hana hrylli við. Hún sagði litla frænku sína eyða löngum stundum í leik á netinu sem gengur út á það að þrifa húð. Þannig birtist kvenandlit á skjánum og það er bæði bólótt og húðin er óhrein. Sá eða líklega í flestum tilfellum sú sem spilar leikinn fær stig eftir því hversu vel gengur að fjarlægja bólurnar og gera húðina hreinni og fallegri. Þegar húðin er orðin lýtalaus þá má farða andlitið. Annar tölvuleikur sem minnst var á í viðtölunum var leikur sem María nefndi að litlar stelpur sem hún þekkir til leiki gjarnan. Sá leikur snýst um að klæða tággranna dúkku í fót, velja fyrir hana bestu fylgihlutina og bæta svo við förðun og hárgreiðslu. Ekkert annað gerist í leiknum en María benti á að dúkkan eða stelpan sem verið er að klæða sé áberandi grönn og „fullkomin“. Það er því óhætt að segja að hin félagslega mótun þar sem útlitsdýrkunin smýgur inn í vitundina hefst snemma á lífsskeiði kvenna. Í fjölmiðlum er til dæmis mjög gjarnan sett fram ákveðin ímynd hins fullkomna líkama og athygli vekur að hann er nánast alltaf eins, ofurgrannur, ungur og stinnur og húðin, hárið og tennurnar eru lýtalausar (Gill, 2008).

Viðmælendur mínir eru sammála því að stelpur þurfi almennt að uppfylla ansi stífar kröfur varðandi útlit sitt. Það er ekki nóg að vera sæt og með fallegan líkama, þær þurfa líka að vera kynþokkafullar og aðlaðandi. Þær telja það skipta miklu máli hvert viðmið hópsins er sem viðkomandi tilheyrir. Það er áriðandi að falla vel að hópnum sínum. En stelpurnar telja að pressan varðandi útlitið tengist gjarnan því að fá athygli strákanna ásamt því að standa undir kröfum samfélagsins sem gerir svo mikið úr fegurð. Strákarnir virðast samkvæmt viðmælendum líka búa við útlitskröfur en að þær kröfur séu af allt öðrum meiði en útlitskröfur stelpna. Heiðrún komst svo að orði:

[...] eins og þegar þeir fara kannski á ball þá eru þeir í buxum og skyrtu og sést kannski bara í andlitið á þeim á meðan stelpur eru í stuttum kjólum, með brjóstaskoruna upp og rassinn sýnilegan. Ég meina af hverju er ekki lauslátur klæðaburður hjá strákum, af hverju eru þeir alltaf meira klæddir en þær?

Hún heldur áfram að tala um þær kröfur sem stelpur þurfa að uppfylla „[...]Eins og okkur finnst ekkert skemmtilegt að þurfa alltaf að mæta einhverjum óraunhæfum kröfum í tengslum við útlitið.“ Rebekka tekur undir með henni og segir „[...]Þeir eiga að vera snyrtilegir og fínir á

meðan stelpurnar eiga bara að sýna allt sem mögulega hægt er að sýna, sem mér finnst alveg frekar sorglegt sko.“

Þar sem gildi stelpna virðist gjarnan vera falið í útlitinu og kynþokkanum þá felst útlitskraftan ekki eingöngu í því að uppfylla ákveðna fyrirframgefna staðla heldur er áhersla lögð á mikilvægi þess að flagga því sem þær hafa. Þær mega ekki gleyma að bera fram kynþokkann. Viðmælendur mínir sjá þessar kröfur ekki í jákvæðu ljósi heldur telja þær þetta vera ósanngjarnan mismun milli kynjanna. Þrátt fyrir að stelpurnar telji ósanngjarnt að þurfa að uppfylla svona stífar útlitskröfur þá taka þær meðvitað eða ómeðvitað þátt í því að viðhalda kröfunum. Þannig eru þær stöðugt að bera sig saman við aðrar stelpur ásamt því að meta í sífellu útlit hver annarrar. Heiðrún segir um það:

Já ég held að þetta snúist mjög mikið um að sýna þig fyrir strákunum bæði í skólanum og bara allsstaðar. Ég held líka að þetta snúist um stelpurnar í kringum þig, ef þær eru rosa fínar þá er alltaf pressa á þér. Þú vilt ekki vera ein eitthvað útúr, þú vilt vera með hópnum skilurðu.

Þarna kemur enn á ný svo greinilega í ljós hversu sterkur hópurinn er, það skiptir miklu máli að falla vel að hópnum sínum. Í kafla 2 var talað um hið karllæga augnarráð og sjá má á orðum Heiðrúnar hversu miklu máli það skiptir stelpur að líta vel út í augum strákanna. Rebekka undirstrikar orð Heiðrúnar en gerir þó greinarmun á sjálfri sér og hinum stelpunum. Hún segist ekki ganga eins langt og margar stelpur til að fá athygli.

[...] Stelpur eru líka að gera svo margt eins og að sleppa því að borða og klæða sig eins og ég veit ekki hvað bara til að sækjast eftir athygli. [...] Þegar ég fer á djammað á veturna þá er ég samt með vettlinga í vasanum og með trefil og svona af því að ég vil ekki drepast úr kulda en svo labba stelpur framhjá mér í tíu sentímetra pinnahælum og kjól sem nær ekki niður fyrir sníp skilurðu. Ég bara skil ekki þessa hugsun, en þetta er náttúrulega bara til að þær fái athygli frá strákunum.

Steinunn ítrekar þetta með athyglina, en hún lýsir útlitspressunni á þennan hátt:

Þetta snýst mjög mikið um að ná athyglinni, sérstaklega frá strákum og líka þú veist bara til að vera ekki stelpan sem er afbrýðisöm skilurðu. Frekar að vera stelpan sem er hærra uppi og þá eru hinar afbrýðisamar skilurðu. Það er mjög mikið um það. Það skiptir svo miklu máli að vera mjó og sæt, með flottar augabrúnir og allt þetta. Þú ert vinsæl ef þú ert sæt. Maður þarf eiginlega að hafa allt saman, helst að vera með sílíkon og allt bara.

Dines (2010) heldur því fram að stelpur séu félagslega mótaðar á þann hátt að þær fara að trúá því að ákveðin völd séu falin í útlitinu og kynþokkanum. Hún segir að samfélagsleg ósannindi sannfæri stelpur um að mestu völdin felist í því að hafa útlit og kynþokka sem strákar laðast að og stelpur öfunda. Á þann hátt ná þær vissulega ákveðinni athygli og jafnvel einhverri stöðu en raunveruleg völd leynast yfirleitt ekki í útlitinu. Orð Steinunnar ríma vel við þessa kenningu Dines. Stelpurnar vilja falla vel að hópnum sínum eða keppast við að vera sætust og ná sem mestri athygli. Mikil vinna fylgir því að huga stöðugt að útlitinu og samkeppnin er mikil, stelpur geta verið grimmar við hver aðra og þær eiga það til að dæma hver aðra hart eins og Hildur bendir á:

Stelpur dæma hvor aðra mun harkalegra en strákar dæma hvern annan. [...] Við stelpurnar berum okkur mjög mikið saman sko. Þú ert alltaf að pæla hvað hin stelpa var að gera, hvernig hún lítur út og svona, alltaf svona samkeppni þú veist. Maður er alltaf að bera sig saman við hana, þú veist „er ég nógu flott“ og eitthvað svona skilurðu.

Hrefna fær að eiga síðasta orðið hér en hún tekur undir með kynsysturum sínum varðandi samkeppnina og dómhörkuna. Hún bendir einnig á hversu slæmur vítahringur útlitspressunnar er þegar stelpur upplifa að sama hvað þær gera þá ná þær aldrei takmarkinu. Þó þær reyni að uppfylla væntingar samfélagsins á allan hátt m.a. með því að leggjast undir skurðarhnífinn þá er það ekki nóg. Ef brjóstin eru of lítil eru þær ekki nógu kynþokkafullar, ef brjóstin eru of stór eru þær barbídúkkur. Hrefna bendir í raun á að sama hvað stelpurnar leggja sig fram þá teljast þær aldrei nógu góðar.

Mér finnst líka vera fullt af sætum stelpum sem eru kannski í ofþyngd og ef eins og vinkona mín er hrifin af strák og hann sefur hjá hinni þá segir hún alveg „Oj svo svaf hann hjá þessari feitu druslu“ og eitthvað svona. En það er ekkert spád í manneskjunni eða andlitinu eða eitthvað það er bara horft á það hvað hún er feit. Og það sama til dæmis ef stelpa er rosalega sæt en fékk sér of stór sílíkonbrjóst þá er bara „Oj helvítis barbídúkkan“ og eitthvað, það er alltaf fundið eitthvað sem hægt er að setja útá. Það er enginn nógu góður í dag.

Kynfærarakstur

Líkamshár eru sannarlega hluti af útliti líkamans og fjarlæging líkamshára er hluti af útlitspressunni sem rætt var um í kaflanum hér að ofan. En þar sem skapaháratískan eða öllu heldur fjarlæging skapaháranna er svo sterk krafa á ungar stelpur í dag ákvað ég að gera kynfærarakstri sérstök skil hér.

Fyrir viðmælendum mínum, stelpum á tvítugsaldri er það normið að raka eða vaxa hvert einasta skapahár í burtu. Þær segja flestar að sér þyki það betra og snyrtilegra að raka allt af en ekki. Á sama tíma viðurkenna þær þó að þetta sé mikil vinna og ekki alltaf auðveld. Þær segja að þó margir strákar raki sín kynfærahár þá búi strákar ekki við sömu kröfur og stelpurnar, strákarnir hafa frjálst val. Rebekka segir m.a.: „[...]Það er bara ekki séns að vera alltaf 100% hárlaus og svo eru stelpur með þessar kröfur að þær megi bara ekki vera með eitt stingandi strá á meðan strákarnir mega bara vera eins og þeir vilja.“ Rebekka viðurkennir að hér sé lögð fram óraunhæf krafa á stelpur varðandi útlit líkamans, hárið vex og því full vinna að halda líkamanum stöðugt hárlausum.

Steinunn telur rakstur kynfærahára vera frjálst val hverrar konu og talar um þægindin sem þessu fylgja „[...]Stelpum finnst það þægilegra svoleiðis og bara snyrtilegra að vera ekki með neitt á, þannig.“ En þegar hún var spurð nánar út í það hvort þetta sé í raun frjálst val eða hvort stelpur upplifi þrýsting til að fjarlægja skapahárin segir hún: „Umm, já ég myndi halda það sko, sérstaklega þegar maður fer í sund og svona, þá horfa hinar stelpurnar á þig og spyrja af hverju þú rakar ekki allt og þannig kemur náttúrulega svona pressa.“ Þegar hún staldrar þarna aðeins við áttar hún sig á því að valið er líklega ekki eins frjálst og hún taldi, stelpur eru undir augljósum þrýstingi til að fjarlægja hárin.

Dines (2010) telur víst að sú krafa að raka hvert einasta hár af kynfærasvæðinu sé bein afleiðing klámvæðingarinnar. Hún segir ungar konur ekki alltaf átta sig á því hvaðan hugmyndin hafi sprottið. Vinsælir sjónvarpsþættir og glanstímarit eru meðal annarra milliliðir á milli fyrirmynda úr klámi yfir í tískustrauma unglingsstelpna. Þær sjálfar átta sig þannig ekki á því hvaðan tískan kemur, fyrir þeim er þetta bara sjálfsagt og eðlilegt. Eins má sjá í orðum Steinunnar eru áhrif hópsins mikil, stelpurnar eru eins og fram kom hér að ofan stöðugt að meta hver aðra og þrýstingur myndast innan hópsins.

Heiðrún er sammála því að það sé töluverður þrýstingur á stelpur að raka hárin af: „[...]Það er alveg asnalegt að vera ekki rökuð sko, skilurðu. Ef það koma einhver komment eða eitthvað þá er það svona „Oj ertu ekki rökuð“ skilurðu og eitthvað svona.“ En það er ekki bara vinahópurinn sem þrýstir á að stelpur raki sig. Strákarnir virðast hafa sterka skoðun á því líka og samkvæmt viðmælendum mínum telja strákar stelpur vera snyrtilegri ef þær raka allt af. Fjölmíðlar eru duglegir að senda frá sér skilaboð sem tengja konuna saman við náttúruna, þeir selja þá ímynd að konan eigi að vera mjúk og hárlaus eins og blóm í náttúrunni (Toerien og Wilkinson, 2003). Því má geta sér þess til að bæði stelpur og strákar meðtaki skilaboðin og líti á kynfærahár kvenna sem afar óæskileg og jafnvel merki um subbuskap. Eldey bendir á þá staðreynd að stelpur eru ekki hárlausar frá náttúrunnar hendi og þessi krafa getur reynst stelpum afskaplega erfið. Þær vilja ef til vill taka þátt í tískunni og vera eins og hinar en hafa ekki tök á því:

Það eru heldur ekkert allir sem geta rakað sig eins og ég sjálf til dæmis. Ég bara get það ekki, ég fæ bara sýkingar og útbrot og inngróin hár og eitthvað. Þetta er bara vesen fyrir mig svona heilsufarslega. Það eru ekkert allir sem gera sér grein fyrir því að það geta þetta ekkert allir. [...] Mér finnst líka mjög óþægilegt að strákurinn sem ég er hrifin af, honum finnst ógeðslegt að stelpur séu með hár þarna. Ein stelpa spurði nokkra stráka að þessu og ég veit að hann sagði þetta og það er ótrúlega erfitt fyrir mig, þú veist, af því að ég get ekkert rakað þetta allt af. Mér finnst svo ósanngjarnt að vera metin út frá þessu.

Eldey upplifir sig í vondri stöðu gagnvart kynfærahárunum, strákurinn sem hún er hrifin af virðist hafa mjög ákveðna skoðun á þeim en Eldey hefur ekki tók á að elta tískuna í þessum efnum. Henni þykir ósanngjarnt að vera metin út frá því hvort hún er rökuð á kynfærasvæðinu eða ekki. Hún talar um að fólk átti sig ekki á því að þetta sé ekki á allra færi og upplifir þannig að hún standi fyrir utan hópinn þar sem hún getur ekki fjarlæggt skapahárin eins og hinar stelpurnar. Þarna hefur hin samfélagslega krafa varðandi útlit verulega neikvæð áhrif á tilhugalíf hennar og tilfinningar.

Þegar þátttökuathugun á Djúpu lauginni fór fram hjó ég eftir viðbrögðunum í salnum þegar stelpurnar á sviðinu voru spurðar út í kynfærahárin. Ein stelpnanna svaraði því til að sér fyndist smá hár í lagi, „*bara svona smá rönd*“ sagði hún og um leið heyrði ég strákahóp sem sat í kringum mig segja samtaka upphátt „*Oj bara*“. Þeir sögðu þetta að því er virtist án þess að hugsa, þetta voru nokkurnveginn ósjálfráð viðbrögð við orðum stelpunnar. Þetta tel ég vera gott dæmi um það hversu sjálfsgöð og sterk krafa rakstur kynfærahára er á ungar stelpur í dag.

Samkvæmt viðmælendum mínum sem eru í föstu sambandi virðist slakna aðeins á þessum kröfum þegar viðkomandi er komin í samband. Stelpurnar telja að það megi rekja til þess að í föstu sambandi hittist fólk gjarnan daglega og nýtir flestar stundir saman. Þá átta bæði stelpa og strákurinn sig á því að fullkomið hárleysi er ekki mögulegt allan sólarhringinn allan ársins hring og þá „*hætta þær að nenna þessu*“ eins og Nína Björg segir.

Allar stelpurnar í rannsókninni raka sig á kynfærasvæðinu nema Eldey, flestar fjarlægja þær öll hár en þrjár þeirra segjast skilja eftir smá rönd. Stefanía segist alltaf skilja smá eftir því annars upplifi hún sig eins og smábarn og segir: „*Mér finnst skrýtið að hafa ekkert gras á vellinum*“. Eins og fram kom í kafla 2 um kynlífsvæðinguna þá fylgir kynlífsvæðingunni oft að börn eru sett fram á kynferðislegan hátt og fullorðnar konur þykja kynþokkafyllri eftir því sem þær eru unglegri (Report of the APA Task Force on the Sexualization of girls, 2007). Því má tengja fjarlægingu skapaháranna við þá ímynd að hin fullvaxta kona líti út eins og lítil stúlka og þyki í kjölfarið kynþokkafyllri. Mörgum unglingsstelpum þykir óeðlilegt að líta út eins og

smástúlkur eins og Stefanía bendir á. Nína Björg tekur undir með henni og segist líka alltaf skilja eftir smá hár, en hún segist einnig telja að þetta sé smám saman að breytast hjá unglingum í dag. Hún telur að fleiri og fleiri stelpur séu farnar að skilja eftir smá hár bæði vegna útlitsins þ.e. að líta ekki út eins og smástelpa og eins vegna þeirrar miklu vinnu sem felst í því að raka stöðugt hvert einasta hár í burtu.

Samantekt

Viðmælendur mínir finna fyrir miklum áhrifum bæði frá kynlífs- og klámvæðingunni í orðræðu og kynlífsmenningu framhaldsskólanema. Viðmælendur eru sammála um að ungar stelpur búi við töluvert áreiti og miklar kröfur varðandi líkamann og útlitið. Útlitskröfurnar telja þær vera gríðarlega miklar, huga þarf að öllu, frá hári og niður að tám og sérstaklega mikilvægt er að fjarlægja öll óæskileg líkamshár. Skapahár eru talin óhrein og ókvenleg. Stelpurnar telja að það sé betra og snyrtilegra að fjarlægja kynfærahárin en viðurkenna þó að þær eigi ekki alveg frjálst val, það sé sterk krafa samfélagsins að raka allt af. Það krefst mikillar vinnu og tíma að ætla sér að uppfylla útlitskröfurnar og finnst stelpunum oft erfitt að standa undir öllum kröfunum. Viðmælendur segja stráka hafa frjálst val bæði varðandi útlit, klæðnað og kynfærarakstur, þeir gera bara það sem þeir vilja óáreittir. Það telja stelpurnar sig ekki hafa, bæði vegna mikillar samkeppni og vegna þess að hópurinn, samfélagið og ekki síst strákarnir setja viðmið sem þær þurfa að standast.

4. Kynferðisleg samskipti

Hér verður skoðað hvernig viðmælendur mínir upplifa samskipti í tengslum við kynlíf. Bæði er rýnt í samskipti við hópinn sem viðkomandi tilheyrir og eins samskipti milli kynjanna. Skoðað er hvaðan þrýstingur myndast og hver birtingarmynd hans er. Hér verður einnig reynt að varpa ljósi á það hverjar birtingarmyndir kynlífs eru í viðburðum framhaldsskólanna. Síðar í kaflanum verður rýnt í tengslin milli klámáhorfs og kynlífs unglunga að mati viðmælenda. Notkun samskiptamiðla til kynferðislegra samskipta verður einnig skoðuð og að lokum verður brjóstabyltingin #Free the nipple ávörpuð.

Kynferðisleg reynsla

Þegar komið er á framhaldsskólaaldur þá fer kynferðisleg reynsla að skipta máli. Í viðtölunum kom fram að þar sem töluvert er talað um kynlíf innan veggja skólanna og innan vinahópa þá getur reynst erfitt að geta ekki tekið þátt í umræðunum. Þær stelpur sem enga reynslu hafa upplifa sig gjarnan á vissan hátt fyrir utan hópinn sinn. Erna segir þær ekki vita af eigin reynslu um hvað hinar eru að tala: „*Það eru svo margir byrjaðir að stunda kynlíf að það er kannski leiðinlegt að vera eitthvað einn sem veit ekkert hvað hinir eru að tala um, maður vill kannski bara vera með.*“ Þarna skiptir hópurinn miklu máli og ef flestir í hópnum byrja snemma að stunda kynlíf þá er líklega meiri pressa en ef flestir gefa sér lengri tíma. Stelpurnar segja það vera einstaklingsbundið hvenær hver og ein manneskja telur sig tilbúna til að byrja að stunda kynlíf þó margar byrji að sofa hjá áður en þær telja sig tilbúnar.

Þó nokkrar af viðmælendum mínum segjast hafa stundað kynmök í fyrsta sinn þegar þær voru enn í grunnskóla og það hafi verið með þáverandi kærasta. Hinar fundu fyrir aukinni pressu að byrja eftir að þær voru komnar í framhaldsskóla, enda segja þær að þar sé almennt gengið út frá því að flestir hafi kynferðislega reynslu á bakinu. Þrýstingur hópsins er mikill þó hann sé jafnvel óbeinn eins og kemur fram í orðum Önnu Lóu: „*Þú veist vinkona mín til dæmis gerði það bara með einhverjum gaur af því að henni fannst þessi pressa vera komin á sig af því að það var asnalegt að vera eina stelpa sem hafði aldrei sofið hjá.*“ Þarna bendir Anna Lóa á hversu sterk ítök hópurinn hefur, það þykir asnalegt að vera eina stelpa sem ekki hefur sofið hjá og því upplifir viðkomandi þrýsting frá hópnum.

Athöfnin sjálf að stunda kynlíf með öðrum aðila í fyrsta sinn snýst því gjarnan um að verða fullgildur meðlimur hópsins en ekki um kynlífið sjálft. Stelpurnar eru flestar sammála um að það sé miklu algengara að stelpur drífi fyrsta skiptið af heldur en að þær geri það af kynlöngun eða forvitni. Það snýst fyrst og fremst um að næla sér í reynsluna og til að komast yfir þennan hjall sem þær álíta missi meydómsins vera. Margar stelpur drífa því fyrsta skiptið af hvort sem þær telja sig tilbúnar eða ekki eins og Heiðrún bendir á:

[...] Það er bara svo mikið um að stelpur bara þora ekki að gera þetta, þær eru bara ekki tilbúnar í þetta en bara út af pressunni allt í kringum sig þá bara fara þær og hella sig fullar til þess að þora og klára þetta bara af. Þær geta þá bara sett tékk á listann, eða þannig.

Áfengi kom ítrekað fram í tengslum við fyrsta skiptið og telja viðmælendur að stelpur séu mjög gjarnan undir áhrifum áfengis þegar þær stunda kynlíf í fyrsta sinn. Áfengisdrykkja getur vissulega haft áhrif á dómgreind einstaklinga en stelpurnar vildu meina að algengara væri að stelpur notuðu áfengi til að drekka í sig kjark fyrir fyrstu kynmök heldur en að þær stunduðu kynmök undir áhrifum án þess að hafa ætlað sér það. Það gerist líka en sjaldnar en hitt. Ástæða þess segja viðmælendur vera að stelpurnar óttast fyrsta skiptið og telja margar að best sé að fara í gegnum þá reynslu dofin af áfengisvímu. Ragnheiður telur að aldur og áfengi fari saman á þann hátt að eftir því sem stelpan er orðin eldri því meiri líkur á að hún drekki áfengi fyrir fyrstu kynmök: *„Ég held að stelpur geri þetta frekar undir áhrifum ef þær eru í þeim pakka að vera komnar í menntó og ekki búnar að prófa. Ef þú ert eldri þá er líkleggra að þú sért farin að drekka og þá kannski drífur þú þetta bara af.“* Hildur hefur ákveðnar skoðanir á því af hverju stelpur vilja drífa fyrsta skiptið af:

Ég held að það sé langmest um það að stelpur séu bara að klára þetta af, enda held ég að stelpur séu ekkert að fá neitt mikið út úr fyrsta skiptinu, þær eru hræddar við sársaukann og að rifna kannski og svona. Þær þekkja ekki líkama sinn það mikið og þær vita ekki mikið hvað þær eru að gera og vita heldur ekki hvað þeim finnst gott og eitthvað svona. Þær hugsa þá bara *“Okay, þegar hann er búinn að fá sitt þá er þetta bara búið“*.

Stelpur virðast samkvæmt orðum viðmælenda minna hafa litlar sem engar væntingar til sinna fyrstu samfara. Þær líta á reynsluna sem ákveðna „kven“dómsvígslu, eitthvað sem þær þurfa að klára af, en um leið leggja þær sig fram við að uppfylla væntingar strákanna. Þegar þeir hafa lokið sér af þá er athöfninni lokið.

Eins og Leitenberg og félagar (1993) sýndu fram á þá þekkja strákar líkama sinn og kynferðislega ánægju mun betur en stelpur. Fleiri strákar stunda sjálfsfróun en stelpur, þeir byrja fyrr og stunda hana oft. Rannsóknin þeirra var gerð í lok síðustu aldar og gera má ráð fyrir að eitthvað hafi breyst á síðusta aldarfjórðungi, en miðað við orð Hildar þá hefur sú breyting verið hæg og staðan virðist vera nokkuð svipuð. Eldey finnst að það þurfi að opna umræðuna og segja stelpum að það sé alveg jafn eðlilegt að þær stundi sjálfsfróun og strákar. Hún segir: *„En ég meina af hverju mega stelpur það ekki alveg eins og strákar eða*

þú veist. Við viljum líka einhvern unað eða hvað sem það er, af hverju ættu strákar að vilja það eitthvað meira en við?“

Í ákveðnum viðburðum innan félagslífs framhaldsskólanema er kynlíf fyrirferðamikið og er þá í mörgum tilfellum gert ráð fyrir því að nemendur hafi ákveðna reynslu í farteskinu. Einn slíkur viðburður er hin áður nefnda *Djúpa laug* en sá leikur getur samkvæmt viðmælendum mínum verið mjög kynferðislegur. Það sem vakti athygli mína í viðtölunum var hversu sterkt er gengið út frá því að allir séu gagnkynhneigðir sem taka þátt í *Djúpu lauginni*. Það er alltaf strákur að velja stelpu eða stelpa að velja strák. Spurningarnar eru einnig þess eðlis að ekki er gert ráð fyrir öðru en að kynin laðist að gagnstæðu kyni.

Eini viðmælandi minn í þessari rannsókn sem er opinberlega samkynhneigð sagði að hún og hennar vinir hefðu stungið upp á því að það yrði haldinn einn *Djúpu laugar* viðburður þar sem bara væru samkynhneigðir þátttakendur. Svárið sem þau fengu var á þessa leið: „Það fer bara allt í rugl.“ Ég spurði því hvort að það væri vegna þess að það væru svo fáir krakkar í skólanum opinberlega samkynhneigðir. Þá svaraði hún mér á þennan hátt: „Já og að þú veist að samkynhneigðir væru ekki týpur til að taka þátt í djúpu lauginni.“ Þarna má sjá hversu sterkar staðalímyndir ríkja í samfélaginu og speglast í viðhorfum framhaldsskólanema. Nemendur telja samkynhneigða ekki falla nógu vel að ímynd þessa leiks, þeir eru ekki réttu „týpunar“. Hvort í því felist dómur á útlit, hegðun eða kynhneigð viðkomandi kemur ekki fram, en ekki er víst að nemendur almennt átti sig á því hversu yfirgnæfandi gagnkynhneigðarhyggja og staðalímyndir ríkja í félagslífi þeirra.

Skoðum *Djúpu laugina* aðeins betur, tvær af viðmælendum mínum, þær Anna Lóa og Kristín hafa verið þátttakendur í þeim leik. Hinar stelpurnar hafa flestar verið áhorfendur að leiknum eða þekkja til hans án þess að hafa mætt á viðburðinn. Margar spurningar í leiknum eru þess eðlis að ekki er eingöngu gert ráð fyrir því að þátttakendur hafi stundað kynlíf með öðrum aðila heldur er áætlað að þeir séu hoknir af reynslu. Þannig var til dæmis spurt þegar ég gerði þátttökuathugunina hver sé uppáhaldsstelling viðkomandi og hann eða hún beðin um að leika svárið á sviðinu. Einnig var spurt hvað væri það yngsta og elsta sem viðkomandi hafði „farið í“, en þá var átt við aldur og samfarir.

Anna Lóa var í hlutverki spyrils og hafði hún ekkert að segja um eðli spurninganna, hún fékk afhentan spurningarlista þegar hún gekk á svið. Hún segir að sér hafi liðið óþægilega og ekki langað til að spyrja nokkurra spurninga sem henni þóttu of grófar. Það var þó ekki í boði og var henni þarna stillt upp við vegg. Fyrir framan fullan sal af nemendum lét hún því til leiðast og las upp spurningarnar á blaðinu. Kristín var í hlutverki svaranda, ein af þremur og sagðist hún aðspurð ekki hafa upplifað óþægindi þrátt fyrir grófleika spurninganna. Kristín sagði að sér hefði þótt gaman að taka þátt en þegar ég spurði hana hvort hún myndi mæla með þátttöku í leiknum við aðra þá sagði hún:

K: Ég veit það ekki alveg, eða nei ég held ég myndi ekki mæla með þessu. Allavega ekki fyrir alla sko.

R: Hverjir ættu ekki að taka þátt?

K: Æ, þú veist, þetta er náttúrulega ekki fyrir þá sem eru feimnir og svona. Þetta er sko alveg rosalega mikið kynferðislegt. [...] ég meina ef maður getur ekki svarað þá verður maður bara sko að búa eitthvað til skilurðu, eða þú veist ljúga bara af því að það eru náttúrulega allir að horfa á mann.

Stelpurnar segja að það líti ekki vel út að vera reynslulaus kynferðislega í svona leik og því töldu þær sem höfðu verið áhorfendur að svarendur segðu ekki alltaf satt. Það passar við orð Kristínar sem taldi einmitt betra að segja ósatt heldur en að uppljóstra um reynsluleysi sitt gagnvart einhverri spurningunni. Athygli vekur að samkvæmt svörum stelpnanna þá er algengt að þátttakendur séu nýnemar og að flestir áhorfendur í salnum séu það líka. Þarna er gert ráð fyrir að þátttakendur, bæði stelpur og strákar hafi reynslu af kynlífi og það töluverða reynslu. Í næsta kafla kemur þvert á móti fram að því reynsluminni sem stelpur eru því eftirsóknarverðari og kvenlegri þykja þær.

Viðmælendur mínir segja erfitt að feta sig eftir hinni grönnu línu sem stelpum er ætlað að ganga eftir, þær eiga að vilja kynlíf og fjölbreytni en þær mega ekki sýna það of mikið. Þrátt fyrir að stelpurnar sem ég ræddi við komi frá níu mismunandi framhaldsskólum þá þekkja þær allar leik sem kallast *Ég hef aldrei*. Viðkomandi leikur er mjög vinsæll hjá unglingum í dag og segja stelpurnar að hann sé leikinn í ýmsum ferðum s.s. nýnemaferðum og bekkjarbústaðaferðum og eins er hann algengur leikur í partyum sem haldin eru fyrir böll. Um er að ræða drykkjuleik sem stelpurnar segja að ungt fólk leiki aðallega til þess að ná fram töluverðri ölvun á stuttum tíma. Ekki er leyfilegt að drekka áfengi á framhaldsskólaböllum og því vilja nemendur samkvæmt orðum stelpnanna hella hratt og mikið í sig í fyrirpartyum til að áhrifin dugi út allt kvöldið. Nemendur telja að leikurinn henti vel til þess.

Í viðtölum mínum kom fram að þessi leikur verður nánast undantekningarlaust afar kynferðislegur. Til að útskýra leikinn nánar þá fer hann þannig fram að allir sitja saman í hring, með drykk í glasi og einhver einn byrjar á því að segja „Ég hef aldrei... (t.d. sofið hjá í tjaldi)“ og þá eiga allir sem hafa gert viðkomandi hlut eins og að hafa sofið hjá í tjaldi að taka einn sopa af sínum drykk. Þá á næsti að gera og svo koll af kolli. Með því að drekka sopa sýna þátttakendur hinum sem eru á staðnum hvað þeir hafa prófað og hvað ekki.

Ungmenninn slá gjarnan tvær flugur í einu höggi með því að fara í þennan leik. Stelpurnar segja að leikurinn sé sérstaklega vinsæll hjá nemendum á fyrsta og öðru ári framhaldsskólans. Flestir fara í hann bæði til þess að drekka áfengi og til þess að fá tækifæri til að ræða um kynlíf. Hildur segir að unglíngar séu almennt forvitnir hver um annan og langar bæði til að segja frá og hlusta á hvað hinir hafa gert. Það má gera ráð fyrir því að viljinn til að segja frá og ræða um kynferðislega reynslu sína sé nokkuð sterkur áhrifaþáttur þar sem nokkrir viðmælendur segja að þeir sem enga kynferðislega reynslu hafa stingi aldrei uppá þessum leik.

Það var áhugavert að sjá í viðtölunum að þegar stelpurnar byrjuðu að tala um *Ég hef aldrei* þá töluðu þær gjarnan um að flest allir taki virkan þátt í leiknum. Þegar ég spurði nánar út í leikinn kom aftur á móti í ljós að oft þegar ákveðið hefur verið að fara í leikinn þá vilja ekki allir vera með og er það þá ýmist vegna þess að viðkomandi drekkur ekki áfengi eða vegna þess að viðkomandi hefur litla eða enga kynlífsreynslu með öðrum aðila eins og sjá má á orðum Önnu Lóu: „*Sumir þú veist sem voru ekki byrjaðir að drekka eða þú veist þeir sem voru ekki búnir að upplifa neitt af þessu sem hinir voru að tala um, þeir vildu bara ekkert vera með. Það var náttúrulega ótrúlega leiðinlegt.*“ Þannig eru ákveðnir aðilar útilokaðir frá hópnum og þrátt fyrir að vera viðstaddir í gleðskapnum þá eru þeir ekki virkir þátttakendur heldur neyðast til að vera hlutlausir áhorfendur.

Stelpunum ber saman um að eftir því sem líður á leikinn og áfengið fer að renna um æðarnar þá verður leikurinn grófari. Þegar það fer að gerast standa gjarnan einhverjir upp og ganga í burtu, vilja ekki lengur vera með. Hægt er að áætla að hver og ein manneskja hafi ákveðin mörk sem hún vill ekki fara yfir og hver og einn ætti að geta valið fyrir sjálfan sig hvenær nóg er komið. Til að skilja betur hvað viðmælendur eiga við þegar þær tala um að leikurinn verði grófari það ég þær að nefna mér dæmi. Hildur lýsti sínum mörkum á þennan hátt: *[...]persónulega eru mín mörk þá að sofa hjá fleirum en einum eða þú veist ef það eru kannski þrjár manneskjur eitthvað að gera saman eða endaparmsmök eða.*“

Stelpurnar eru sammála um að það sé afar auðvelt að upplifa kynferðislegan þrýsting í gegnum leikinn *Ég hef aldrei*. Kristín var þó ekki sammála því og sagðist í það minnsta aldrei velta sér mikið uppúr því sem hinir væru að tala um og að hún sjálf segði ekkert alltaf satt, tæki bara stundum sopa og stundum ekki. Ef sú er raunin með marga unglíngar þá er vert að velta því fyrir sér hver tilgangurinn með leiknum sé þá í þeirra huga. Ef þeim er sama um hvað hinir segja og drekka bara af handahófi þá er markmið leiksins algjörlega óþarft og í raun hægt að sleppa kynlífssumræðunni og drekka bara áfengið.

Viðmælendur bentu flestar á hversu sterk áhrif hópurnar hefur, það er erfitt að falla ekki inn í hópinn og því telja þær að margar stelpur upplifi þrýsting í gegnum leikinn. Ef flestir aðrir hafa prófað ákveðna kynferðislega hluti þá finnst þeim að þær ættu að vera komnar með þá

reynslu líka. Þær segja erfitt að vera kannski sú eina á staðnum sem ekki deilir sömu reynslu og hinir og geta í kjölfarið ekki tekið þátt í samræðunum. Einnig benda þær á að í gegnum leikinn komi fram ýmsar nýjar hugmyndir og tillögur sem tengjast kynlífi og út frá því telji margar stelpur sig skorta meiri reynslu.

Stelpurnar tala þó einnig um að þær noti leikinn stundum til að stríða vinkonum sínum og þá sérstaklega þeim sem hafa mikla reynslu eða þeim sem hafa reynslu sem fáir hafa. Þá nefna þær eitthvað sem vinkonan hefur gert bara til þess að sjá hana eina taka sopa. Með þessu atferli passa stelpurnar vel upp á að einhver úr hópnum fari ekki of langt yfir línuna ósýnilegu sem virðist marka skilin á milli meyjunnar og druslunnar. Eins og fram kom í kafla 2 þá skiptir hið kynferðislega orðspor miklu máli. Ef viðkomandi hefur gert eitthvað meira en hópurinn telur sæmandi þá nota hinar tækifærið til að minna hana á það og hlæja að henni. Þetta er sett fram í gríni en um leið er þetta aðferð til að draga fram hvar og hver hefur stigið yfir línuna.

Kynferðislegur þrýstingur

Þrýstingur til að taka þátt í einhverskonar kynferðislegri athöfn getur komið fram með ýmsu móti. Hann getur bæði verið beinn og óbeinn. Eins og fram kom í kaflanum hér að ofan myndast stundum ákveðinn þrýstingur út frá reynslu vinnuhópsins og án orða verður til óbeinn þrýstingur. Í viðtölum mínum kom oft upp umræða um einhverskonar þrýsting, stelpurnar segjast upplifa allskonar þrýsting, frá fjölmiðlum, í gegnum leiki og viðburði sem tengjast félagslífi skólans, í gegnum vinnuhópin og síðast en ekki síst þá upplifa þær gjarnan beinan þrýsting frá strákum.

Eins og fram hefur komið m.a. í kaflanum um kynjakerfið, kynlífshandritið og kaflanum um kynheilbrigði unglunga þá eru strákar í valdastöðu gagnvart stelpum þegar kemur að kynlífi. Hið samfélagslega form hefur mótað kynin á ólíkan hátt með þeim afleiðingum að strákar reyna að uppfylla kröfur strákahópsins með því að sanna karlmennsku sína og krefjast valda. Stelpurnar eru valdalitlar og koma til móts við strákahópinn með því að vera aðlaðandi. Strákarnir sinna sínu hlutverki sem kynferðislegir gerendur og sýna gjarnan frumkvæði að kynlífi. Ef þeir fá litlar undirtektir eða neikvæðar þá ganga þeir jafnan enn harðar fram til að fá löngunum sínum fullnægt. Þegar strákurinn er eldri en stelpan þá verða valdahlutföllin enn ójafnari, en viðmælendur mínir segja að í framhaldsskólum sé nokkuð algengt að stelpur séu með eldri strákum.

Erna sagði mér frá því að á skólaböllum rugli eldri strákur og yngri stelpan gjarnan saman reitum. Í mörgum tilfellum er um gagnkvæman vilja þeirra beggja að ræða en í

sumum tilvikum beitir strákurinn valdi sínu og þrýstir hart á stelpuna. Erna hefur upplifað það sjálf:

Já, einhverntímann var einhver gaur á elsta ári og var eitthvað að spyrja mig hvort ég vildi fara með honum heim og þá var ég á fyrsta ári. Ég var alveg bara eitthvað „Nei” og þorði því ekki og eitthvað svona og þá var hann alveg mjög mikið að snerta mig og segja að þetta væri allt í lagi og bara allskonar eitthvað svona og þú veist ég var alltaf bara eitthvað „Nei, nei, nei.“

Ernu þótti þetta svolítið óþægilegt en sagðist þó hafa verið nógu ákveðin til að geta bara sagt nei við hann „*En það eru bara örugglega ekkert allir sem mundu segja eitthvað, þú veist að segja þeim að láta sig vera, en já ég allavega þorði því.*“ Hún upplifði þetta ekki sem kynferðislega áreitni en samkvæmt orðum hennar hefur hún þó verið búin að segja nei ansi oft við piltinn án þess að hann hafi hætt. Það er vert að velta því fyrir sér hvort þessi hegðun stráka sé svo algeng að stelpur telji þetta vera eðlilegt athæfi. Neitun er ekki tekin gild heldur harðar gengið á eftir kynlífinu. Erna gefur einnig sterkt í skyn að einhverjar stelpur þori ekki að segja nei við eldri stráka. Vegna ójafnrar valdastöðu telja þær sig ekki geta neitað strákunum. Rebekka talaði einnig um það hvernig völdin liggja í höndum strákanna og orðaði hún það á þennan hátt:

[...] strákar eru meira að yta á stelpur sko, þeir pressa á stelpurnar að gera hitt og þetta og koma með sér heim. Ef þær gera það ekki þá eru þær bara kallaðar ljótum nöfnum eða þú veist, strákar geta haft svo mikil völd. Ef það er strákur sem stelpa er skotin í og hann veit það til dæmis þá nýtir hann sér það. Hann gefur henni athygli og reynir að fá hana með sér heim en ef hún vill ekki gera það strax þá dissar hann hana algjörlega og þá segir hún kannski „*Okey ég skal gera þetta og þetta*“. Þú veist bara til að missa ekki athyglina frá honum.

Rebekka setur þarna fram skýrt dæmi um valdbeitingu stráka og má sjá í orðum hennar hvernig ríkjandi karlmennska og styðjandi kvenleiki (sjá kafla 2) vinna saman og viðhalda óbreyttu kynjakerfi. Stelpurnar standa ekki með sjálfum sér, heldur leggja sig fram við að uppfylla þarfir strákanna í þeirri von að viðhalda athyglinni sem þeir veita.

Í rýnihópaviðtalinu voru saman komnar stelpur sem nýlega hafa lokið framhaldsskólalagöngu og eiga útskriftarferð að baki. Þegar talið barst að útskriftarferðum skólanna kom í ljós að einkunnarorð slíkra ferða eru áfengi og kynlíf. Ferðirnar einkennast að miklu leyti af þessu tvennu þar sem áfengið er þó í fyrsta sæti og kynlífið í öðru. Stelpurnar voru sammála um að hafa upplifað mikinn kynferðislegan þrýsting bæði frá samlöndum

sínum sem og frá innfæddum körlum og öðrum ferðamönnum. Stelpurnar höfðu allar verið á sólarströnd og þar með fáklæddar meira og minna alla ferðina. Það virtust strákarnir líta á sem boðskort á kynlíf. Nína Björg lýsti því með leikrænum tilburðum hvernig ókunnugir strákar og jafnvel fullorðnir karlar komu aftan að stelpunum þegar þær voru að dansa, tóku utan um þær og nudduðu sér þétt uppvið þær. „*Þeir voru alveg mjög ágengir þarna, komu bara aftan að manni aftur og aftur og tóku í mann.*“

Hrefna upplifði þetta á sama hátt og fannst það verulega óþægilegt, hún sagði að flestar stelpurnar þarna hefðu verið í stöðugri vinnu við að ýta strákum og körlum frá sér. Verst hefðu strákarnir látið þegar stelpurnar voru að dansa:

Ég fann alveg nokkrum sinnum fyrir því að það var bara gripið utan um mjaðmirnar á mér og bara haldið fast, svo komu þeir bara aftur og svo var bara farið að sleikja á manni hálsinn og eitthvað. Maður var alveg bara „Nei, farðu.“

Ragnhildur segir að strákarnir hafi gerst mjög grófir: „*[...] Strákarnir voru grimmir, einn þeirra var meira að segja farinn að áreita stelpurnar virkilega mikið og við þurftum að berja hann niður bara oft sko. Það var ógeð.*“ Ragnhildur segir að hópurinn hafi staðið þétt saman og hjálpast að, annars hefði áreitið verið enn verra. Hún upplifði strákana að mörgu leyti stjórnlaus, á þann hátt að þeim fyndist þeir eiga að hafa greiðan aðgang að stelpunum eingöngu af því að þau voru stödd í útskriftarferð og því allt leyfilegt. Þeir virtust ekki veita því sérstaka athygli að áhugi stelpnanna var ekki alltaf gagnkvæmur og að þeir væru að beita þær kynferðislegri áreitni.

Hrefna sagði að það hefði einmitt komið sér svo á óvart hversu ágengir strákar sem hún taldi vini sína voru. Vinum hennar fannst einnig að allt ætti að vera leyfilegt þar sem um var að ræða útskriftarferð og því tækifæri til að „*rasa út.*“ Hún átti kærasta sem beið heima á Íslandi og þeir vissu af því: „*[...] Þeir vita alveg að ég er á föstu og heima bera þeir alveg virðingu fyrir sambandinu, en úti voru þeir bara stanslaust að biðja um eitthvað og ýta á mig.*“ Hrefna segir að vinir sínir hafi gengið harðar á eftir henni heldur en strákar úr öðrum skólum sem voru staddir þarna á sama tíma. Henni fannst vont að finna virðingarleysi strákanna gagnvart kærasta sínum og óþægilegt að verða stöðugt fyrir áreiti alla ferðina. Stelpurnar í rýnihópnum voru allar sammála um það að áreitið og þrýstingurinn hafi verið áberandi mikill.

Bólfélagar

Í kafla 4 þar sem rætt var um útlitið kom fram að viðmælendur mínir upplifa mikla samkeppni á milli stelpna. Þá er aðallega átt við varðandi útlit en einnig kom fram í viðtölunum að

keppnin snýst líka um vinsældir. Stelpurnar vilja fá athygli frá strákunum og þær vilja allar vera sætasta stelpan, enda telja viðmælendur mínir að vegna útlitsdýrkunar samfélagsins séu tengsl á milli þess að vera sæt og að vera vinsæl. Samkeppnin veldur því að stelpur eru gjarnan tilbúnar til að dæma hver aðra hart. Viðmælendur mínir segja að hinn stífi samfélagslegi rammi sem heldur utan um kynferðislega hegðun stelpna gefi ekkert eftir og því bregst umhverfið hratt við ef stelpur fara út fyrir hin „óskrifuðu“ mörk rammans. Samfélagið ætlast til þess að stelpur passi vel upp á líkamlega ásýnd sína ásamt því að kynþokkinn á að streyma frá þeim. Þannig er gert ráð fyrir því að þær laði til sín hið karllæga augnarráð og fullnægi sjónrænum þörfum strákanna (Mulvey, 2003).

Aapola og félagar (2004) sýndu fram á að stelpur þurfa að gæta sérstaklega vel að kynferðislegu orðspori sínu til að viðhalda ímynd kvenleikans á meðan strákum er kennt að það þyki karlmannlegt að hafa mikla kynferðislega reynslu. Upplifun viðmælenda minn benda til þess að þessi viðmið séu sannarlega við lýði hjá unglingum í íslenskum samtíma. Stelpurnar segja að það séu afar áberandi tvöföld skilaboð í gangi varðandi kynhegðun kynjanna og þá sérstaklega þegar kemur að fjölda bólfélaga. María segir að skilaboðin séu skýr: „*Strákar mega sofa hjá hverjum sem er en stelpur ekki.*“ Erna er sammála henni en hún útskýrir hin tvöföldu skilaboð á eftirfarandi hátt:

Þú veist strákarnir mega alltaf sofa hjá fleiri stelpum heldur en stelpur hjá strákum. Já, stelpur eru dæmdar miklu meira fyrir að hafa sofið hjá mörgum. Þú veist þeir eru eitthvað rosa flottir og þær...já þær eru þá bara druslur eða eitthvað.

Hildur áttar sig á því að sú hefð að kalla stelpur druslur en ekki stráka út frá fjölda bólfélaga er samfélagslegt vandamál. Hún telur að vegna þess hve lengi samfélagið hefur samþykkt þetta ójafnrétti milli kynjanna séu allir hættir að spá í því og álíta það eðlilegt. Enginn virðist mótmæla ríkjandi kerfi sem styður við misréttið. Hún kemst svo að orði:

Ef strákur sefur hjá ógeðslega mörgum stelpum þá er ekkert sagt við hann sko, þú veist þetta er bara svona svo mikið meðfætt í samfélaginu. Það bara alast allir upp við það að finnast strákurinn bara þú veist, kannski ekki töff en það er bara ekkert að því, það telst bara eðlilegt. En um leið og stelpa sefur hjá kannski fimmtán strákum þá telst það óeðlilegt og fólk heldur bara að það sé eitthvað að heima hjá henni bara.

Þrátt fyrir að stelpurnar upplifi að það sé álitnið norm í samfélaginu að stelpur séu druslur ef þær sofa hjá of mörgum strákum þá finnst þeim það ósanngjarnt. Þær segja að stelpur taki fullan þátt í því að skella drusluskömm (e.slutshaming) á aðrar stelpur en þó vilji að

sjálfsögðu engin stelpa lenda í því að vera stimpluð. Heiðrúnu þykir þetta verulega ósanngjarnt og sér ekki í hverju munurinn felst.

[...] Stelpurnar eru kallaðar hórur eða sluts en það er ekkert svona orð til yfir stráka. Það er alltaf eins og þeir megi bara vera í sínu veldi og mega gera allt og það er ekkert mál en það er ekki þannig með stelpur. Fólk hugsar alveg „*Vá þessi stelpa er búin með tuttugu gaura, oj hvað hún er ógeðsleg.*“ Mér finnst þetta svo rangt, ég meina ég hef aldrei heyrt þetta sagt um stráka. Ég meina það er enginn munur hvort stelpa sefur hjá eða strákur, þetta er bara ógeðslega asnalegt. En það er rosalega mikið um þetta samt.

Í rýnihópnum sagði Hrefna frá atviki sem átti sér stað í útskriftarferðinni hennar þar sem ein stelpa í hópnum var talin hafa farið út fyrir rammann og olli það mikilli hneykslun hjá báðum kynjum.

[...] Það var verið að gagnrýna stelpu en ef þetta hefði verið strákur þá hefði hún aldrei verið gagnrýnd svona. Hún semsagt svaf hjá tveimur strákum á sama kvöldinu, þeir voru í sitthvorum skólanum. En sagan fór strax í gang sko og allir voru að tala um þetta í sjokki. Það getur vel verið að einhverjir strákar þarna hafi verið með tveimur stelpum sama kvöld en það er enginn að tala um það sko, það skiptir ekki máli.

Hefði hin sanna saga Hrefnu fjallað um strák hefði í fyrsta lagi líklega engin saga orðið til eins og hún bendir á og í öðru lagi hefði hópurninn í heild líklega ekki hneykslast á hegðun hans. Hann hefði verið að sanna karlmennsku sína en stelpa er þarna talin brjóta niður orðspor sitt.

Steinunn segir að stelpur séu oft grimmar við aðrar stelpur og að strákar séu það líka og þeim þygi alls ekki kvenlegt að stelpa sofi hjá mörgum strákum. Þeir vilja safna í reynslupokann sinn en þeir vilja ekki endilega sofa hjá stelpu sem er að gera það sama. „*Þeir vilja helst fá stelpu sem er ekki búin að sofa hjá mörgum. Þeim finnst hún þá vera svona meira hrein og þá langar þeim meira í hana.*“ Þessi orð Steinunnar ríma vel við orð Heiðrúnar þegar hún segir: „*Strákum finnst þeir vera að skora þegar þeir ná sér í stelpu sem er ekki búin með neinn skilurðu. Bara til að geta sagst hafa afmeyjað hana, mér finnst það asnalegt en það er samt svona.*“ Toerien og Wilkinson (2003) töluðu um það hvernig fjölmiðlar hafa skapað þá ímynd að konan eigi að vera hrein, hún sé nátengd náttúrunni og kvenleikinn felist í mýkt hennar og hreinleika. Þessi ætlaði hreinleiki tengist einnig kynfærarakstri stelpnanna eins og fram kom hér að ofan, en stelpurnar telja bæði sjálfar og segja að strákarnir telji þær vera hreinlegri án skapahára. Samkvæmt orðum stelpnanna má reikna með því að

menningarefni og orðræða samfélagsins eigi sinn þátt í því að strákum þykir eftirsóknarvert að næla sér í „hreina“ stelpu.

Klámáhorf og kynlíf

Viðmælendur mínir telja að unglingar horfi mikið á klám enda er auðveldur aðgangur að því og gríðarlega mikið framboð til af fjölbreyttu klámefni. Þær telja sig nokkuð vissar um að strákar horfi mun meira á klám en stelpur. Eins og sjá má í kafla 2 um klámvæðinguna þá er þetta rétt ályktað hjá stelpunum, rannsóknir hafa sýnt fram á að strákar horfa meira á klám en stelpur (Margrét Lilja Guðmundsdóttir, o.fl., 2010). Viðmælendur eru sammála því að sumar stelpur horfi á klám en það sé ekki eins viðurkennt í samfélaginu því það falli ekki vel að hinni kvenlegu ímynd og því tali stelpur ekki mikið um það. Eins telja þær að stelpur horfi ekki á eins gróft klám og strákar og leiti jafnvel meira eftir erótík en klámi. Eins og Russell (1993) bendir á þá er stór munur á klámi og erótík, sérstaklega varðandi valdajafnvægi kynjanna, samþykki beggja aðila og virðingu.

Viðmælendur mínir viðurkenna að stelpur hafi gaman af því að skoða kynferðislega örvandi myndefni en að þær leiti jafnvel frekar eftir efni sem byggir á jafnræði og virðingu allra aðila. Stelpurnar bentu þó einnig á að með tilkomu bóka og bíómynda eins og 50 Shades of Grey hafi stór hluti kvenþjóðarinnar lesið og horft sér til ánægju þrátt fyrir að í efninu sé verulega mikið ofbeldi bæði andlegt og líkamlegt, þar sem konan er fullkomlega undirgefin manningum. Stefanía taldi áhuga stelpna á efninu þó ekki tengjast ofbeldinu heldur hinum bersöglu kynlífslýsingum sem hefðu örvandi áhrif á lesandann eða áhorfandann. Sigga Dögg kynfræðingur telur sérlega slæmt hversu mikið ofbeldið í menningarefninu er fegrað og sett upp á rómantískan hátt. Það auki líkurnar á því að stelpur loki augunum fyrir því hversu mikið ofbeldi á sér þarna stað (Sigga Dögg, munnleg heimild, 17.febrúar 2015).

Samkvæmt viðmælendum er það þó klámið sem almennt fær mest áhorf hjá unglingum í dag. Aðspurð hvort unglingar fái hugmyndir um kynlíf út frá klámi segir Eldey: „*Já, alveg klárlega. Líka bara svona óskriflegar leiðbeiningar á því hvernig kynlíf er. En það er ekkert eins og í klámmyndum, það er ekki einu sinni raunhæft sko.*“ Rebekka er sammála Eldey og segir:

Já, ég held nefnilega að það sé frekar stórt og mikið vandamál hversu mikið ungir strákar eða ungt fólk horfi á klám. Af því að þetta gefur svo brenglaða mynd af raunveruleikanum. Strákar eru búnir að vera að horfa á klám í kannski nokkur ár áður en þeir fara að stunda kynlíf sjálfir og þá fara þeir inn í það með hugmyndirnar sem þeir fengu úr tölvunni og það er bara ekki rétt.

Þær virðast báðar átta sig á því að mikill munur sé á klámi og kynlífi og óraunhæft sé að nýta klám sem uppsprettu fróðleiks um kynlíf. Eldey talar þó um óskriflegar leiðbeiningar á því hvernig kynlíf er og má því gera ráð fyrir því að klám eigi stóran þátt í því að byggja upp og hanna hið félagslega kynlífshandrit sem unglingar í dag fara eftir. Í gegnum klámið sjá þau hver gegnir hvaða hlutverki, með hverjum og hvernig. Það getur lagt grunn að hugmyndum þeirra um eigið hlutverk. Rebekka óttast að strákarnir læri sitt hlutverk alfarið í gegnum klámið og séu því komnir með miklar ranghugmyndir um kynlíf löngu áður en þeir byrja að stunda það sjálfir. Hildur nefnir að vegna þess hve allt lítur vel út í klámi telji krakkar það spennandi kost að reyna að framkvæma það sem þau sáu þar. Hún segir:

[...] sko, af því að þetta lítur allt svo fáránlega vel út hjá þeim og þá bara svona „Já okey, henni líður greinilega rosalega vel og er rosalega flott og mér langar þá geðveikt mikið til að prófa þetta“ þannig að jú ég held að krakkar fái alveg klárlega fullt af hugmyndum, eða ég myndi halda það allavega.

Stelpunum ber flestum saman um að strákar leiti sér frekar hugmynda í klámi og segja þær margar stelpur upplifa töluverðan þrýsting frá strákum að prófa hluti sem þeir hafa séð í klámmyndum. Kristín telur stráka oft ekki greina muninn á klámi og kynlífi og segir: „*Þeir eru alveg oft að halda að stelpan eigi að vera eins og í klámmyndunum og líka bara vilja þú veist gera bara alveg nákvæmlega eins og þeir hafa séð, þú veist þar.*“ Þessi upplifun kom fram í fleiri viðtölum og þegar stelpurnar töluðu um að strákarnir vildu gera eins og í klámmyndunum þá var nánast undantekningarlaust um að ræða endaparmsmök eins og sjá má hér í samtali mínu við Ernu:

- E: Strákar kannski horfa aðeins meira á klám en stelpur og þú veist kannski sjá eitthvað svakalegt sem er gert í einhverri klámmynd sem þeim langar kannski að prófa eða eitthvað, sem að stelpurnar eru kannski ekki alveg jafnmikið að fíla.
- R: Getur þú nefnt mér dæmi um eitthvað sem þá langar helst til að prófa?
- E: Já, taka í rass og eitthvað
- R: En hvernig er þá með stelpur varðandi svoleiðis, langar þeim líka að prófa eða láta þær undan pressu, eða þora þær alveg að segja nei ef þeim langar ekki?

E: Umm, ég held að það sé ótrúlega misjafnt sko. Sumum langar kannski að prófa en sumar láta bara undan pressu, gera það bara af því að hann vill gera það skilurðu og svo segja örugglega sumar bara nei.

Það viðhorf stelpna að láta undan pressunni til að þóknast strákum kom fram hjá nokkrum viðmælendum og má sjá mikil líkindi á milli svars Ernu og lýsingar Steinunnar sem er svona:

Það er mikið talað um endaparmsmök í dag, en þetta er náttúrulega mikið í klámi og þá kannski halda allir að þetta sé eitthvað voðalega gott og eitthvað svoliðis. Já, það er mikið um þetta og margir að tala um þetta en mér finnst stelpur ekkert vera eitthvað geðveikt hrifnar af því sko, eða þú veist ekkert spenntar að prófa það. En ef strákurinn vill það þá kannski gera þær það til þess að geta haldið í hann skilurðu, gera það þá bara í þeim tilgangi.

Í þessum orðum Steinunnar má sjá hvernig hinn styðjandi kvenleiki eins og lýst var í kafla 2 kemur fram í kynlífi unglínganna. Stelpur taka þátt í kynferðislegum athöfnum gegn vilja sínum til þess að uppfylla þarfir strákanna. Með því að láta undan kröfum þeirra viðhalda þær ríkjandi kynjakerfi og valdastaðan helst óbreytt. Aapola og félagar (2004) bentu einmitt á að vegna skorts á fræðslu og mikilli klámneyslu væri aukin hætta á því að stelpur létu undan kröfum stráka þvert á eigin langanir með þeim afleiðingum að þær upplifa sig gjarnan niðurlægðar og með því að mótmæla ekki viðhalda strákar völdunum og stelpur valdleysinu í kynferðislegum samskiptum.

Endaparmsmök komu fram í öllum viðtölunum, stelpurnar eru sammála um að mikið sé rætt um þessa tegund kynmaka en þær eru þó ekkert endilega vissar um að allir séu í raun að prófa. Þær telja að margir vilji fyrst og fremst taka þátt í umræðunni. Þar virðist skipta svo miklu máli að falla inn í hópinn, vera eins og allir hinir. Þannig líkir Rebekka endaparmsmökum við tískubólu hjá ungu fólki í dag þegar hún segir: „...*þetta virðist bara vera einhver tíska sérstaklega hjá strákum svona þú veist, maður er ekki kúl nema maður sé búinn að prófa að gera þetta.*“ Rebekku þykir þetta furðuleg tíska eins og hún nefnir það og hún heldur áfram á þessa leið:

Þetta snýst allt um að geta sagt frá því, svona „Já ég fór með hana heim og ég tók hana í rass“. Það virðist vera rosa kúl að segja það. Ég skil það ekki, í fyrsta lagi skil ég ekki af hverju það kemur einhverjum öðrum við en þér hvað þú prófar og ég skil ekki heldur af hverju þú vilt endilega setja typpið þarna, ég skil það ekki. [...] Mér finnst að fólk megi

gera það sem það vill þegar það er að sofa saman en ég skil ekki af hverju fólk þarf endilega að segja öllum frá því.

Rebekka lýsir þarna samræðum stráka á þann hátt að svo virðist sem gildi manneskjunnar gleymist algjörlega eða skipti ekki nokkru máli. Strákurinn er þarna við stjórnvölinn, það er hann sem fer með stelpuna heim, hún er kynferðislega hlutgerð og þau stunda ekki endaparmsmök í sameiningu heldur tekur hann hana í rass. Hún, hver sem hún er, er ekki virkur þátttakandi í leiknum, hún er viðfang langana hans eða tilrauna. Hann virðist vilja prófa þessa kynferðislegu athöfn fyrst og fremst til þess að geta deilt reynslusögunni með félögunum. Hildur talar einnig á svipaðan hátt, á þá leið að athöfnin, bæði hjá strákum og stelpum snúist meira um samræðurnar heldur en upplifunina. Hún segir: „... það er ekki lengur sjokkerandi að segja „Oh my god ertu farin að sofa hjá?“ Það er miklu meira sjokkerandi núna að segja þú veist „Oh my god hefur einhver tekið þig í rass?“

Þetta rímar vel við kenningar Dines (2010) og Attwood (2006) varðandi það hvernig kynlífs- og klámvæðingin valda því að mörkin á því sem við teljum eðlilegt teygjast sífellt og við þurfum stöðugt grófara efni til að ná fram hughrifum eins og að sjokkera. Í orðræðu ungs fólks í dag virðist kynlíf vera undir sterkum áhrifum frá klámi og þannig þykja hefðbundnar samfarir ekkert tiltökumál en endaparmsmök fá bæði athygli og viðbrögð.

Kynlíf og samskiptamiðlar

Eins og fram kom í kafla 2 um kynlífsvæðinguna þá hefur nútímafólk tækifæri til að eiga í ýmisskonar kynferðislegum samskiptum í gegnum síma eða tölvu og möguleikarnir eru endalausir. Kannski má segja að tölvupóstur, netspjall, smáskilaboð og snapchat myndasendingar hafi tekið við af ástarbréfum og löngum símtölum sem réðu ríkjum í daðri og forleik hér áður fyrr. Ungt fólk er gjarnan fljótt að tileinka sér nýja tækni og leitaði ég eftir því með hvaða hætti unglingar á framhaldsskólaaldri í dag nota tæknina til kynferðislegra samskipta. Tilgangurinn var ekki eingöngu að fá sýn viðmælenda á það hvernig forleikur og daður hefðu færst yfir á fjarskiptaform heldur að leita eftir því hvernig þær upplifa þessa tegund kynlífs. Einnig taldi ég mikilvægt að skoða hvernig valdajafnvægi eða valdaójafnvægi kynjanna birtist á þessum vettvangi.

Það kom fljótt í ljós að tölvupóstur og smáskilaboð eru ekki mikið notuð af unglingum í kynferðislegum tilgangi í dag. Það forrit sem vinsælast þykir í dag er snapchat. Forritið er bæði hægt að setja upp í tölvu og í síma en flestir nota símann mun meira. Í stuttu máli gengur þetta forrit út á það að senda vinum sínum mynd eða myndband sem birtist aðeins í eina til tíu sekúndur í síma hins aðilans. Hægt er að skrifa stuttan texta inn á myndina og eru

sendingarnar fríar á milli síma. Auk þess að senda á valda vini er einnig hægt að setja inn myndir á opið snapchat þar sem allir sem hafa aðgang að því geta séð myndina. Myndin hverfur eftir nokkrar sekúndur en á einfaldan hátt er þó hægt að frysta myndina, vista hana í símanum sínum og jafnvel senda hana áfram. Bæði er hægt að gera það á þann hátt að sendandi sér að viðtakandi vistaði myndina en einnig þannig að sendandi er grunlaus um að myndin hafi verið vistuð⁴.

Stelpurnar segja snapchat gríðarlega mikið notað í daglegum samskiptum unglunga í dag en það sé einnig góður vettvangur til að skiptast á kynferðislegum skilaboðum. Stelpurnar segjast þó ekki allar nota snapchat í þessum tilgangi og munur var á svörum þeirra eftir því hvort þær nota forritið á þennan hátt eða ekki. Þær stelpur sem hafa sent og tekið á móti nektarmyndum eða myndböndum í gegnum forritið telja litlar líkur á því að viðtakandi visti myndina eða áframsendi hana.

Erna segir um notkun unglunga á Snapchat: „Það eru allir að senda nektarmyndir af sér.“ Aðspurð hvort ekki væri hætta á að myndirnar yrðu sendar áfram sagði hún: „Nei alls ekki, en ég held samt líka sko af því að þetta eyðist skilurðu, þessvegna er fólk líka alltaf að senda. Það sér þetta enginn annar en þú sjálfur og svo eyðist þetta eftir þrjár sekúndur eða eitthvað.“ Ég spurði hana þá hvort það væru ekki alltaf einhverjir sem frystu myndirnar (e. screenshot) sem þeir fengju. Hún vildi ekki kannast við það og sagðist sjálf aldrei hafa fryst þessa tegund mynda sem einhver annar hefur sent til hennar. En þegar ég sagðist hafa heyrt að til væri fólk sem ætti heila möppu af svona myndum í símanum sínum og einhverjir væru að skiptast á svona myndum þá breyttist svar hennar og hún sagði: „Já einmitt, það er náttúrulega líka til forrit þar sem þú getur vistað myndirnar án þess að taka screenshot. Þannig að þú veist ekki alltaf hvort einhver tekur screenshot eða ekki.“

Þarna kemur í ljós að Erna veit vel að til eru forrit til að vista myndirnar og áframsenda án þess að eigandi myndanna viti af því en hún kýs að trúa því að slíkt muni ekki henda hana. Mögulega er hún að réttlæta myndasendingarnar fyrir mér og jafnvel sjálfri sér líka. Þar sem henni og mörgum fleiri finnst þetta spennandi leikur þá þykir þeim e.t.v. auðveldara að horfast ekki í augu við hættunna. Þær vilja trúa því að virðing sé borin fyrir þeim og að það traust sem þær bera til viðtakanda myndanna verði ekki misnotað.

Hinar stelpurnar, þær sem ekki hafa sent slíkar myndir af sér telja aftur á móti töluverða hættu vera á ferð, einmitt vegna þess að hægt er að vista myndirnar án þess að sendandi verði þess var. Talandi um hættuna sem fylgt getur sendingu nektarmynda segir Heiðrún:

En mér finnst það bara svo vitlaust. [...] þó þú sért að senda mynd í einhverja eina eða tvær sekúndur þá getur fólk alveg verið fljótt að taka screenshot og þá er myndin bara

⁴ Nánari upplýsingar um forritið Snapchat má sjá á <http://www.snapchat.is>

föst sko. [...] Ég meina ég veit alveg um tvö dæmi sko þar sem myndir af stelpum hafa bara lent á einhverjum svona síðum á netinu sko og það er ekkert hægt að gera neitt.

Sú hætta sem Heiðrún talar um er ekki úr lausu lofti gripin. Með sífelldum betri tækni eykst jafnframt hættan á því að einhver brjóti það traust sem viðkomandi var sýnt og áframsendi eða setji á netið nektarmynd af öðrum aðila eins og lýst var í kafla 2 undir formerkjum hefndar- og hrellikláms. Þrátt fyrir að stelpur átti sig á þeirri áhættu sem þær taka með því að senda nektarmyndir af sér þá taka þær samt þátt í þeim leik. Í því felst ákveðin kynferðisleg tjáning og í mörgum tilfellum er um að ræða ákveðinn forleik eða daður á milli tveggja einstaklinga sem treysta hvor öðrum, annaðhvort þar eða elskendur. Einnig eru þó dæmi um að stelpur sendi myndir af sér til stráka sem þær þekkja lítið sem ekki neitt. Ragnheiður telur ástæðuna ekki endilega bara snúast um forleik eða daður, hún segir:

Stundum senda stelpur myndir af sér bara til að fá kannski „Vá hvað þú ert sjúklega heit“. Þá eru þær bara að leita eftir hrósi og kannski einhverri viðurkenningu. Samfélagið kennir okkur svo mikið, þú veist við metum eiginleika okkar út frá því hvað við erum fallegar og dömulegar. [...] við eigum að vera sérstaklega fallegar til að fá samþykki. Ég meina ef þú færð senda mynd af typpi þá er það ekkert svo mikið mál en ef stelpur senda eitthvað af sér þá er það miklu meira mál og það er oft notað sem hefndarklám og svona, miklu meira gert úr því.

Þarna bendir Ragnheiður á þann félagslega veruleika að stelpur telja gildi sitt falið í fegurðinni og kynþokkanum og leita eftir viðurkenningu á því frá strákunum. Í viðleitni til að fá hrós og staðfestingu á gildi sínu telja sumar stelpur það vænan kost að senda strákum nektarmyndir af sér.

Karlar eða strákar eru gerendur í öllum þeim hefndar- og hrelliklámsmálum sem hæst hafa borið í fjölmiðlum síðan farið var að fjalla um þessi mál. Eins og fram kom í kafla 2 um kynlífsmenninguna þá gerir samfélagið almennt ráð fyrir því að karlar séu kynferðislegir gerendur. Þeir standa undir væntingum samfélagsins varðandi nektarmyndir, bæði eru þeir virkir í því að senda nektarmyndir af sér en samkvæmt viðmælendum mínum þrýsta þeir líka mikið á stelpur að þær sendi þeim myndir. Strákarnir senda jafnvel myndir óumbeðið og í mörgum tilfellum í óþökk viðtakanda eins og Heiðrún bendir á: „...ég hef heyrt af ógeðslega mörgum stelpum sem finnst þetta bara alveg off, þær eru ekkert að biðja um þessar myndir, þeir senda þær bara samt. Þær eru kannski eitthvað aðeins að tala við einhvern strák og ef hann byrjar bara strax að senda einhverja typpamynd þá eru þær bara eitthvað „NEI“.“

Hinar stelpurnar könnuðust vel við þetta, að strákar sendi gjarnan mynd til stelpu sem þeir þekkja lítið og óski eftir því að fá senda mynd af þeim til baka. Það má velta því upp hvort hér er ekki um kynferðislega áreitni að ræða þar sem nektarmyndum er þröngvað upp á stelpur sem kæra sig ekki um að fá slíkar myndir í hendurnar. Strákarnir álíta þetta í lagi og vilja fá myndir til baka. Hildur segist einmitt oft hafa fengið persónulegar beiðnir frá strákum um að fá nektarmynd frá henni. Hún segist hafa sent kærastanum sínum slíkar myndir og telur það eðlilegt en segir að sér finnist óeðlilegt að strákar sem hún er ekki í sambandi við séu að biðja hana. Aðspurð hvort það sé algengt segir hún: „Það er í miklu meiri mæli en fólk heldur.“

Í umræðu um samskiptamiðla og tengingu þeirra við kynlíf tók ég eftir mikilli breytingu á svörum viðmælenda eftir því hvort viðtalið var tekið fyrir eða eftir áramót 2014 – 2015. Helsta ástæða þess var sú að samkvæmt viðmælendum mínum spruttu fram tveir nýir hópar á facebook seint síðasta haust. Annarsvegar var um að ræða strákahóp sem kallaður er Sjomlatips og hinsvegar er stelpuhópur sem kallaður er Beautytips. Þetta eru lokaðir hópar þar sem hægt er að spjalla um hvað sem er við kynsystur eða kynbræður sína. Þessar síður hafa notið mikilla vinsælda og telja viðmælendur að á stelpusíðunni séu rúmlega tuttugu þúsund stelpur skráðar. Í kjölfar þessara síðna var stofnaður snapchat aðgangur sem opinn var fyrir þá sem skráðu sig inn. Sá hlaut hið vafasama nafn Saurlífi. Á örskömmum tíma í ársbyrjun 2015 varð þessi opna síða verulega vinsæl en ungmenni kepptust við að setja inn myndir af kynlífi, vopnum og eiturfjóm svo eitthvað sé nefnt. Einnig mátti sjá hefðbundnar snapchat myndir af daglegu lífi unglinga en hinar grófari náðu fljótt yfirhöndinni.

Þessi síða virkar á sama hátt og hefðbundið snapchat, þannig að myndir sem settar eru inn hverfa eftir nokkrar sekúndur. Allir sem hafa aðgang geta sett inn myndir og séð myndir sem aðrir hafa sett inn. Það er þó ekki hægt að greina hver það er sem setur inn myndirnar og í skjóli þess náði þessi síða mikilli útbreiðslu og vinsældum. Allar níu stelpurnar sem ég ræddi við eftir áramót þekktu þennan opna aðgang og töldu hann njóta verulegra vinsælda hjá unglingum. Steinunn sagði t.a.m. að þegar hún mætti aftur í skólann eftir áramót þá hafi allur skólinn verið að tala um þessa síðu og allir verið að sýna hver öðrum myndirnar. Stelpurnar voru allar sammála um það að myndefnið misbauð þeim verulega eins og Rebekka orðaði það:

Það voru bara ógeðslegustu hlutir að fara þarna inn og ég held að löggan hafi lokað því en þá kom bara strax annað sem heitir eitthvað svipað. Það er bara allt að fara þarna inn, strákar eru að setja inn myndbönd af sér að sofa hjá kærustunni sinni og bara allt sýnt sko, bara allt, dóp, kynlíf og bara allt. Núna eru krakkar stundum bara í skólanum, kannski

bara í tíma að skoða þetta þú veist, bara að horfa kannski á einhverja fimmtán ára unglunga vera að sofa saman og það finnst þetta öllum bara ógeðslega eðlilegt.

Eldey tekur undir með Rebekku og lýsir myndbandi þar sem einhver strákur setur lim sinn í pylsubrauð og dundar sér við að setja ýmisskonar sósur ofan á liminn. Henni þótti þetta verulega ósmekklegt en sagði að mörgum hefði þótt þetta skemmtilegt og fyndið. Hún segist ekki hafa átt orð þegar hún sá svo myndbrot af íslenskum stelpum: „Þá voru bara einhverjar stelpur búnar að setja inn vídeó þar sem þær eru að fróa sér, þetta voru allt mjög ungar íslenskar stelpur sko.“

Þar sem mörkin á því sem talið er eðlilegt í tengslum við kynlíf færast sífellt til þá verður þol unglunga meira og meira. Þannig þykir stórum hópi ungmenna ekkert óeðlilegt við það að horfa á samfarir annarra unglunga í símanum sínum. Eldey þótti margt af því efni sem strákar settu inn á síðuna vera ósmekklegt en hún sagðist hafa orðið gapandi hissa þegar hún sá það efni sem stelpurnar settu sjálfar þarna inn. Henni þótti það mun verra að stelpur settu inn svona efni en strákar og má því segja að sú upplifun hennar sé skýrt dæmi um drusluskömmna (e. slutshaming) sem samfélagið hefur kennt okkur að setja á stelpur sem þykja fara yfir strikið og ekki gæta nógu vel að kvenleika sínum (Holland, o.fl., 1998). Stelpur eru undir stöðugum þrýstingi til að taka virkan þátt í myndasendingunum en þegar þær láta undan þá eru þær fljótar að fá yfir sig druslustimpilinn, þá þykja þær hafa gengið of langt.

Brjóstabyltingin #Free the nipple

Eins og ég nefndi í inngangi ritgerðarinnar þá braust út brjóstabylting á Íslandi þann 26. mars 2015 undir yfirskriftinni Free the nipple. Nafn byltingarinnar er tekið úr bíómynd sem ber sama nafn og kom hún út fyrir ári síðan. Myndin er byggð á sönnum atburðum og segir frá byltingu sem átti sér stað í New York þar sem konur börðust fyrir frelsi kvenlíkamans (IMDb.com).

Byltingin hér heima hófst með því að femínistafélag Verzlunarskóla Íslands hafði boðað Free the nipple dag í skólanum, umræður um atburðinn fóru fram á samfélagsmiðlinum Twitter⁵ og ein stúlka sem er nemandi í skólanum Adda Þóreyjardóttir Smáradóttir birti þar mynd af sér berbrjósta. Myndina tók hún niður eftir stutta stund en daginn eftir varð hún fyrir áreiti vegna myndbirtingarinnar. Í kjölfarið tóku stuðningsyfirlýsingar að berast frá stelpum og konum innan skólans og utan og byltingin varð að veruleika. Fjöldinn allur af menntaskólastelpum deildu brjóstamyndum af sér á Twitter, mættu brjósthaldaralausar í

⁵ Upplýsingar um samfélagsmiðilinn Twitter má nálgast á <https://about.twitter.com/what-is-twitter>

skólann og jafnvel í gegnsæjum bolum. Hópur stelpna fór berbrjósta í sund og nokkrar stelpur úr Kvennaskólanum gengu berbrjósta í gegnum bæinn og stilltu sér upp fyrir framan Alþingi. Þingkonan Björt Ólafsdóttir tók þátt í byltingunni með því að birta geirvörtumynd á Twitter. Fleiri fullorðnar konur gerðu slíkt hið sama, bæði þjóðþekktar konur sem og óþekktar og einhverjar yngri stelpur gerðu það líka en þó voru helstu baráttukonurnar úr hópi menntaskólastúlkna (#Björt Ólafs, 2015; Margrét Erla Maack, 2015; Nútíminn, 2015).

Tilgangur byltingarinnar er margþættur og líklega hefur hver og ein baráttukona sína ástæðu fyrir þátttöku í byltingunni. En fyrst og fremst er tilgangurinn sá að konur og stelpur megi vera berar að ofan án þess að það hafi einhverja kynferðislega þýðingu, konur vilja fá að vera kynþokkafullar eftir samhengi en ekki að líkami þeirra verði sífellt að vera hulinn vegna óstjórnlegrar kynlöngunar karla. Konur og stelpur vilja fá stjórn yfir líkama sínum og með því að vera berbrjósta eða setja brjóstamynd á netið vonast þær til að geta slegið vopnin úr höndum þeirra sem beita hrelliklámi. Viðkomandi getur ekki ógnað og hrellt með myndbirtingu þegar myndin hefur enga þýðingu lengur (Margrét Erla Maack, 2015; Nútíminn, 2015).

Brjóstabyltingin vakti mikla athygli bæði jákvæða og neikvæða og virtust allir hafa skoðun á þessum atburði ef marka má umræður á samskiptamiðlum og í fjölmiðlum, hvort sem fólk vissi eða skildi út á hvað hann gekk eða ekki. Daginn eftir byltinguna ræddi ég við 19 ára framhaldsskólastelpu sem tók þátt í byltingunni og ég kys að leyfa henni að eiga síðasta orðið hér varðandi Free the nipple. Með leyfi stúlkunnar birti ég hér svar hennar við þeirri gagnrýni sem brjóstabyltingin hefur fengið í samfélaginu.

Fullorðið fólk og litlir krakkar hafa ekki forsendur til að skilja þessa byltingu. Fullorðnar konur sem eru yfir sig hneykslaðar þær búa ekki við sömu skilyrði og við, þær eru til dæmis ekki í stöðugri hættu á að einhver hóti þeim eða birti af þeim nektarmyndir á netinu, þetta er sko veruleikinn okkar. Við viljum bara fá að eiga líkamann okkar sjálfar.

Samantekt

Viðmælendur telja stelpur finna mikinn þrýsting til að byrja að stunda kynlíf, sérstaklega frá vinnuhópnum sínum og segja þær margar stelpur drífa fyrsta skiptið af, gjarnan undir áhrifum áfengis. Ýmsir viðburðir framhaldsskólanna ýta undir kynferðislegan þrýsting og segja stelpurnar það vera erfitt að gera ekki eins og hópurinn gerir. Þær finna einnig mikinn þrýsting frá strákum en segja að á sama tíma og þrýst sé á þær að stunda kynlíf þá séu þær einnig undir vökulu auga umhverfisins og megi ekki stunda of mikið kynlíf eða með of mörgum. Þá missa þær orðsþorið sitt og sitja uppi með druslustimpilinn sem engin þeirra vill

bera. Strákarnir þurfa ekki að óttast stimplunina, þeir hafa leyfi samfélagsins til að safna óáreiðtíttir í sinn kynferðislega reynslusarp.

Þó að stelpum þyki margt spennandi við hina nýju tækni s.s. snallsímana og þau forrit sem fylgja þeim þá búa þær einnig við stöðugan ótta við afleiðingar tækninnar. Þannig getur bólfélagi þeirra tekið ljósmynd eða myndbrot af þeim án þeirra vitundar og deilt henni áfram og eins ef þær senda einhverjum nektarmynd af sér í trúnaði þá er alltaf hætt við því að viðtakandi sé ekki traustsins verður og áframsendi myndina. Stelpurnar upplifa sterk áhrif frá klámi þar sem margir strákar vilja yfirfæra ákveðin klámatriði yfir í sitt eigið kynlíf. Stelpurnar segja strákana þrýsta mikið á þær að bæði senda nektarmyndir og eins að stunda með þeim endaparmsmök. Sumar stelpur sem ekki hafa áhuga segja nei en viðmælendur mínir telja að margar stelpur samþykki kröfurnar í þeim eina tilgangi að þóknast viðkomandi strák og stundi þar með kynlíf á annarra forsendum en sínum eigin.

Með brjóstabyltingunni má segja að ungar konur séu að veita andspyrnu við hinum styðjandi kvenleika, þær sýna gerendahæfni sína með því að brjótast út úr hinum karllæga ramma samfélagsins, koma mikilli umræðu af stað og hrófla þannig við stoðum kynjakerfisins. Þær berjast einnig gegn þeirri kúgun og misnotkun sem fylgt hefur hinni nýju tækni með því að ákveða sjálfar birtingarmynd líkama síns. Ungu konurnar telja sig vera í stöðu sem formæður þeirra þekkja ekki og því hafi þær eldri ekki forsendur til að skilja hvers vegna þær völdu þessa leið til að láta í sér heyra.

5. Kynfræðsla

Börn og unglingar í dag alast upp á tímum kynlífsvæðingar, þar sem þau upplifa stöðugt kynferðislegt áreiti frá umhverfinu allt í kringum sig. Eins og fram kom í kafla 2 um kynlífsvæðinguna þá má nema kynferðisleg skilaboð í hinu fjölbreyttasta formi og menningarefni allt frá barnaleikföngum yfir í kynferðisleg tónlistarmyndbönd. Sóley S. Bender (2006b) segir að unglingar fái óbeina kynfræðslu í gegnum ýmisskonar afþreyingarefni svo sem sjónvarp og internet. Sú fræðsla sem kemur þaðan er þó misgóð og getur gefið skakkar og jafnvel villandi upplýsingar um kynlíf. Því skiptir miklu máli að marka ákveðna stefnu í kynfræðslumálum á Íslandi og tryggja öllum börnum góða og vandaða kynfræðslu. Þar sem engin markviss stefnumótun er hér á landi og mismunandi á milli stofnanna, skóla og heimila hvernig fræðslu er sinnt vildi ég heyra hvernig viðmælendur mínir upplifðu þá fræðslu sem þær hafa fengið. Þessum kafla verður skipt í fjóra hluta, fyrst verður litið á kynfræðslu foreldra eða forráðamanna og svo skoðum við þá kynfræðslu sem í boði er í skólanum. Í þriðja hluta verða áhrif fyrirlestra frá Siggú Dögg skoðuð og í fjórða og síðasta hluta kaflans verður rýnt í upplifun þeirra stelpna sem fengið hafa kynjajafnréttisfræðslu í framhaldsskólanum.

Kynfræðslan heima

Þrátt fyrir mikilvægi þess að unglingar fái fræðslu um kynferðismál frá foreldrum sínum eða forráðamönnum þá er varla hægt að ganga að því sem vísu að allt ungt fólk fái slíka fræðslu innan veggja heimilisins. Eins og fram kom í fræðilega kafla ritgerðarinnar geta foreldrar verið óöruggir með að ræða þessi mál við börnin sín og vita jafnvel ekki hvað þeir eiga að segja. Viðmælendur mínir eru sammála því að bæði samband og daglegt samskiptaform foreldris og unglings hafi mikið að segja varðandi það hvort unglingar leiti til foreldra sinna eftir fræðslu. Aðspurð hvort hún telji að unglingar fái almennt kynfræðslu heima við segir Hildur:

Umm, ég held að það sé rosalega misjafnt sko. Sumir eru kannski alveg að fræða krakkana sína um þetta. Eða ég myndi halda að ef foreldrar sýna að þeir vilja tala um þetta að þá vilja krakkarnir alveg opna sig og tala við foreldrana um þetta. En ef foreldrarnir eru ekki þú veist opnir með þetta þá eru krakkarnir held ég ekkert að tjá sig neitt mikið um þetta við þá heldur sko.

Hildur á við að viðhorf foreldra og framkoma skiptir máli. Ef foreldrar gefa í skyn að þeim þyki umræðuefnið óþægilegt þá þykir unga fólkinu einnig óþægilegt að ræða við foreldra sína um kynferðismál. En þar sem fram kom ítrekað í viðtölum mínum að stelpur og unglingar

almennt hafa mikinn áhuga á því að tala, læra og fræðast um kynlíf þá vilja stelpurnar meina að ef foreldri er tilbúið til að tala opinskátt þá sé unglingurinn það líka. Foreldrar eru líklega eins misjafnir og þeir eru margir og samskipti unglunga og foreldra geta verið flókin. Þannig segist Rebekka t.a.m. ekki þekkja neina stelpu sem hún telur að myndi leita til foreldra sinna eftir kynfræðslu, ekki nema kannski ef upp kæmi vandamál. En varðandi það að foreldrar ræði um kynlíf við börnin sín að fyrra bragði segir hún:

[...]Það náttúrulega fer bara mjög mikið eftir því hvernig foreldrar það eru. Ef þau hafa til dæmis alltaf verið svona frekar stíf og ætla svo allt í einu að setjast niður og fara að ræða um kynlíf við þig þá verður þetta allt bara frekar kjánalegt skilurðu. [...] Þú ert þá ekki að meðtaka neitt sem foreldrarnir eru að segja, því þú ert allan tímann bara að hugsa „Ég verð að fara, ég verð að fara, komast héðan út.“

Sóley Bender (2006b) bendir á að unglingar óski eftir því að fá fræðslu en ekki hræðslu, þeir vilja fá að ræða um kynlíf á jákvæðan hátt. Í viðtölum mínum kom fram að stelpurnar telja sérstaklega erfitt fyrir foreldra sem alla jafna eru strangir í uppeldi barna sinna og jafnvel tala yfir unglingunum, en ekki við þá, að ætla að setjast niður og ræða um kynlíf. Ef ekki hefur áður verið grundvöllur fyrir almennar góðar samræður þá segja þær ekki hægt að ætlast til þess að unglingurinn sé tilbúinn til að ræða slík mál við foreldra sína. Eins og Rebekka minntist á þá upplifir unglingurinn stundina sem óþægilega og meðtekur ekki fræðsluna sem foreldrið leggur til. Stelpurnar voru sammála um að almennt samband foreldris og unglings stjórnaði því að miklu leyti hvort unglingurinn treysti sér til að ræða þessi mál við foreldra sína. Stundum kom upp umræða almennt um foreldra en í langflestum tilfellum töluðu stelpurnar eingöngu um móður sína, í engu tilfelli minntist viðmælandi á að hafa fengið kynfræðslu frá föður.

Í næsta hluta þessa kafla verður sýnt fram á það að kynfræðslu í skólum er víða ábótavant að mati viðmælenda minna. Þegar skortur er á góðri fræðslu getur kynfræðsla frá foreldri verið ómetanleg stoð fyrir unglinginn. Anna Lóa á í góðu sambandi við móður sína og hún segir:

Sumar vinkonur mínar og vinir mínir hafa ekki hugmynd um eitthvað sem ég er að tala um við þau en það er bara af því að mamma hefur frætt mig um það. Þú veist, þá held ég að maður þyrfti meiri fræðslu í skóla, þú veist mamma er bara búin að vera svo dugleg að fræða mig um þessa hluti, hún vill að ég sé alveg örugg í þessu og svona. [...] Mér finnst mjög gott að ræða við mömmu, við erum til dæmis mjög nánar þú veist og hún hefur alltaf talað hreint út við mig um þetta.

Í orðum Önnu Lóu kemur enn á ný fram hversu mikilvægt það er að sambandið sé gott milli foreldra og unglunga til þess að fræðslan verði traust og góð.

Í rannsókn Sigurlaugar Hauksdóttur (2005) var rætt við mæður um kynfræðslu og töldu þær sig gegna mikilvægu hlutverki í kynfræðslu barna sinna. Eldey talar einmitt um að sér finnist að ábyrgðin á fræðslunni eigi að vera í höndum foreldra. Unglingarnir eigi ekki að þurfa að leita eftir fræðslunni. Hún orðar það svo:

Ég held líka að margir foreldrar sem kannski finnst allt í lagi að ræða þetta, eins og mamma mín hún er mjög opin fyrir því en kannski talar hún ekki við mig að fyrra bragði. Ég þarf að fara til hennar og spyrja hana og sem er líka alveg galli því það eru ekkert endilega öll börn sem treysta sér í það. [...]Ég veit til dæmis líka alveg um fullt af krökkum sem segjast aldrei geta rætt neitt svona við foreldra sína. Ég held að sambandið skipti sko mjög miklu máli. [...]Ég held líka að foreldrar átti sig kannski ekki alltaf á því hvað þetta er stórt, hvað þetta er stór ábyrgð. Ég held einmitt að krakkar séu ekki að fá nógu mikil svör við spurningum sínum og leita þá annað og fá þá væntanlega röng eða þú veist ekki nógu góð svör.

Barna kemur Eldey inn á hættuna sem getur fylgt því að ungt fólk leiti sér upplýsinga um kynlíf t.d. á internetinu eða í klámi. Ef fræðslan er ekki góð í skólanum og ekki í boði heima fyrir þá eykst hættan á því að skilaboðin sem unglingurinn fær annarsstaðar frá séu misvísandi og jafnvel röng.

Kynfræðslan í skólanum

Eins og fram hefur komið þá er kynfræðsla í skólum lögboðin og hefur verið það síðan lögin um ráðgjöf og fræðslu um kynlíf, barneignir, ófrjósemisaðgerðir og fóstureyðingar voru sett árið 1975. Þrátt fyrir að lögin kveði á um fræðsluskyldu í skólum þá er ekkert eftirlit með því hvernig fræðslunni er sinnt, hver beri ábyrgð á henni eða hvort hún nái markvisst til allra nemenda hvorki í grunn- eða framhaldsskólum landsins (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009; Sóley S. Bender, 2006b).

Orð viðmælenda minna bera þess vitni að kynfræðslu í skólum sé verulega ábótavant. Allar töldu þær fræðsluna of mikið miðast við líkamann, kynsjúkdóma og getnaðarvarnir. Rebekka saknaði þess að talað væri um tilfinningar og samskipti í þeirri kynfræðslu sem hún fékk. Hún orðar það svo:

[...] kynfræðsla í skólum er miklu meiri svona hvernig allt virkar og hvað gerir hvað skilurðu svona líkamlega en það er svo lítið eða ekkert kennt krökkum um svona

kynlífsmenninguna, þú veist, hvernig þetta er í lífinu. [...] það er ekkert kennt krökkum hvernig þeir eiga að haga sér og hvernig þetta virkar í samfélaginu, hvernig manni líður og svona.

Erna er sammála Rebekku og segir: „... Það er bara eitthvað, þið verðið að nota smokkinn og eitthvað svona. Það vantar líka mjög mikið að tala um þú veist að maður getur sagt nei og þú veist eitthvað svoleiðis kannski.“ Þarna kemur Erna inná mikilvægi samskipta og hversu miklu máli skiptir að ræða ekki bara um líkamann heldur einnig tilfinningarnar og samskiptin. Hún kallar eftir því að innan fræðslunnar séu stelpur hvattar til að standa með sjálfum sér og stunda kynlíf á sínum eigin forsendum. Eins og félagstengsl kynjanna birtast í samfélaginu í dag getur það reynst stelpum erfitt að segja nei. Þær fá þau skilaboð frá samfélaginu leynt og ljóst að þær séu hið kynferðislega viðfang strákanna og gildi þeirra felist í útlitinu og kynþokkanum (Dines, 2010; Holland o.fl, 1998). Strákarnir hafa völdin og stelpurnar valdaleysið. Þar sem margar stelpur eru flæktar í hlutverki hins styðjandi kvenleika, jafnvel án þess að gera sér grein fyrir því þá getur þeim þótt verulega snúið að neita strákunum um kynlíf. Þær setja þarfir og langanir strákanna ofar sínum eigin (Gyða M. Pétursdóttir, 2012).

Eldey tekur undir með Ernu og Rebekku og henni þótti sú kynfræðsla sem hún fékk snúast of mikið um líkamann: „Sko mér finnst hún hafa verið of fræðileg. Svo mikið svona líta stelpur út og svona líta strákar út og stelpur fara á blæðingar og eitthvað svona.“ Hún bendir einnig á að kennarinn skipti miklu máli:

Mér finnst kennararnir sjálfir líka oft eins og þeir vilji ekki ræða þetta og halda sig til baka og svona í fjarlægð. [...] skólinn ætti líka kannski að vera með opnari umræður og kennarinn ætti ekki að vera feiminn að ræða um þetta.

Upplifun Eldeyjar var á þá leið að kennaranum hafi þótt óþægilegt að ræða um kynferðismál við nemendur og að hann hafi jafnvel verið feiminn. Henni fannst einnig verulega vanta umræður inn í kennsluna þar sem nemendur hefðu getað verið virkir þátttakendur. Hún segir kynfræðsluna hafa verið byggð upp á texta sem lesinn var upp úr bók og örlitlu eintali kennarans. Fleiri stelpur lýstu kennslunni á svipaðan hátt. Þetta kallast vel á við áhyggjur Jónu Ingibjargar Jónsdóttur (2009) yfir því að kennarar fái ekki viðeigandi fræðslu og undirbúning í sínu kennaranámi til að geta sinnt kynfræðslu til nemenda vel.

Í rýnihópaviðtalinu kom fram að stelpurnar telja að stundum sé kynslóðabilið of mikið á milli kennarans og nemenda. Þær álíta að margt hafi breyst í kynferðismálum á stuttum tíma að kennarar átti sig ekki alltaf á því að unglingar vilja ræða um kynlíf á allan hátt, ekki bara heyra um allt það neikvæðasta s.s. um kynsjúkdóma. Þær voru sammála um að kominn væri

tími til að fullorðið fólk viðurkenndi að kynlíf gæti verið gaman og gott. Stefanía komst svo að orði:

Það er oft svo mikil forræðishyggja hjá eldra fólki yfir unga fólkinu af því að við höfum gaman af kynlífi og þeim finnst það skrýtið og eins og kynlíf sé bara til að búa til börn. Ég meina eins og með aukinni kynfræðslu, mér fannst hún bara vera til að hræða mann. Manni voru bara sýndar einhverjar myndir af kynsjúkdómum og það var ógeð. Það er aldrei talað um að kynlíf sé gaman og gott. Það er eins og fólk haldi að með því að gefa unglingum smokk þá fari bara allir af stað og sofi hjá næsta manni, en það er svo rangt. Það er eins og fólk fotti ekki að það þarf bara að tala meira um þetta og fræða krakka á jákvæðum nótum, segja þeim að kynlíf á að vera gott og maður á að gera það á sínum forsendum, ekki fyrir neinn annan og eitthvað svona. Ég meina krakkar vilja tala um kynlíf. Með góðri fræðslu þá líður fólki betur og er öruggara og svona.

Stelpurnar tóku allar undir þessi orð Stefaníu. Þeim þykir kjánalegt að fullorðið fólk óttist að viðurkenna fyrir unglingum að kynlíf geti verið skemmtilegt, jákvætt og gott. Þær eiga allar svipaðar minningar af hræðslu í stað fræðslu í skólanum, Hrefna sagði: „*Mér fannst þetta einmitt svona hjá skólahjúkrunarkonunni, það var bara „ef þú passar þig ekki þá verður þú ólétt eða færð kynsjúkdóm og deyrð“.*“ Ragnhildur tók undir: „*Já nákvæmlega, bara, „þið getið fengið alnæmi ef þið notið ekki smokkinn og þá bara deyið þið.“*“

Stelpurnar voru allar sammála um að svona kynfræðsla skilji ekkert eftir í huga þeirra nema neikvæðar minningar. Þær telja aftur á móti að með betri og opnari fræðslu megi einmitt hjálpa unga fólkinu að horfa á kynlíf á jákvæðan hátt, með ábyrgð og góð samskipti að leiðarljósi. Þannig skapist líka tækifæri til dæmis fyrir stelpur til að standa með sjálfum sér og stunda kynlíf vegna sinnar eigin ánægju.

Öll þau dæmi um kynfræðslu sem vitnað hefur verið í hér eru frá því að viðmælendur mínir voru í grunnskóla. Þar fengu þær mismikla fræðslu, sumar mundu eftir nokkrum skiptum og aðrar eftir einu til tveimur skiptum. Sumar stelpnanna mundu lítið sem ekkert eftir því sem fram fór eins og Hildur, en hún segir svo frá: „*Mér fannst bara mjög lítið tekið fyrir og það hvað ég man lítið eftir því segir mér bara að fræðslan var ekki nógu góð.*“ Erna saknaði þess að fá ekki meiri kynfræðslu í skólanum, henni fannst sú fræðsla sem hún fékk vera skemmtileg en alltof takmörkuð:

[...] Mér finnst að það ætti að vera miklu miklu meiri kynfræðsla. Þú veist, maður veit ekkert sko eða svona. [...] Það hafa þú veist alveg flestir áhuga á kynlífi og vilja tala um það, ég man að það var geðveikt skemmtilegt en þetta var örugglega bara eitthvað eitt skipti eða eitthvað. Voðalega lítið sem var talað um það sko.

Erna ítrekar þarna áhuga unglunga á því að fræðast um kynlíf, það er margt að gerast í lífi þeirra og líkama á þessum aldri og forvitni því eðlileg. Hún telur að ungt fólk viti ekki mikið um kynheilbrigði en vilji vita meira. Kristín hefur svipaða sögu að segja og hún telur að kynfræðslu þurfi að auka verulega vegna þess hve lítið unglingar vita í raun um kynheilbrigði.

[...] Mér finnst bara algjörlega að það þurfi að vera meiri kynfræðsla. Það eru sko ógeðslega margir sem vita svo lítið og kannski bara ekki neitt sko. [...] Mér finnst ég alveg oft hitta krakka og sérstaklega stráka sem vita bara ekki neitt um þessi mál, þú veist.

Kristín nefnir sérstaklega að sér finnist margir strákar ekki vita neitt um þessi mál og minnst Heiðrún einnig á þekkingarleysi strákanna þegar hún sagði: *„Ef það hefði verið talað meira um hvernig kynlíf er í rauninni þá hefði kannski þessi misskilningur ekki farið svona mikið í gang hjá strákunum, þú veist með muninn á kynlífi og klámi og allt það.“* Í kafla 4 þar sem fjallað var um klámahorf og endaparmsmök kom ítrekað fram hvernig strákar eiga til að leita sér fyrirmynda í klámi og virðast einnig leita þangað eftir fræðslu um kynlíf. Viðmælendur mínir ítreka það hér hversu mikilvæg góð kynfræðsla er, ekki síst fyrir strákana.

Rannsóknir hafa sýnt að því fyrr sem kynfræðsla hefst því betri árangri skili hún (Fine, M., 1988; Jóna I. Jónsdóttir, 2009) og því ætti að vera svo mikilvægt að huga að samfellu í náminu og byrja snemma. Samkvæmt orðum stelpnanna virðist það þó ekki vera reyndin þegar kemur að kynfræðslumálum grunnskólanema á Íslandi. Þær telja að fræðslan komi gjarnan of seint eins og Rebekka sagði: *„Mér finnst til dæmis að það eigi að vera búið að kenna krökkum um kynlíf áður en þau byrja að stunda kynlíf, ekki að þau séu byrjuð að gera þetta og svo kemur fræðslan skilurðu.“*

Í framhaldsskóla sögðust stelpurnar ekki hafa fengið kynfræðslu nema þær sem valið höfðu að sitja áfanga í kynjafræði. Þar var aðeins komið inn á kynheilbrigði og verður fjallað nánar um það í fjórða hluta þessa kafla. Eins höfðu margar stelpnanna setið fyrirlestur hjá Siggu Dögg kynfræðingi og þar sem nafn hennar kom ítrekað fram þegar talað var um góða kynfræðslu ákvað ég að rýna betur í aðferðir hennar og áhrif þeirra á stelpurnar.

Sigga Dögg

Þó nokkrar af viðmælendum mínum hafa farið á fyrirlestur hjá Siggu Dögg kynfræðingi og bar þeim saman um að sú fræðsla hefði náð afar vel til þeirra. Hún fer víða með fyrirlestra sína um kynlíf og fræðir hún fólk á öllum aldri, allt frá starfsfólki leikskóla og upp í gamalt fólk á elliheimilum. Mest hittir hún af krökkum í 8.-10. bekk grunnskólans og foreldra þeirra. Hún fer inn í bekki, talar á opinn og einlægan hátt við krakkana, segir þeim að hún svari öllum spurningum og þarna inni sé ekkert sem ekki megi tala um. Yfirleitt eru kennarar ekki með í

fræðslunni en ef þeir óska sérstaklega eftir því og krakkarnir veita samþykki sitt þá gerir hún þá undantekningu að leyfa þeim að fylgjast með. Foreldrar þeirra fá svo fræðslu sama kvöld.

Sigga Dögg fer einnig í framhaldsskólana en þegar hún er með fræðslu þar notar hún að mestu sama kynfræðslufni og í grunnskólanum því framhaldsskólanemendur í dag hafa ekki fengið þann grunn sem þarf til að hægt sé að byggja ofan á þekkinguna að hennar mati. Hún leggur mikla áherslu á að það þurfi að byrja að fræða börnin svo miklu miklu fyrr en nú er gert (Sigga Dögg, munnleg heimild, 17. febrúar 2015). Heiðrún talaði um að hún hefði fengið slaka kynfræðslu í grunnskóla en Sigga Dögg hefði komið í heimsókn í framhaldsskólann hennar og hún lýsir þeirri heimsókn svona:

Hún hélt alveg geðveika ræðu og þú veist hún náði bara ótrúlega vel til okkar og allir í skólanum voru tilbúnir til að hlusta á hana. [...] Hún var geðveikt góð sko. Hún nær sko til unglunga, ég horfði yfir hópinn og það voru allir að hlusta. Hún var líka með þetta svo skemmtilegt, var ekki með bara einhverjar leiðinlegar glærur heldur bara talaði beint um þetta eins og henni fannst og það var bara snilld sko.

Sigga Dögg minntist á það þegar við hittumst að hún notar nánast eingöngu myndir sem hún talar svo út frá í fyrirlestrum sínum. Hún segist finna að þannig haldi hún athygli krakkanna betur en ef hún er með texta á glærum. Hún varpar upp allskonar myndum, ljósmyndum og teikningum og talar svo út frá þeim. Einnig notast hún mikið við spurningar, en hún leggur sig fram við að taka á móti og svara hvaða spurningu sem viðstaddir áheyrendur vilja bera upp við hana (Sigga Dögg, munnleg heimild, 17. febrúar 2015).

Þegar Sigga Dögg er með fyrirlestra þá talar hún við krakkana á einlægan og opin hátt og hún talar hreint út um kynferðismál. Ungu fólkið virðist kunna vel að meta spjallið eins og sjá má á orðum Hildar:

Sigga Dögg kom og var með fyrirlestur hjá okkur, hún var ótrúlega opin og ég fann að þetta opnaði umræðuna alveg hjá mjög mörgum og margir fóru mikið að pæla í því sem hún var að tala um. [...] Það var mjög áhugavert og skemmtilegt að hlusta á hana og hún opnaði fyrir svo margt sem yfirleitt má bara helst ekkert tala um sko.

Hildur segir að í fyrirlestrinum hafi verið opnað fyrir umræður um málefni sem annars megi helst ekki tala um. Samkvæmt orðum stelpnanna virðist vera sem ýmsum málefnum tengdum kynverund sé sleppt úr almennri kynfræðslu og ákveðið tabú virðist liggja yfir sérlega viðkvæmum málum. Varðandi viðkvæm mál nefndu stelpurnar sem dæmi klám, munngælur og endaparmsmök.

Sigga Dögg er sammála þessu og telur hún kynfræðslumálum almennt illa sinnt í grunnskólum landsins. Hún telur að það vissulega jákvætt að skólarnir fái hana til að halda fyrirlestur en á sama tíma sé einn tími með henni engan veginn nóg fyrir allt það umfangsmikla efni sem á að rúmast í kynfræðslu til barna og unglunga. Hún segir að einstaka kennurum og öðru fullorðnu fólki þyki hún stundum vera of gróf og segja of mikið. Hún bendir á að hún er að fræða unglunga um viðfangsefni sem þeir hafa mikinn áhuga á og með því að ræða það opinskátt tryggji hún að unga fólkið fái rétta vitneskju. Rebekku fannst verulega gott að fá kynfræðslu þar sem talað var hreint út um þau málefni sem unglingar velta mikið fyrir sér eins og klámáhorf:

Já, fyrsta manneskjan sem ég hef heyrt tala um þetta er Sigga Dögg. Það var í fyrsta skipti sem ég heyrði einhvern halda fyrirlestur um það og segja krökkum bara þú veist „Nei, þetta virkar ekki svona“ og sýnir bara mynd af miðju klámatriði, bara „Þetta er æft, þetta virkar ekki svona í alvörunni“. [...] Hún er svo opin fyrir spurningum líka, leyfir bara allar spurningar, bara um hvað sem er.

Rebekka segir að hún svari spurningunum á sama hreinskilna háttinn og ræði mikið um hvernig maður kemur fram og hvernig ekki í kynlífi, þar sem hún leggur mikla áherslu á að leiðrétta misskilning sem gjarnan tengist valdaójafnvægi kynjanna. [...] „Svo strákarnir séu ekki að pressa á stelpur til að gera eitthvað sem þeim langar ekkert að gera bara af því að þeir halda að þetta sé eðlilegur hlutur.“

Ég spurði Siggú Dögg út í valdamisræmi kynjanna og hvernig hún tækist á við það. Hún sagðist gjarnan fá ólíkar spurningar frá strákum og stelpum og að endaparmsmök séu vinsælt spurningaefni hjá strákunum. Þegar slíkar spurningar koma fram þá notar hún tækifærið og biður strákana að snúa kynjahlutverkunum við. Ef þeir hafa svona mikinn áhuga á því að stinga einhverju í endaparminn þá ættu þeir að byrja á sínum eigin. Ef stelpan sem þeir eru með hefur áhuga á að prófa líka þá getur hún látið vita af því. Hún segir þeim hreint út að það sé ekki hlutverk stelpna að vera kynferðislega hlutgert op fyrir þá til að leika sér með. En hún tekur jafnframt fram að ef báðir aðilar eru sáttir og mætast á jafnréttisgrundvelli þá sé þeim frjálst að leika sér að vild með kynlíf sitt. En til þess að bæði kynin eigi kost á því að standa jafnfætis þegar kemur að kynlífi þá þarf aukna fræðslu á öllum skólastigum (Sigga Dögg, munnleg heimild, 17.febrúar 2015).

Kynjajafnréttisfræðsla

Jafnréttisfræðsla er ein af grunnstoðum menntunar og hvert barn á að fá jafnréttisfræðslu á hverju skólastigi. Aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla (2011/2013) kveður svo á um en margt bendir til þess að hér sé aðallega falleg sýn í orði en ekki á borði. Viðmælendur mínir voru á einu máli um það að hafa ekki fengið markvissa jafnréttisfræðslu í grunnskóla, því síður sérstaka kynjajafnréttisfræðslu. Þó segir m.a. í aðalnámskránni:

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins. Mikilvægt er að í öllu skólastarfi, jafnt í kennslustundum sem í öllum samskiptum, séu þessi ákvæði jafnréttislaga höfð að leiðarljósi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011/2013).

Margar af viðmælendum mínum hafa enga þekkingu á kynjajafnrétti, hafa hvorki lært um það í grunnskóla né framhaldsskóla. Nokkrar þeirra eru þó eða voru í framhaldsskóla sem bauð upp á kynjafræði sem valgrein. Það bjóða ekki allir framhaldsskólar uppá slíka valgrein. Einn viðmælandi minn kemur úr framhaldsskóla þar sem kynjafræði er skyldufag. Eins og fram kom í kafla 2 um jafnréttisfræðslu þá eru einungis tveir framhaldsskólar á landinu sem hafa kynjafræði sem skyldufag eins og staðan er í dag. Flestar stelpnanna sem áttu kost á að velja kynjafræði sem val nýttu sér tækifærið og sátu áfangann. Þeim ber saman um það að hafa fengið nýja sýn á mörg viðfangsefni eins og Ragnhildur bendir á:

Maður lærir að opna augun alveg á nýjan hátt og þá sér maður svo mikið hvað samfélagið stjórnar því hvað maður gerir og hvað manni finnst og allt það. Eins og bara allt í kringum útlitið og klámvæðinguna og allt það. Maður einhvernvegin lærir líka bara að vera svolítið gagnrýninn og fattar að stundum er maður að gera eitthvað bara af því að samfélagið segir að maður eigi að gera það, ekki þú veist af því að manni langar til þess sjálfum skilurðu.

Ragnhildur kemur þarna með mikilvægan punkt þess efnis að samfélagið, menningin og umhverfið stjórnar viðhorfum okkar, skoðunum og hegðun að mörgu leyti án þess að við tökum eftir því. Með því að læra um kynjajafnrétti lærði hún einnig að setja upp gagnrýnin gleraugu á samfélagið og skoða hvernig félagsmótun samfélagsins virkar. Rebekka talar um

að hún hafi fengið nýja sýn á ýmsa dægurmenningu eins og til dæmis tónlistarmyndbönd og glanstímarit. Hún segir að áður hafi hún ekki brugðist við efninu á neinn sérstakan hátt: „Maður var bara alveg orðinn vanur öllu. Maður horfði stundum á svona og hugsaði bara „æi, þetta er asnalegt“ en maður var ekkert bara „Guð minn góður“ eins og maður ætti að vera. Og foreldrar bara leyfa börnunum sínum að horfa á þetta og finnst þetta kannski skammarlegt en eru samt ekki að segja neitt.“

Rebekka segist sjá margt í nýju ljósi eftir að hafa setið kynjafræðiáfangann. Hún telur það vonða þróun hversu mikið af tónlistarmyndböndum í dag eru klámfengin. Hún segir flottar tónlistarkonur haga sér eins og klámmyndaleikkonur og það geri lítið úr sönghæfileikum þeirra. Hún bendir einnig á það eins og Ragnhildur að oft átta einstaklingar sig ekki á hlutunum fyrr en þeir staldra við og líta með gagnrýnum augum á skilaboð samfélagsins. Í kynjafræðitímum er ekki komist undan því að opna fyrir gagnrýna hugarfarið.

María talar um að hún hafi haft verulega góðan kynjafræðikennara sem hafi m.a. boðið henni upp á einu kynfræðsluna sem hún hafi fengið í sínum framhaldsskóla fyrir utan fyrirlestur í jafnréttisviku skólans. Þar var t.a.m. mikið spjallað um klám og muninn á klámi og kynlífi. Hún segir kennarann hafa notað hvert tækifæri sem bauðst til að „troða inn kynfræðslu“ og kunni María vel að meta það. Hún segir umræðuna þá hafa farið fram á opinn og einlægan hátt þar sem nemendur höfðu tækifæri til að taka virkan þátt í samræðunum.

Steinunn hefur svipaða sögu að segja og talar um að hún hafi fengið fræðslu um áhrif fjölmiðla á útlitsdýrkun kvenlíkamans. Hún segir: „Þá sá maður líka svo hvað fjölmiðlarnir stjórna því oft hvað manni finnst flott og þeir láta mann endalaust líta neikvætt á sjálfan sig, þú veist, maður er alltaf að horfa á einhverjar konur sem er endalaust búið að breyta og finnst þær svo flottar. Svo er þetta bara allt búið til og fótósjoppað.“ Steinunn talar um hvernig fjölmiðlar eiga þátt í því að stelpur upplifi að þær séu aldrei nógu góðar og aldrei nógu fallegar. Hún bendir á þá staðreynd að sú ímynd sem gjarnan kemur fram í fjölmiðlum er tálsýn og verulega slæm fyrirmynd fyrir ungar stelpur þar sem aldrei er möguleiki á að ná útlitinu sem er í raun ekki til.

Samantekt

Viðmælendur mínir hafa allar fátæklega sögu að segja um þá kynfræðslu sem þær hafa fengið, hvort heldur sem er í grunnskóla eða í framhaldsskóla. Þó hefur fræðslan í grunnskólanum verið ívið meiri en í framhaldsskólanum. Stelpurnar eru sammála um að sú fræðsla sem í boði var hafi einkennst af því að kenna þeim muninn á stelpum og strákuum með blæðingar og mútur að leiðarljósi. Einnig hafi áhersla verið lögð á það að kynlífi fylgi ábyrgð en þær töldu þau skilaboð hafa verið sett fram á neikvæðan hátt og með engu

mótvægi eins og að kynlíf sé gott og skemmtilegt. Stelpurnar söknuðu þess að fá ekki fræðslu þar sem boðið var upp á samræður og opið og einlægt spjall. Varðandi kynfræðslu frá foreldrum kom ítrekað fram í viðtölunum að dagleg samskipti foreldra og barna skipta meginmáli. Stelpurnar telja foreldra sem almennt ræða ekki við börnin sín um daginn og veginn ekki vera vel til þess fallna að ræða um kynlíf við. Ef samband foreldris og unglings er jákvætt og almennt spjall einlægt og opið þá telja stelpurnar unglingsinn gjarnan vilja ræða kynlíf við foreldrið. Þær telja þó að foreldrarnir eigi að bera ábyrgðina á því að hefja spjallið. Sigga Dögg kynfræðingur náði sérstaklega vel til þeirra stelpna sem á hana hafa hlustað. Hún talar við unglunga á hispurslausan hátt og það kunna stelpurnar vel að meta. Með hreinskilni leiðréttir hún misskilning þeirra og leiðbeinir þeim í rétta átt, til dæmis þegar umræðan berst að klámi og endaparmsmökum. Að lokum kom fram að engin af viðmælendum hefur hlotið jafnréttisfræðslu í sínu grunnskólanámi og aðeins nokkrar þeirra í framhaldsskóla, þar sem allar nema ein völdu kynjafræði í vali. Þær sem hafa setið kynjafræðiáfangana telja allar að þær hafi lært mikið af því og þá einna helst að horfa á gagnrýnin hátt á þau skilaboð sem stöðugt berast frá umhverfinu.

6. Umræður og lokaorð

Í þessum kafla verða helstu niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman og leitast verður við að svara þeim rannsóknarspurningum sem kynntar voru í inngangi ritgerðarinnar. Spurningarnar voru hafðar að leiðarljósi í gegnum allt rannsóknarferlið. Svörin við spurningunum skarast að nokkru leyti þar sem þær snúa allar að upplifun viðmælenda minna á kynlífsmenningu framhaldsskólanema og finir þræðir margvíslegra þátta tengja saman reynslu þeirra. Til upprifunar má sjá spurningarnar hér:

- Hver er upplifun ungra stúlkna á kynlífstengdri orðræðu og viðburðum innan félagslífs framhaldsskólanema?
- Upplifa ungar stúlkur utanaðkomandi þrýsting til að stunda kynlíf og taka þátt í ákveðnum kynlífsathöfnum? Hvaðan kemur sá þrýstingur og hver er birtingarmynd hans?
- Hvernig upplifa ungar stúlkur áhrif kynlífs- og klámvæðingar á kynlífsmenningu framhaldsskólanema?
- Með hvaða hætti upplifa ungar stúlkur kynjajafnrétti í kynlífsmenningu framhaldsskólanema?
- Hvernig upplifa ungar stúlkur þá kynfræðslu og kynjajafnréttisfræðslu sem þær hafa fengið á skólagöngu sinni?

Orðræða og viðburðir

Viðmælendur telja kynlíf nokkuð áberandi í orðræðu og viðburðum innan félagslífs framhaldsskólanema. Margir viðburðir skólanna eru eða geta verið afar kynferðislegir en nánast undantekningarlaust er gert ráð fyrir því að allir séu gagnkynhneigðir. Stelpurnar nefndu Djúpu laugina sem dæmi um kynferðislegan viðburð. Stór hluti spurninga þess leiks fjallar um kynlíf og telja stelpurnar að þó leikurinn geti verið fyndinn og skemmtilegur þá geti skapast kynferðislegur þrýstingur bæði á þátttakendur og áhorfendur sem gjarnan eru nýnemar og nemar á öðru ári. Gert er ráð fyrir því að þeir sem taka þátt í leiknum búi yfir töluverðri kynlífsreynslu og segja þær stelpur sem hafa tekið þátt í leiknum að betra sé að segja ósatt en að viðurkenna reynsluleysi sitt.

Almennt segja stelpurnar að orðræðan sé á þann veg að gert sé ráð fyrir því að flestir framhaldsskólanemar séu farnir að stunda kynlíf. Það er mögulega dæmi um að orðræðan sé ekki alltaf í takt við raunveruleikann, ef tekið er mið af því að í áðurnefndri rannsókn

Rannsóknar og greiningar (2007) höfðu tæplega 38% framhaldsskólanema aldrei stundað kynlíf með öðrum aðila.

Ítrekað kom fram umræða um leik sem kallast *Ég hef aldrei*, en sá leikur þykir vinsæll og er gjarnan farið í hann í bústaðaferðum eða í partýum sem haldin eru fyrir skólaböllin. Stelpurnar segja leikinn alltaf snúast um kynlíf og þær telja að flestir hafi gaman af leiknum því unglingar séu forvitnir og langi til að tala um kynlíf og deila reynslu sinni af því. Slíkt hentar þó ekki öllum og leikurinn getur valdið því að ákveðnir aðilar neyðast til að standa fyrir utan hópinn. Þeir sem ekki hafa kynferðislega reynslu hafa ekki gaman af leiknum og taka jafnan ekki þátt. Þeir eru því utanveltu og getur það valdið ákveðinni útskúfun. Viðmælendur telja einnig að leikurinn sýni hversu sterkur hópurinn er á þann hátt að þeir sem litla reynslu hafa fara að meta sig gagnvart hinum og finni því aukinn þrýsting til að öðlast sömu reynslu. Innan þessa leiks er einnig rými fyrir aðfinnslur í garð þeirrar stelpu sem of mikla reynslu hefur á bakinu. Það telst því jafnslæmt að hafa enga kynferðislega reynslu og að hafa of mikla reynslu.

Útskriftarferðirnar snúast að miklu leyti um drykkju og kynlíf samkvæmt viðmælendum og telja þær að stelpur verði fyrir miklu kynferðislegu áreiti og að þær upplifi mikinn kynferðislegan þrýsting frá strákunum í hópnum. Það er gert ráð fyrir því að allir „sletti úr klaufunum“ í útskriftarferðunum og því allt leyfilegt, eða næstum því allt. Stelpurnar verða að gæta þess að fara ekki yfir strikið. Þær eiga á hættu að vera stimplaðar druslur ef þær „skemmta“ sér með of mörgum strákum.

Stelpurnar segja orðræðu framhaldsskólanema um kynlíf almennt vera á þá leið að kynlíf sé skemmtilegt og gott. Innan hennar er þó talað um og viðurkennt að strákar stundi sjálfsfróun og horfi á klám en ekki er gert ráð fyrir því að stelpur geri það sama, þær eiga allavega að halda því meira fyrir sig. Orðræðan um fyrstu kynmökina er á þá leið að það sé vont fyrir stelpur og því álitid best að drífa það af, jafnan undir áhrifum áfengis. Skrefin frá fyrstu kynlífsreynslunni yfir í töluvert grófari kynlífsreynslu virðast vera ansi fá. „Venjulegar“ samfarir teljast fremur lítið spennandi en það vekur mun meiri athygli og eftirtekt að geta sagst hafa stundað endaðarmsmök eða hafa stundað kynlíf með fleiri en einum aðila í einu. Stelpurnar telja þó að í mörgum tilfellum séu endaðarmsmök ekki eins vinsæl og orðræðan bendir til heldur sé þetta eitthvað sem unglingum þykir gaman að tala um og halda að allir hinir séu að gera.

Stelpurnar segja að vinahópurinn skipti miklu máli og kynferðisleg málefni og kynferðislegar tilraunir snúist gjarnan um það eitt að geta sagt hópnum frá því. Innan hópsins myndast því oft óbeinn þrýstingur, því þeir sem tilheyra viðkomandi hópi leggja sig fram við að öðlast sömu reynslu og hinir í hópnum. Kynlöngun eða forvitni virðist ekki skipta eins miklu máli og það að geta deilt reynslunni með vinunum.

Þrýstingur, kynlífsvæðing og klámvæðing

Eins og áður sagði þá virðist vinnuhópurinn skipta gríðarlega miklu máli á framhaldsskólaárunum. Viðmælendur tala um að hópurinn hafi áhrif á útlit, klæðnað, hegðun og framkomu og er kynlífshegðun þar ekki undanskilin. Stelpurnar segja mikinn þrýsting til að byrja að stunda kynlíf koma óbeint frá reynslu vinnuhópsins. Eftir því sem fleiri úr hópunum eru farnar að sofa hjá þeim mun meiri þrýsting upplifa þær sem enn hafa ekki öðlast þá reynslu. Fyrir vikið drífa þær fyrsta skiptið af og geta þá tekið þátt í samræðum hópsins.

Viðmælendur mínir upplifa sterk áhrif kynlífs- og klámvæðingar í kynlífsmenningu framhaldsskólanema. Þær segja að kynferðislegt efni og kynferðisleg skilaboð leynist í nánast öllu menningarefni unglunga í dag. Stelpurnar nefna sem dæmi tónlistarmyndbönd sem mörg hver snúast að mestu leyti um kynþokka kvenlíkamans og klámtilvísanir en minna fer fyrir tónlistinni sjálfri. Viðmælendur segja að í tónlistarmyndböndum og öðru fjölmiðlaefni sækir stelpur sér fyrirmyndir, sérstaklega varðandi útlit og kynþokka, þrátt fyrir að þær átti sig á því að ekki sé um góðar fyrirmyndir að ræða.

Vegna mikillar kröfu á útlit og kynþokka segja stelpurnar klæðnað unglingsstelpna oft vera eingöngu til þess fallinn að draga að athygli strákanna. Þær upplifa það sem ósanngjarna kröfu samfélagsins að strákar geti t.d. ætíð mætt á böll fullklæddir og teljast smart en þær eiga helst að vera í stuttum kjól, berleggja og með hálsmálið nógu opið til að að brjóstaskoran sjáist vel og greinilega. Þær telja að stelpur séu alltaf í hlutverki sýningargripa fyrir strákana og samkeppnin á milli þeirra er mikil.

Margir strákar virðast leggja sig fram við að uppfylla kröfur samfélagsins um að þeir sanni karlmennsku sína sem kynferðislegir gerendur og þeir þrýsta mikið á stelpur. Þrýstingurinn frá þeim birtist á ýmsan hátt, til dæmis á böllum þar sem þeir ýta á stelpur að koma með sér heim. Stelpurnar segja að þeir leiði hjá sér neitun stelpnanna og haldi áfram að þrýsta á þær í von um að þær skipti um skoðun.

Strákar þrýsta einnig mikið á stelpur að senda sér nektarmyndir og er Snapchat oftast notað í þeim tilgangi. Strákarnir senda gjarnan nektarmyndir af sjálfum sér fyrst, óbeðið, og óska eftir því að fá senda mynd til baka. Viðmælendur mínir segja að stelpum þyki þetta oft óþægilegt og margar kæri sig alls ekki um að fá sendar slíkar myndir, sérstaklega þegar um er að ræða strák sem þær þekkja lítið. Nektarmyndasendingarnar eru þó nokkuð vinsælar og telja sumar stelpurnar það vera skemmtilegt og örvandi að skiptast á slíkum myndum við kærasta sinn. Þær eru þó undir stöðugri ógn af því að myndum sem þær senda sé dreift á fleiri aðila eða þær settar á internetið, þaðan sem ómögulegt getur reynst að ná þeim til baka.

Að endurtaka atriði úr klámmyndum virðist vera eitthvað sem mörgum strákum þykir spennandi og þrýsta þeir á stelpur að taka þátt í því með sér. Endaþarmsmök þykja sérlega

vinsæl um þessar mundir og upplifa stelpurnar töluverðan þrýsting frá strákum að prófa þau. Viðmælendur mínir telja að sumar stelpur langi til að prófa en að margar stelpur láti undan þrýstingi til þess að uppfylla langanir stráksins eða til þess að missa hann ekki frá sér. Þar með leggja þær sínar eigin langanir alveg til hliðar og leika hlutverk hins styðjandi kvenleika. Stelpurnar telja strákana oft ekki átta sig á muninum á kynlífi og klámi og þeir telji gjarnan spennandi að færa athafnirnar af tölvuskjánum upp í sitt eigið rúm.

Frá kláminu hefur einnig sprottið fram sú „tíska“ að fjarlægja hvert einasta kynfærahár í burtu. Stelpurnar upplifa það sem eðlilegt og eitthvað sem nánast allir gera en á sama tíma viðurkenna þær að krafan um hárlaus kynfæri komi frá umhverfinu, vinahópnum og strákunum. Stelpurnar telja það mikla vinnu og vesen að þurfa stöðugt að gæta að hárleysi sínu og benda á að sumar stelpur geti ekki fjarlægt hárin vegna útbrotá sem þær fá. Fyrir vikið eiga þær á hættu að fá á sig neikvæða gagnrýni og jafnvel að strákar hafi ekki áhuga á nánari kynnum við þær.

Jafnrétti kynjanna

Það er alveg ljóst að viðmælendur mínir telja stelpur og stráka ekki sitja við sama borð þegar kemur að málefnum tengdum kynverund þeirra. Sérstaklega er breitt bil milli kynjanna þegar kemur að kynhegðun. Bæði kynin hafa fengið bæði bein og óbein skilaboð frá umhverfi sínu og fjölmiðlum varðandi framkomu tengda kynlífi. Strákarnir hafa leyfi til að leita eftir og njóta kynlífs með eins mörgum stelpum og þeir kjósa. Stelpurnar þurfa að gæta vel að sínu kynferðislega orðspori, það telst ekki kvenlegt að hafa sofið hjá mörgum strákum, það telst druslulegt. Bæði stelpur og strákar eru fljót að dæma og skella skömm á þá stelpu sem talin er hafa farið yfir strikið og sofið hjá of mörgum. Þar sem mikil samkeppni ríkir á milli stelpna varðandi útlit, athygli og vinsældir þá nota þær druslustimpilinn óspart á þá stelpu sem mögulega getur talist keppinautur. Stelpurnar halda að sér höndum og reyna að uppfylla kröfur umhverfisins um hreinleika t.d. með því að fjarlægja skapahárin því þær telja að strákum þykir eftirsóknarvert að ná sér í „hreina“ stelpu. Viðmælendur mínir benda einnig á að meydómur stelpna þygi flottur á kynferðislegri ferilskrá strákanna.

Ójafnrétti kynjanna má einnig sjá þegar talið berst að sjálfsfróun, útliti, klæðnaði og kynfærarakstri. Strákar virðast hafa frjálst val en stelpur eru undir stöðugum samfélagslegum þrýstingi. Strákar tala opinskátt um sjálfsfróun sína en stelpur upplifa að leynd og tabú liggja yfir sjálfsfróun stelpna. Það er ekki viðurkennt á sama hátt að þær leitist eftir kynferðislegri ánægju og unaði eins og þeir.

Þegar kemur að kynferðislegum samskiptum þá standa kynin ekki jafnfætis, strákunum er ætlað að hafa frumkvæðið og völdin og stelpunum er ætlað að laða þá til sín með fegurð og kynþokka og uppfylla svo óskir þeirra.

Fræðsla

Það er ljóst að fræðsla tengd kynheilbrigði og kynjajafnrétti er ekki markviss í skólakerfi landsins. Fræðslan er lögbundin en allur gangur virðist vera á því hvort og hvernig henni er sinnt. Viðmælendur mínir telja þá kynfræðslu sem þær hlutu í grunnskóla hafa í fyrsta lagi verið of sjaldan í boði, í öðru lagi of líffræðilega og í þriðja lagi of neikvæða. Þær söknuðu þess að hafa ekki fengið tækifæri til að ræða um tilfinningahliðar kynlífs, virðingu og samskipti. Þær kalla eftir því að börnum og unglingum verði kennt að kynlíf sé eðlilegt og jákvætt og það sé eitthvað sem hver og einn á að gera á sínum eigin forsendum. Stelpurnar minntust einnig á hversu mikilvægt það væri að ræða við ungt fólk um muninn á kynlífi og klámi, en þær telja marga stráka ekki þekkja þann mun.

Í framhaldsskólum er ekki markvissa kynfræðslu að fá og aðeins boðið upp á einstaka fyrirlestur. Stelpurnar segja þó margar að á fyrirlestri hjá Siggu Dögg hafi þær í fyrsta sinn heyrt fullorðna manneskju tala við unglunga á opinskáan hátt um kynlíf. Þar hafi öllum spurningum verið svarað og ýmisskonar misskilningur varðandi kynlíf verið upprættur. Stelpurnar kunnu vel að meta þá kynfræðslu sem Sigga Dögg bauð upp á.

Kynfræðsla á heimilum er afar misjöfn að mati viðmælenda minna. Almennt samskiptamynstur á heimilinu virðist skipta megin máli varðandi það hvort unglingar vilja ræða um kynlíf við foreldra sína. Stelpurnar telja að foreldrar eigi að hafa frumkvæði og bera ábyrgð á kynfræðslu eða kynferðislegum samræðum við barnið sitt.

Kynjajafnréttisfræðsla er fræðsla sem grunnskólar landsins sinna ekki, engin viðmælandi hafði fengið slíka fræðslu í sínum skóla. Þó nokkrir framhaldsskólar bjóða uppá kynjafræði sem valgrein og tveir skólar landsins hafa kynjafræði að skyldu fyrir alla nemendur skólans. Þær stelpur sem hafa verið í kynjafræði telja kennsluna hafa verið verulega góða og með fræðslunni hafi þær lært að gagnrýna ýmisskonar áreiti sem stöðugt dynur á þeim. Þær sjá hversu mikið félagsmótun samfélagsins hefur áhrif á einstaklingana og hversu kynjað samfélagið okkar er í raun.

Lokaorð

Þar sem rannsóknin er eigindleg er ekki hægt að alhæfa um niðurstöður hennar, en vissulega gefa þær ákveðna innsýn í þann kynferðislega veruleika sem stúlkur á framhaldsskólaaldri búa við í dag. Áhugavert væri að gera samskonar rannsókn á upplifun pilta á kynlífsmenningunni og skoða hvernig þeir upplifa utanaðkomandi áreiti og áhrif vinnuhópsins á kynverund sína.

Það sem vakti sérstaka athygli mína í rannsóknarvinnunni var að viðmælendur mínir koma úr mörgum grunnskólum og níu mismunandi framhaldsskólum en þrátt fyrir það er saga þeirra allra keimlík og speglar vel niðurstöður þeirra erlendu rannsókna sem sjá má í fræðilega kafla ritgerðarinnar. Þótt viðburðir framhaldsskólanna séu misjafnir virðist kynlífsmenningin vera nokkuð svipuð. Kröfurnar eru stífar. Stelpurnar upplifa allar að það sé hárfín lína sem stelpum er ætlað að ganga eftir þegar kemur að kynlífi. Þær eiga að vera kynþokkafullar og vera til í að prófa allt, á sama tíma og þær eiga að líta út eins og hreinar meyjur eða smástelpur án líkamshára eiga þær að senda af sér nektarmyndir og leika eftir klámatriði, en þær mega ekki sofa hjá of mörgum stráku. Drusluskömmin býr handan við hornið og henni er fyrirvaralaust skellt á þá stelpu sem ekki gætir sín. Margar stelpur halda að sér höndum og leyfa sér ekki að njóta kynlífs á þann hátt sem þær vilja af ótta við druslustimpilinn. Þær njóta því í raun ekki þess kynfrelsis sem samfélagið telur þær njóta.

Ég velti því fyrir mér hvort það kynfrelsi sem stelpum er eignað sé ofmetið. Sá stífi rammi sem umlykur frelsi þeirra, sú hárfína lína sem þeim er ætlað að feta og þær þverstæður sem birtast í kröfum til þeirra vekja upp spurningar um hvort þetta kynfrelsi er í raun mýta? Getur verið að stelpur séu stöðugt að reyna að halda jafnvægi á ósýnilegri línu sem einmitt afhjúpar valdaleysi þeirra?

Það er verulegur skortur á vandaðri og markvissri kynfræðslu í grunn- og framhaldsskólum. Það sama gildir um jafnréttismenntun, þrátt fyrir að hún eigi að vera ein af meginstoðum menntunar er hún í skötulíki víðast hvar. Nokkrir framhaldsskólar halda uppi góðri kynjafræðslu en ég tel nokkuð ljóst að grunnskólarnir verði að fara að girða í brók og bæta úr þessum skorti hjá sér. Með vandaðri fræðslu má hvetja stelpur til að kynnast líkama sínum sjálfar, standa með sjálfum sér og stunda kynlíf sér til ánægju og á eigin forsendum.

Kynjafræðsla strax í upphafi skólagöngu og markvisst út hana alla ætti að geta þjálfað börn og síðar unglunga til að horfa á skilaboð samfélagsins með gagnrýnum augum. Bæði stelpur og strákar myndu læra að meta gildi stelpna út frá öðru en bara fegurð og kynþokka. Ef vel væri að fræðslunni staðið tel ég að samfélagið yrði svo mikið ríkara þar sem hver og einn einstaklingur væri metinn að eigin verðleikum en ekki út frá útliti, karlmennsku eða kvenleika. Með því að opna augun fyrir því að ójafnrétti er enn víða falið á Íslandi og taka ábyrgð og bæta fræðsluna verulega, þá eigum við möguleika á því að ná fullu kynjajafnrétti.

Ísland framtíðarinnar ætti ekki að þurfa að setja inn kynjabreytu í hinni alþjóðlegu skýrslu þar sem bilið á milli kynjanna er mælt. Við ættum öll að geta sagt með stolti „*Það er gott að búa á Íslandi, við erum öll 100%, sama hvers kyns við erum.*“

Heimildir

- Aapola, S., Gonick, M. og Harris, A. (2004). *Young femininity: Girlhood, power and social change*. London: Palgrave macmillan
- Ackard, D.M., Kearney-Cooke, A. og Peterson, C.B. (1999). Effect of body image and self-image on women's sexual behaviors. *International Journal of Eating Disorders* 28, 422-429.
- Attwood, Feona. (2006). Sexed Up: Theorizing the Sexualization of Culture. *Sexualities* 9, 77-94. doi: 10.1177/1363460706053336
- Ásta Sigrún Magnúsdóttir. (2015, 20. janúar). Dreifði nektarmyndum af fjórtán stúlku.DV. Sótt þann 10.mars 2015 af: <http://www.dv.is/frettir/2015/1/20/hvers-konar-hefnd-er-thad-EKB1LH/>
- Bartky, S., L. (1998). Foucault, femininity, and the modernization of patriarchal power. Í R.Weitz (ritstjóri), *The politics of women's bodies. Sexuality, appearance and behavior*. New York og Oxford: Oxford University Press.
- Bender, S. S. (1999). Attitudes of Icelandic Young People Toward Sexual and Reproductive Health Services. *Family Planning Perspectives*, 31(6), 294-301
- Butler, J. (2006). *Gender Trouble. Feminism and the Subversion of Identity*. New York: Routledge Classics.
- Bordo, S. (1992). Anorexia nervosa: Psychopathology as the crystallization of culture. Í H. Crowley og S. Himmelweit (Ritstýrur), *Knowing women. Feminism and knowledge* (bls. 90-109). U.K.: Polity Press í samvinnu við The Open University.
- Camoletto, R. F. (2014). Sexual beginners: accounting for first sexual intercourse in Italian young people's heterosexual biographies. Í Feona Attwood og Clarissa Smith (ritstjórar), *Investigating young people's sexual cultures* (bls.81-89). London: Routledge.
- Charmaz, D. (2006). *Constructing grounded theory: A practical guide through qualitative analysis*. London: Sage
- Connell, R.W. (1995). *Masculinities*. England: Polity Press
- Connell, R.W. (1987). *Gender and power*. Cambridge UK: Polity Press.

- Creswell, J.,W. (1998). *Qualitative inquiry and research design: Choosing Among Five Approaches*. (3.útgáfa). London: SAGE publications Inc.
- Crotty, M. (1998). *The foundations of social research: Meaning and perspective in the research process*.London: SAGE publications Inc.
- Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir (2009). *Samskipti foreldra og barna um kynlíf*. Ísland: Landlæknisembættið
- Dines, G. (2010). *Pornland: How Porn Has Hijacked Our Sexuality*. Boston: Beacon Press.
- Esteborg, K. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw Hill
- Escoffier, J. (2007). Scripting the sex: Fantasy, narrative, and the sexual scripts in pornographic films. Í Kimmel, M. S (ritstjóri). *The sexual self: The constructing of sexual scripts* (61-80). USA:Vanderbilt university press.
- Eygló Árnadóttir. (2009). *Ekki benda á mig! Um framkvæmd laga um jafnréttisfræðslu í grunnskólum*. MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Stjórn málafræðideild
- Fine, M. (1988). Sexuality, schooling, and adolescent females: The missing discourse of desire. *Harward Educational review*, 58 (1), 29-53.
- Gill, R. (2008). "Empowerment/Sexism. Figuring Female Sexual Agency in Contemporary Advertising". *Feminism & Psychology*,18(1), 35-60. doi: 10.1177/0959353507084950
- Geertz, C. (1973). *The interpretation of cultures*. New York: Basic books Inc.publishers
- Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. (2011). Kynjakerfið og viðhorf framhaldsskólanema. *Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 12. mars 2015 af: <http://netla.hi.is/greinar/2011/ryn/001.pdf>
- Guðmundur Már Stefánsson og Ólafur Einarsson (ed). *Helstu aðgerðir sem lýtalæknar framkvæma*. Sótt 15.mars 2015 af: <http://www.lytalaeknir.is/adgerdir.html>
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska þjóðfélagið*, 3, 5-18. Sótt 18. mars 2015 af <http://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/35/pdf>
- Hennink, M., Hutter, L. og Baily, A. (2011). *Qualitative research methods*. London: SAGE publications Inc.
- Holland, J., Ramazanoglu, C., Sharpe, S. og Thomson, R. (1998). *The male in the head: young people, heterosexuality and power*. London: Tufnell press.

- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum.
- Internet movie data base (IMDb). (2014). *Free the nipple*. Sótt 04. apríl 2015 af: http://www.imdb.com/title/tt2298394/?ref_=ttpl_pl_tt
- Jón Ingvar Kjaran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2010). „Ég myndi alltaf enda með einhverri stelpu“. Eru framhaldsskólar á Íslandi gagnkynhneigðir? *Netla, Ráðstefnurit Netlu, Menntakvika 2010, Menntavísindasvið Háskóla Íslands*. Sótt 10. apríl 2015 af: <http://skemman.is/stream/get/1946/7807/20400/1/017.pdf>
- Jóna Ingibjörg Jónsdóttir. (2009). Heilbriggt kynlíf, fræðsla og félagsmótun. Í *Kynlíf: Heilbrigði, ást og erótík*. Reykjavík: Bókaútgáfan Opna.
- Katrín Anna Guðmundsdóttir. (2010). „Ég lít ekki svo á að ég sé að breyta þjóðfélaginu“ :Um auglýsingar, jafnrétti og markaðsstarf. MA ritgerð: Háskóli Íslands, Stjórn málafræðideild.
- Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í eigindlegum rannsóknnum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 129-137). Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Rákel Magnúsdóttir. (2014). *Úttekt á félagslífi framhaldsskólanema*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra framhaldsskólanema.
- Kristín Þórarinsdóttir og Rúnar Sigþórsson, (2013). Starfenda- og þátttökurannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 347- 361). Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Kvenréttindafélag Íslands. (2015). *Umsögn um breytingu á almennum hegningarlögum: hrelliklám*. Sótt 22.mars 2015 af: <http://kvenrettindafelag.is/blog/2015/03/02/umsogn-um-breytingu-a-almennum-hegningarlogum-hrelliklam/>
- Landlæknisembættið. (2002). *Brjóstastækkun: Almennar upplýsingar*. Ísland: Landlæknisembættið í samráði við félag íslenskra lýtalækna.
- LaPlante, McCormick og Brannigan. (2010). Living the sexual script: College student's views of influence sexual encounters. *Journal of sex research*, 16, 338-355, Doi: 10.1080/00224498009551090 (Upphaflega var greinin rituð árið 1980).
- Leitenberg, H., Detzer, M.J. og Srebnik, D. (1993). Gender differences in masturbation and the relation of masturbation experience in preadolescence and/or early

adolescence to sexual behavior and sexual adjustment in young adulthood. *Archives of Sexual Behavior*, 22, 87-98.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008

Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975.

Marianna Guðbergsdóttir. (2014). „Að slökkva á eldspýtum í eldhafi”: *Upplifun framhaldsskólakennara af kynjafræðikennslu*. MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Stjórn málafræðideild.

Margrét Erla Maack. (2015, 2. apríl). Brjóstin mín, brjóstin þín (sungið við Knowing me, Knowing you með ABBA). *Kjarninn*. Sótt 04. apríl 2015 af: <http://kjarninn.is/2015/04/brjostin-min-brjostin-thin-sungid-vid-knowing-me-knowing-you-med-abba/>

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2010). *The nordic youth research*. Sótt 26. apríl 2015 af: <http://www.rannsoknir.is/media/rg/skjol/Nordic-Youth-Research-Descriptive-Report.pdf>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011/2013). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011-almennur hluti og 2013 – greinasvið*. Sótt 05. mars 2015 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011/2013). *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011-almennur hluti*. Sótt 05. mars 2015 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-framhaldsskola/>

Mulvey, L. (2003). Sjónræn nautn og frásagnarkvikmyndin, (Heiða Jóhannesdóttir þýddi). Í Guðni Elíasson (ritstjóri), *Áfangar í kvikmyndafræðum*. (Upphafleg grein kom út 1975). Reykjavík: Forlagið

Myers, K. og Raymond, L. (2010). Elementary school girls and heteronormativity: The girl project. *Gender & Society*, 24, 167-188, Doi: 10.1177/0891243209358579

Nútíminn. (2015, 26. mars). Örskýring: Brjóstabyltingin á Twitter. *Nútíminn*. Sótt 04. apríl 2015 af: <http://nutiminn.is/orskyring-brjostabyltingin-a-twitter/>

Plummer, K. (2012). The social reality of sexual rights. Í P. Aggleton og R. Parker (ritstjórar), *Routledge Handbook of Sexuality, Health and Rights* (bls. 45-55). London, New York: Routledge

- Rannsóknir og greining. (2007). Grunnniðurstöður rannsókna: *Kynhegðun ungs fólks á Íslandi og kynferðisleg misnotkun á börnum*. Samstarfsverkefni Barnaverndarstofu og Rannsóknna og greiningar. Sótt 28. mars 2015 af: <http://www.bvs.is/media/rannsoknir-i-bv/Konnun-a-kynferdislegrimisnotkun-gegn-bornum-2007.pdf>
- Rannveig Traustadóttir. (2013). Femínískar rannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 313-327). Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Report of the APA Task Force on the Sexualization of Girls. (2007). Washington DC: American Psychological Association, Task Force on the Sexualization of Girls. Sótt 26. mars 2015 af: www.apa.org/pi/wpo/sexualization.htm
- Russell, D.E.H. (1993). Introduction. Í Diana E.H. Russell (ritstjóri), *Making violence sexy: Feminist views on pornography* (bls. 1-20). New York: Teachers college press.
- Schippers, M. (2007). Recovering the feminine other: masculinity, femininity and gender hegemony. *Theory, Culture & Society*. 36, 85-102.
- Schwartz, P. (2007). The social construction of heterosexuality. Í Kimmel, M.,S (ritstjóri). *The sexual self: The constructing of sexual scripts* (80-93).USA:Vanderbilt university press.
- Sex information and education council of the U.S (1996). *Leiðbeiningar um alhliða kynfræðslu í skólum: Grunnskóli-Framhaldsskóli* (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir þýddi). Kynfræðslumiðstöð Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. (Upphaflega kom bókin út árið 1991).
- Sexuality information and educational council of the United states (SIECUS). (1995). *Consensus statement from the national commission on adolescent sexual health*. New York: Sexuality information and educational council of the United states.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 239-251). Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. (2005). Breast augmentation surgery: Empowerment in the times of pornography. Í Örn D. Jónsson og E.H. Hvíbens (ritstjórar), *Technology in society. Society in technology* (bls. 323-342). Reykjavík: The university of Iceland Press
- Sigríður Dögg Arnardóttir. (2014). *Kjaftað um kynlíf: Handbók fyrir fullorðna til að ræða um kynlíf við börn og unglinga*. Reykjavík: IÐNÚ

- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71-89). Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Sigurlaug Hauksdóttir. (2005). MA-rigerð, *Kynlíf er ekkert grín! Kynfræðsla sem mæður veita unglingum*. Háskóli Íslands: Uppeldis- og menntunarfræði
- Sóley S. Bender. (2013). Samræður í rýnihópum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 299-313). Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Sóley S. Bender. (2006a). Kynlífsheilbrigði: Frá þögn til þekkingar [rafræn útgáfa]. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 4, 46-50.
- Sóley S. Bender. (2006b). Kynlífsheilbrigði: Þörf fyrir stefnumótun [rafræn útgáfa]. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 4, 48-52.
- Sóley S. Bender. (2001). Hvað er kynlíf? *Vísindavefurinn*. Sótt 04. apríl 2015 af: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=1903>
- Sørensen, Anette Dina. (2003). The Mainstreaming of Pornography in Mass Culture, The Third Baltic Sea Women's Conference on „WoMen and Democracy“. Tallin.
- Toerien, M. og Wilkinson, S. (2003). Gender and body hair: Constructing the feminine woman. *Women's studies international forum*, 26, 333-344. Doi:10.1016/S0277-5395(03)00078-5
- Tolman, Striepe og Harmon. (2003). Gender matters: Constructing a model of adolescent sexual health. *Journal of Sex Research*, 40, Doi:10.1080/00224490309552162
- Tyler, M. (2011). *Selling sex short: The pornographic and sexological construction of women's sexuality in the west*. UK: Cambridge scholar publishing
- UNESCO. (2002). *Universal declaration on cultural diversity*. Sótt 10.03 2015 af: http://www.unesco.org/education/imld_2002/unversal_decla.shtml
- Unnur Guðrún Óttarsdóttir. (2013). Grunduð kenning og teiknaðar skýringarmyndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 361-373). Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Yamamiya, Y., Cash, T.F., Melnyk, S.E., Posavac, H.D., Posavac, S.S. (2005). Women's exposure to thin-and-beautiful media images: body image effects of media-ideal internalization and impact-reduction interventions. *Sciencedirect, body image*, 2, Doi:10.1016/j.bodyim.2004.11.001

Þingskjal 668. (2014-2015). Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr.19/1940 (bann við hefndarklámi). Sótt 30. mars 2015 af: <http://www.althingi.is/altext/144/s/0668.html>

Þorgerður Einarsdóttir. (2004). Hið vísindalega er pólitískt. Femínismi sem fræðikenning andófs og baráttu. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (Ritstjórar), *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (bls. 200-225). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Þorgerður Einarsdóttir. (2006). Kynjakerfið: Úrelding í auglýsingu eða viðvarandi kynjahalli? *Rannsóknir í félagsvísindum VII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006* (Úlfar Hauksson ritstjóri), bls. 445-456. Reykjavík.

Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2005). Karlar í útrýmingarhættu? Um stöðu kvenna og karla í framhaldsskólum og háskólum. Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstjórar), *Kynjamyndir í skólastarfi* (bls. 199-219). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2011). Kynjajafnréttisfræðsla í skólum. Hindranir og tækifæri. *Netla: Vef tímarit um uppeldi og menntun*.

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir. (2015, 3. mars). Hið stafræna kynferðisofbeldi. *Stundin*. Sótt þann 10. mars 2015 af: <http://stundin.is/pistill/hid-stafræna-kynferdisofbeldi/>

Walby, S. (1990). *Theorizing patriarchy*. Oxford: Blackwell

World association for sexual health (WAS). (2013). *Working Definitions after WHO Technical Consultation on Sexual Health*. World association for sexual health.

World economic forum. (2014). *The global gender gap report 2014*. Sótt 02. apríl 2015 af: <http://reports.weforum.org/global-gender-gap-report-2014/>

World health organization (WHO) (2001). *WHO regional strategy on sexual and reproductive health*. Kaupmannahöfn: World Health Organization.

Zuckerman, D., Abraham, A. (2008). Teenagers and Cosmetic Surgery: Focus on Breast Augmentation and Liposuction. *Journal of Adolescent Health, 43*,
Doi:10.1016/j.jadohealth.2008.04.018

Viðauki

Hér má sjá viðtalsvísi fyrir einstaklings- og rýnihópaviðtal og afrit af samþykkis- og trúnaðarblaði sem rannsakandi og viðmælendur skrifuðu undir.

1. Viðtalsvísir

Minnispunktur

Byrja á léttu spjalli, jafnvel biðja viðmælanda að segja mér aðeins frá sjálfum sér. Fá þannig innsýn í bakgrunn hans með hans eigin orðum og eins til að fá þægilegt flæði í samræðurnar.

Muna eftirfarandi:

- Segja frá sjálfri mér, rannsókn minni og tilgangi hennar
- Biðja um leyfi til að fá að afrita samtalið og láta vita hvað ég geri við upplýsingarnar
- Lofa fullum trúnaði og nafnleynd og segja viðmælanda að hann muni fá gervinafn í rannsókninni
- Óska eftir því að þátttakandi undirriti samþykkisblað og þakka honum fyrir að vera tilbúinn að ræða við mig
- Það eru engin svör rétt eða röng, heldur er ég að leita eftir upplifun viðmælanda

Viðtalsrammi - Einstaklingsviðtöl

Aldur?

- Hvað hefur þú lokið mörgum árum í framhaldsskóla?
- Hefur þú skipt um framhaldsskóla á tímabilinu? Ef svo er hver er ástæðan fyrir því?
- Fjölskylduástæður / búseta/ sambandsstaða
- Getur þú sagt mér frá félagslífinu í þínum framhaldsskóla
- Hvaða viðburðir telur þú að séu vinsælastir?
- Hvaða viðburði sækir þú helst?
- Telur þú að það sé kynjamunur á mætingu á ákveðna viðburði, hverja þá og hvernig birtist kynjamunurinn?

1. Getur þú sagt mér frá Djúpu lauginni

- Hvernig kom það til að þú ákvaðst þú að taka þátt í henni?
- Í hvaða hlutverki varst þú?
- Hvernig eru spurningarnar samdar?
- Hvernig birtist kynlíf í spurningum Djúpu laugarinnar?
- Telur þú að gert sé ráð fyrir að þeir sem taki þátt hafi reynslu af kynlífi?

- Hver var þín upplifun?
- Hvernig leið þér á eftir?
- Hvernig upplifir þú Djúpu laugina í dag?

2. Þekkir þú Djúpu laugina ?

- Hvernig upplifir þú þann viðburð?
- Hvað telur þú að hafi áhrif á og móti umræðuna um kynlíf innan veggja skólans eða í félagslífinu?
- Hvernig upplifir þú umræðu um kynlíf á meðal jafnaldra þinna?
- Er gert ráð fyrir því að framhaldsskólanemar hafi reynslu af kynlífi?
- Er kynlíf fyrirferðamikið í umræðunni og innan viðburða í félagslífinu?
- Ef já, í hvaða viðburðum helst ?
- Hvernig birtist það?
- Fer þinn skóli í bústaðaferðir ?
- Ef svo er, getur þú sagt mér aðeins frá þeim?
- Er farið í einhverja leiki?
- Ef svo er, getur þú sagt mér frá þeim?

Myndir þú segja að kynlífstengd pressa birtist á einhvern hátt innan félagslífs framhaldsskólanema ?

- Hvernig birtist sú pressa?
- Hvaðan kemur hún?
- Hverjir upplifa pressuna?

Hvaðan koma hugmyndir ungs fólks varðandi kynlíf?

- Telur þú að samfélagsmiðlar hafi áhrif ? Ef já, hvernig þá ?
- Telur þú að ungt fólk horfi mikið á klám?
- Telur þú að klámáhorf hafi áhrif á kynlíf unglinga?

-Útlitskröfur?

- Hvað getur þú sagt mér um kynfærahárarakstur ?
- Hverjar eru helstu áhyggjur stelpna varðandi kynlíf?

- Telur þú að sömu kröfur séu gerðar til stelpna og stráka varðandi kynlíf?
- Telur þú að stelpur og strákar séu með svipaðar langanir varðandi kynlíf?
- Hvernig upplifir þú jafnrétti kynjanna í tengslum við kynlíf unglinga?

-Að hvaða leyti hefur hópurinn áhrif á kynlíf einstaklinga?

Eru ákveðnir þættir kynlífs meira áberandi en aðrir í umræðunni?

-Er eitthvað sem er vinsælla en annað?

-Er eitthvað sem ekki má tala um?

Fannst þér þú fá góða kynfræðslu í grunnskóla?

-En í framhaldsskóla?

-Er eitthvað sem þú hefðir viljað fá meiri eða betri fræðslu um varðandi kynlíf

Við hverja ræða unglingar helst um kynlíf?

-telur þú að ungar stelpur ræði almennt um þessi málefni við foreldra sína?

-telur þú mikilvægt að unglingar fái kynfræðslu heima hjá sér?

Hefur þú fengið kynjafræðslu eða kynjajafnréttisfræðslu í grunn- eða framhaldsskóla?

-Ef svo er hvernig upplifðir þú hana?

Er eitthvað sem þú vilt taka fram sem ekki hefur þegar verið rætt um ? Eitthvað sem þú vilt bæta við?

Þakka kærlega fyrir viðtalið

Muna að reyna að fara dýpra ofan í efni sem skiptir máli, nota H spurningar og opnar spurningar !

Viðtalsrammi - Rýnihópaviðtal

-Aldur og útskriftarár

-Sambandsstaða

-Hvernig birtist kynlíf í viðburðum framhaldsskólanna?

-Mynduð þið segja að kynlífstengd pressa birtist á einhvern hátt innan félagslífs

framhaldsskólanema? Ef svar er já:

-Hverjir upplifa pressuna?

-Hvaðan kemur pressan?

-Hvernig birtist hún?

-Hver teljið þið að áhrif samfélagsmiðla séu á kynlíf unginga?

-Eru ákveðnir þættir kynlífs meira áberandi en aðrir í umræðunni?

-Er eitthvað sem er vinsælla en annað?

-Er eitthvað sem ekki má tala um?

-Teljið þið að ungt fólk leiti eftir vitneskju um kynlíf í gegnum klám?

-Teljið þið að klám geti haft eða hafi áhrif á kynlíf ungs fólks?

Ef svo er, hvernig þá?

-Gilda sömu reglur fyrir stelpur og stráka þegar kemur að kynlífi?

Ef ekki, í hverju felst munurinn?

-Útlitspressa ?

-Hvernig birtist kynlíf í útskriftarferðum framhaldsskólanna að ykkar mati?

-Teljið þið að sömu kröfur séu gerðar til stelpna og stráka varðandi kynlíf?

Ef nei, hvernig þá?

-Hvernig upplifið þið þá kynfræðslu eða kynjafræðslu sem þið hafið fengið?

-Er eitthvað sem þið viljið taka fram eða bæta við?

Þakka kærlega fyrir viðtalið

Muna að reyna að fara dýpra ofan í efni sem skiptir máli, nota H spurningar og opnar spurningar !

2. Samþykkis- og trúnaðarblað

Háskóli Íslands
Félagsvísindasvið
Stjórn málafræðideild
Kynjafræði

Rannsakandi:
Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir
150278-5899

Trúnaðaryfirlýsing og samþykki vegna þátttöku

Farið verður með öll gögn þessarar rannsóknar sem trúnaðarupplýsingar. Þátttakendum verða gefin gervinöfn og öllum gögnum verður eytt að lokinni afritun og greiningu viðtala. Auk þess verður gætt til hins ítrasta að ekki verði unnt að rekja persónugreinanlegar upplýsingar aftur til þátttakenda í meistararitgerðinni. Þátttakanda er frjálst að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem er í rannsóknarferlinu.

Ég undirrituð samþykki hér með að gerast þátttakandi í meistararannsókn um upplifun stúlkna á framhaldsskólaaldri á kynlífsmenningu innan félagslífs framhaldsskólanema.

Dagsetning og staður

Undirskrift þátttakanda

Undirskrift rannsakanda